

ÞÆTTIR

úr sögu Mývatnssveitar

1850 – 1900

Ritað hefur Jón Gauti Pétursson
Gautlöndum í Mývatnssveit
á árunum 1935 – 1960

Geirfinnur Jónsson ritaði upp eftir vélrituðum handritum í eigu barna JGP
Ásgerðar, Böðvars og Ragnhildar.

Vinsamlega athugið að þetta er handrit í vinnslu og ekki til almennrar
dreifingar.

Tillögur um viðbætur og skýringar (í fótnótum) einnig tillögur um myndir eru
vel þegnar:

Geirfinnur Jónsson · Nóatún 15 · 105 R. · 899 2175
tölvupóstur: HlifSigurjons@HlifSigurjons.is.
Sigurður Guðni Böðvarsson · Gautlöndum · 660 Mývatnssveit · 897 7811
tölvupóstur: gautlond@simnet.is

I

Um árferði og afkomu, verzlun og efnahag

Það er einmælt, að fyrir og um miðja 19. öld var árgæzka mikil hér á landi, einkum norðan lands. Frá 1822 – 1859 mun enginn aftakavetur hafa gengið yfir, en stöku sinnum kom þó hafís að landi og lá fram eftir vori eða sumri. Valt þá bjargræði manna og skepna í sveitum þá einkum á því, að vetrar væri mildir eða snjóléttir, því meira var þá treyst á útbeit en mikinn heyskap, enda hvergi almenn skilyrði til að afla nægilegra heyja til að standast mikla innigjafavetur fyrir sauðfé. Er það eitt til marks um veðráttufarið á áðurnefndu tímabili að þá var búið stórum búum á ýmsum heiðarbýlum á Fljótsheiði, eða við hana, austan eða vestan, sem stopult hafði verið búið á um undanfarnar aldir, en sum voru þá reist að nýju. Ekki eru nákvæmar heimildir fyrir hvenær býli þessi byggðust upp, en samkvæmt skilríkjum, sem til hefur náðst, verður þetta vitað um þau býli, sem hér liggja næst.

1. Krákárbakki var byggður upp um 1840.
2. Bjarnarstaðir byggðust að nýju 1842 eða 1843. Höfðu verið í eyði að minnsta kosti frá því um 1700.
3. Stöng byggði Jón Hinriksson upp 1855. Þar var áður sel frá Gautlöndum, enda voru báðar þessar jarðir byggðar úr Gautlandalandi.
4. Stóriás byggðist 1857. Þar var áður selstaða frá Kálfaströnd um eitthvert árabíl.

Tvennt er það einkum sem gamlir menn hafa talið til fágætis um veðráttuna á þessum árum: „Grasárið mikla“, 1846, og „Hundafársvetur“ eða „Góu-páskaveturinn“ 1855 – 1856. Þá var veðurblíða hin mesta, og nálega ekki vetur. Gengu skepnur mjög sjálfala, og er meðal annars svo frá sagt, að á páskum, (eða í góulok) hafi menn sums staðar rekið heim hesta úr heimahögum, og riðið á til messu, eins og á sumardag. Vorið varð þó fremur kalt. Sumarið 1846 kvað hafa verið fágæt spretta á allri jörð, en þó einkum á harðvelli. Svo er sagt að þá hafi verið mýgras á hverjum hól og hrygg í eyjum í Mývatni, og svo í kringum það. Varð heyskapur með afbrigðum víða, þó nýting væri örðug vegna skúra. En af þeim sökum, og svo hlýinda var gras að spretta allt sumarið. Munnmæli þau sem gengið hafa um, að einhverju sinni hafi verið sett saman 400 hesta hey í einu lagi, á Þórunnartóftum í Mikley, hafa sumir viljað tengja við „Grasárið mikla“, en fyrir því eru engar ábyggilegar heimildir, né heldur munnmælasögunni sjálfri.

Á tímabili því sem fyrr getur, blómgaðist mjög hagur bænda hér. Studdi margt til þess, fleira en veðráttan. Verzlun fór allmjög batnandi, er leið að miðju aldarinnar. Kom þá til sigling lausakaupmanna hér á hafnir, en þeir bættu vöruverð töluvert. Þó skifti hitt meiru að menn höfðu þá að jafnaði óskertar afurðir af bústofni sínum, af því eigi komu veruleg harðindaár. Sauðfé gerðist og arðsamara hér en áður, vegna kynblöndunar við Jökuldalsfé, en það var fyrst flutt hingað inn um 1840. Vinnukraftur var þá nægur, og ódýr bændum, enda var þá talsvert starfað að húsa og jarðabótum. Um 1840 hófust hér breytingar í gerð húsa fyrir forgöngu og að eftirdæmi Jóns Jónssonar á Grænavatni (Þorsteinssonar prests frá Reykjahlíð). Voru þá allvíða byggð bæjarhús, er stóðu fram yfir aldamót og einstök hús, sem byggð voru fyrir eða um miðja 19. öld hafa staðið fram á síðustu ár.[Fótnóta: Ritað á árunum 1935 – 1960] Bæjarhúsagerð þessi þótti þá bera mjög af því sem áður var um byggingar, og hefir sennilega mestu munað, að t.d. voru þá flestar baðstofur þiljaðar í hólf og gólf, og að á nokkrum bæjum voru reist alþiljuð stofuhús, í stað skálanna, sem all algengir voru áður, og voru óþiljaðir með öllu, svo sem og var um ýmsar baðstofur. Þó er talið að umbót sú í húsagerð, sem Jón á Grænavatni innleiddi, hafi verið enn gagngerðari og meiri á peningshúsum. Er talið að fjárhús hafi áður verið með jötum við vegg, þröng mjög og lágrest. Má það til marks hafa um gólfrymið, áður fyrr, að í fyrstu garðahúsunum var króarbreiddin þó

ekki nema 4 fet, eða ríflega það, þegar bezt lét, og þóttu þá vera mikil framför, einnig að því er til aukins gólfrýmis tók. Ekki er vitað að heyllöður hafi verið reistar hér fyrr en um þessar mundir, eða um miðja 19. öld, og munu þó lengi hafa verið óvída. Dæmi munu þess, að minnsta kosti á Grænavatni að hlöður frá þessum tíma standi enn, óraskaðar að veggjum.[Fótnóta: um hlöðuna núna, 2010]

Þá var og, eftir 1850, byrjað á jarðabótum nokkrum hér í sveit. Um þær mundir rís hér upp búnaðarfélag, svo og í flestum hreppum S-Þingeyjarsýslu. Höfðu þau skipulegt samband sín á milli, og máttu hreppafélögin fremur kallast deildir í sambandinu. Náðu félagssamtök þessi jafnframt, og engu síður, til verzlunarsamtaka gagnvart kaupmönnum, og svo til annarra félagsmála, og voru þessi síðarnefndu verkefni aðalviðfangsefni sambandsins, er frá leið, en það hélzt við fram yfir 1880. Beint eða óbeint mun það hafa verið fyrir aðild þessara búnaðarsamtaka að á árunum 1852 – 1856 var Sæmundur Eiríksson (fótnóta: Sæmundur bjó síðan að Fellsseli í Kinn og á Íshóli á Tjörnesi, en fór því næst til Ameríku, sbr. Landnámssögu Íslendinga [#í vesturheimi finna REF]), sem numið hafði búfræði í Noregi eða Danmörku, allvíða við plægingu hjá bændum hér í sýslu, svo og eftir hann Metusalem Magnússon, sem síðast bjó að Arnarvatni, en hann hafði einnig numið jarðyrkjustörf utanlands. Er með vissu vitað að hér í sveit plægði Sæmundur til tónauka í Reykjahlíð og á Gautlöndum, og má hafa verið víðar. Á Gautlöndum mun hann hafa plægt alls fulla dagsláttu af óræktarholti, og var engu í það sáð, enda tók fleiri áratugi að það yrði að fullgildu túni. Er svæðið nefnt „Flag“ enn í dag, og bendir til að það hafi lengi verið ógróið. Í Reykjahlíð er óvissa á um stærð hins brotna lands, en í það mun hafa verið sáð byggi eða höfrum í upphafi, og síðan látið gróa upp, sjálfkrafa. Pétur í Reykjahlíð, sem þar bjó frá 1838 – 1904, eignaðist og plóg um þessar mundir, en mun lítið hafa notað hann nema til að plægja garða, enda er haldið að plógurinn hafi verið lítt hæfur til að plægja gróið land.

Búnaðarfélag það er að framan getur, lét framan af gera skýrslur um jarðabætur og fleiri búnaðaratriði, en það féll niður, er frá leið. Á búnaðarskýrslu hér úr hreppi 1858 er talið unnið að vatnsveituskurðum 60 faðma, að túngörðum 345 faðma og að þúfnasléttum 2300 ferfaðma. Á skýrslu þessari eru hér taldir að vera 26 kálgarðar, 22400 ferfaðmar að flatarmáli[#fótnóta, breyta í femetra], eða 2½ dagsláttu. Er það ótrúlega mikil víðátta, en uppskera úr gördum er eigi talin fram, fremur en annar jarðargróði á þeim dögum. Sennilega hafa verið margir garðar á sumum bæjum, því víst má telja að á ýmsum bæjum hafi þeir engir verið, en tala garðanna er jafnhá bæjatölunni, og betur þó. Til garðræktar þessarar mun meðfram hafa verið stofnað fyrir almenna hvatningu yfirvalda, og svo búnaðarsambandsins, sem áður segir frá, en því miður af lítilli þekkingu á skilyrðum hér, eða jafnvel almennustu undirstöðuatriðum, eins og staðarval ýmissa aflagðra garða hér ber vott um. Hvekkust menn því ílla á tilraunum þessum, enda fer tala garða á búnaðarskýrslum hraðfækkandi á næstu árum, ofan í 2 – 5 á árunum kringum 1870, og flatarmál þeirra þá einnig orðið sáralítið. Réttist þetta ekki við fyrr en lítilliga á síðasta áratug aldarinnar. Svo er og um aðrar jarðabætur, að þær fara dvínandi eftir 1860, nema helst túngarðahleðsla. *Færíkviar* eru þá að hverfa úr sögunni, en þær eru taldar að vera á 10 – 12 bæjum, fyrir og um 1860. Búnaðarskýrslur þær, sem hér er vitnað til, greina hvergi frá um umbætur eða mannvirki á einstökum jörðum, heldur einungis í heild í hreppnum, og er viðbúið að nánari heimilda sé hvergi að leita.

Af framansögðu er bert að um og eftir miðja 19. öldina hefur verið ákveðinn framsóknarhugur í bændum hér, í ýmsum greinum búnaðarins. Er það haft eftir Pétri bónda í Reykjahlíð, sem fyrr var nefndur, en hann var á blómaskeiði aldurs síns um þær myndir, að „þá hafi verið gaman að búa“. Þrátt fyrir töluverðan tilkostnað við húsabætur o.fl. glæddist efnahagur manna. Kemur það fram í ritgerð í sveitarblaði um 1880 (aðeins uppkastið varðveitt) eftir Jón Sigurðsson á Gautlöndum, að um 1860 hafi sveitarmenn ekki skuldað í verzlunum, að tveim mönnum undanteknum, og þeir þó lítið, en ýmsir búendur og vinnumenn átt

töluvert af peningum í kistuhandraðanum, „því þó það væri falt til leigu með lágum vöxtum, þá gekk það ekki út“. Nokkuð var þó um lántökur innansveitar, eins og gerðabók „Sparisjóðsins“ er hér starfaði á árunum 1858 – 1864, og síðar verður getið, ber vitni um. Jarðirnar voru nálega allar eign sveitarmanna (sumar í leiguabúð) og þó skuldir hvíldu á sumum þeirra, munu þau lán hafa verið tekin hjá innansveitarmönnum að mestu. Auk þess áttu stöku bændur hér jarðir, eða jarðarparta, utansveitar. Af framtölum kvikfjár og niðurjöfnun fátækraframferis má ráða að efnahagur bænda var alljafn, og vinnufólk átti yfirleitt töluverðar eignir í kvikfé og peningum. Samstæðasta hugmynd um efnahagsástæður sveitarmanna um þessar mundir gefur þó skýrsla, sem gerð var 1858 til að jafna niður eftir skaðabóttagjaldi til Húnavetninga eftir niðurskurð á sauðfé þar, vegna fjárkláðans. Skaðabótaupphæðin, sem greiða bar hér úr hreppnum, nam 786 ríkisdöllum, og átti að greiða hana á 4 árum. Svarar þetta til að minnsta kosti 150 ærverða, eftir þáverandi verðlagi. Samkvæmt verðlagi á þeim tíma lætur nærri að skuldlausar eignir hreppsþúa hafi þá numið:

a.	Í kvikfé (verðlagsskrárverð)	ca 30.000 ríkisd.
b.	Í fasteignum (skuldir fráðregnar)	ca 12.000 ríkisd.
c.	Í útistandandi skuldum og peningum	<u>ca 13.000 ríkisd.</u>
	Samtals	ca 55.000 ríkisd.

Miðað við skattamat á búpeningi nú (1952) og breyttu peningagildi að öðru leyti í samræmi við það, mun ekki ofmetið að leggja 60 krónur á móti hverjum ríkisdal um miðja 19. öld. Samkvæmt því ættu ofantaldar eignir að metast á 3,3 milljónir króna, eftir peningagildi nútímans. Er af því auðsætt, að efnahagsástæður hafa verið merkilega góðar á þeim tíma, einkum þegar á það er litið að efnahagurinn var furðu jafn, örbirgð nálega hvergi, og skuldir ekki þjakandi.

„Fellisveturinn“, 1858 – 1859, gerir sviplegan enda á þessari gullöld. Hið beina tjón af fjárfellinum þetta eftirminnilega vor, kemur gleggst fram af skýrslu þeirri er lagt var fyrir hreppstjóra að gefa sýslumanni um skepnutjónið, og hér birtist afrit af, en jafnframt henni er hér einnig sett skýrsla um búpeningseign hreppsþúa vorið 1958, eða vorið fyrir fellisveturinn. Til að gera skýrslu þessa umfangsminni eru allar tölur tilfærðar í einu lagi fyrir hverja jörð, en eigendur voru mun fleiri. Á framtalsskýrslunni 1858 eru þessar tölur ósundurliðaðar fyrir hreppinn: Hross alls 240, geitfé 90, ómálbærar kýr 45 (sennilega ungvíði að auki).

Skýrsla um búpeningseign vorið 1858

Jarðir	mjólkur- kýr	ær	sauð- ir	gemi- ingar	sauðfé alls	
1.	Hofstaðir	2	70	40	50	160
2.	Geirastaðir	1	50	34	36	120
3.	Vindbelgur	2	60	18	29	107
4.	Ytri-Neslönd	2	36	15	20	71
5.	Syðri-Neslönd	2	63	26	42	131
6.	Grímsstaðir	2	83	42	42	167
7.	Hrauney	1	18		12	30
8.	Reykjahlíð	3	119	41	53	213
9.	Vogar	3	101	38	64	203
10.	Geiteyjarströnd	3	64	30	40	134
11.	Kálfaströnd	2	76	46	52	174
12.	Garður	3	96	60	60	216
13.	Grænavatn	5	201	100	124	425
14.	Skútustaðir	3	126	59	90	275
15.	Álftagerði	2	66	10	48	124

16.	Haganes	2	47	10	27	84
17.	Arnarvatn	2	106	18	83	207
18.	Sveinsströnd	3	110	40	76	226
19.	Litlaströnd	2	92	50	70	212
20.	Baldursheimur	3	90	45	58	193
21.	Krákárþakki	1	116	52	36	204
22.	Bjarnarstaðir		48		32	80
23.	Gautlönd	2	161	76	106	343
24.	Helluvað	2	102	48	55	205
25.	Stöng	1	58	6	44	108
26.	Hörgsdalur	2	68	16	46	130
	Alls	56	2227	920	1395	4542

Skýrsla um skeppnufellir vorið 1859

	Jarðir	hross	ær	sauð-ir	gempl-ingar	sauðfé alls
1.	Hofstaðir	2	40	12	38	90
2.	Geirastaðir		8		11	19
3.	Vindbelgur		37	11	21	69
4.	Ytri-Neslönd	1	20		16	36
5.	Syðri-Neslönd		30	5	20	55
6.	Reykjahlíð		14		6	20
7.	Vogar	2	54	12	29	95
8.	Geiteyjarströnd		25	7	10	42
9.	Kálfaströnd		59	11	24	94
10.	Skútustaðir			10	10	20
11.	Álftagerði		22		14	36
12.	Haganes		24		12	36
13.	Arnarvatn		6		4	10
14.	Sveinsströnd		18	6	16	40
15.	Litlaströnd		3	3	4	10
16.	Gautlönd		2	2	6	10
17.	Helluvað	6	60	16	34	110
18.	Hörgsdalur		50	7	40	97
	Alls	11	472	102	315	889

Eigi verður neitt með öruggri vissu vitað um viðbúnað manna hér við þessum vetri. Ætla má að heyfyrningar hafi getað verið allmiklar frá undangengnum góðæriskafila, en vafalaust hafa þær verið ærið misskiftar. Í „Árferði Íslands“[#REF] er talið að vorið 1858 hafi verið slæmt, því hafís var þá við Norðurland, og má því vera að hey hafi þá sumstaðar gefist upp. Grasvöxtur var talinn sæmilegur 1858, en heyskapartíð köld og örðug, og nýting heyja slæm á Norðurlandi. Að sögn Jóns Hinrikssonar setti niður fádæma snjó hér í septemberlok, en hann tók þó upp mánuði síðar, og mun hafa verið sæmilegt til jarðar fram yfir nýár. En með Þorrabyrjun kvað hafa gengið að með snjókomur og harðviðri, og hélt svo fram með ótíð og jarðbönn fram á Páskahelgi í fyrstu viku sumars. Snjóþyngsli munu þó ekki hafa verið eins mikil og dæmi finnast til, því á stöku bæjum náðist til að „sigða“ skógarlim og flytja heim handa skeppnum. Voru leggirnir barðir með sleggju og nýttist þá handa sauðfé og hestum, en sums staðar er talið að hross hafi nagað upp með öllu stallfjalir og annað timbur er þau náðu til í hesthúsum. Hey voru víða þrotin með öllu áður en til bata brá. Þá bjó Páll Guðmundsson (Pálssonar frá Litluströnd) á Helluvaði, og hafði hann 40 fjár á beitarhúsum á Steinbogatóttum. Hann þraut alveg hey á góu. Opnaði hann þá beitarhúsið fyrir fénu, svo ráðast mætti hvort það drægist út sér til bjargar, ef sviáði. En svo lauk að það fé drapst allt, og flest inni í húsinu, en í heimahúsum

skrimti eitthvað af. Aðrir tóku að skera fé, er mest svarf að, og er talið, að einkum hafi verið til þess brugðið á laugardaginn fyrir Páska, svo skepnurnar yrðu ekki hungurmorða á hátíðinni. Var þá stórhrið, en á Páskadaginn brá til bata. Var hann talinn svo hagstæður, að hver skepna hefði lífi haldið, sem lifði til þess tíma. Það mun þó allmikið orðum aukið, og víst er um að sums staðar var 1/3 – 1/2 lamblaust af ám þeim, sem lifðu af vorið.

Samkvæmt framanritaðri skýrslu um fjárfellinn er útlit fyrir að nálega 20% af sauðfé hreppsþúga hafi fallið þetta vor. Er þá að vísu miðað við fjártöluna vorið 1858, og gengið út frá að svipuð fjártala hafi verið sett á haustið eftir. En fjárfellirinn hefur án efa verið nokkuð meiri en skýrslan sýnir, því hér greinir aðeins frá fjárfelli bænda, en húsmenn og vinnufólk átti töluvert af fé, og má ætla að það hafi ekki orðið betur úti að tiltölu. Til þess bendir einnig að tala framtalins sauðfjár í hreppnum vorið 1859 er einu þúsundi lægri en vorið áður, og má búast við að fjárfellirinn hafi í raun réttir ekki verið minni en þeim mismun nemur. Auk þess hefur verið stórkostlegt afurðatjón á þeim fénaði sem eftir lifði.

Eigi leynir það sér að fjárfellirinn hefir gengið misjafnt yfir. Á sjö bæjum hefur fallið helmingur fjár og þar yfir, allt að þrem fjórðu hlutum. Á 5 bæjum hefir fallið 1/5 – 2/5 af fjáreign manna, en á 6 bæjum, sem fé hefir þó fallið á, nemur þetta frá 3 – 16 kindum af hundraði hverju. Á 8 bæjum er eigi talið að hafi fallið fé. Lítið mun hafa kveðið að því að menn miðluðu heyi hver til annars, þó misjafnt væri stæðir, enda fáir svo staddir að þeir gæti látið úti hey, nema stofna sér um leið í bersýnilegan voða. Voru menn og mjög fastheldnir á hey í þá daga, jafnvel þó nægtir væri til, og lánuðu ógjarnan nokkuð til dráttar, nema helst handa kúm á vorum, eftir að fram úr sá með aðrar skepnur. Má ætla, að svo hafi og gert verið þetta vor, því eftirtektarvert er að hvergi eru kýr taldar hafa fallið.

Þó tregða mikil væri talin á að fá heylán í harðindum, áður fyrr, viðgekkst hitt eigi sjaldan, að þeir, sem fyrst urðu í heyþroti, „ráku út“ fé sitt og kjálkuðu niður, fáum kindum á bæ, eftir því sem húsrúm og hjartalag leyfði. Helst voru það húsmenn, eða aðrir sem fátt áttu, sem þessi aðferð gat orðið að liði, og að sjálfsgöðu ekki margir í senn. Eitthvað lítið eitt mun hafa verið rekið út þennan vetur. Víst er um það að Jón Hinriksson, sem þá var nýbúinn að reisa bæ og bú á Stöng, bætti í hús sín, eins og rúm leyfði, og þó í bæjarhús til viðbótar. Var hann þrátt fyrir það vel sjálfbjarga með hey, enda þurfti þess með, því ekki tók upp þar í heiðinni fyrr en um fardaga, þó brátt leysti snjóinn ofar í sveitinni.

Í frásögu er það fært að Jón Jónsson bóndi í Garði fyrnti heykubb nokkurn þetta vor. Ekki er getið hversu mikið hey það var. Einhvern tíma fyrir slátt um sumarið hafði búhöldurinn Halldór Þorgrímsson á Bjarnarstöðum í Bárðardal, mágur Jóns, komið í Garð. Kvað hann þá svo að orði við Jón, er hann sá heykubbinn, að „þá sjón hefði hann séð ljótasta á því vori.“ Mátti hann gilt úr flokki mæla, því hann hafði skift margra ára fyrningum sínum upp milli sveitunga sinna, þetta vor og bjargað þeim þannig frá tjóni og hneisu af fjárfelli.

Betri undirtektir en heylán fékk það jafnan í harðindum að taka fé á jörð, ef nokkurs staðar var að hafa, og var það oft helsta bjargráðið. Tíðast mun hafa verið farið með fé í Reykjahlíð, jafnvel austur á Dalsel, í þessu skini, en einnig á Kálfastrandarhellra, í Geirastaði og víðar. Helst mun hafa verið farið með sauði í þessar útgerðir, en naumast öðru fé fært að vera gjaflaust til lengdar, þegar lítil jörð var uppi.

Það lætur að líkindum að fjárfellirinn 1859 olli hér mjög miklum efnahagshnekki. Biðu sumir bændur þess áfalls aldrei bætur í sínum búskap, og nokkrir urðu sveitarþurfar, eða því sem næst. Nokkur fjölgun varð að vísu á bústofni í heild sinni, strax á hinum næstu árum, en eigi var það fyrr en um 1880 að fjártala hreppsþúga náði framtalinu frá 1858, en bæði hross og nautgripir var færri. Hins er líka að gæta í þessum samanburði, að bústofnseignin, og þar með efnahagurinn, var misjafnari en áður, auk þess sem verzlunarskuldir manna hafa farið vaxandi, þó eigi séu fyrir því full gögn. Voru og á þessu tímabili ýms harðæri og áfallaár um fénaðahöld. Varð það fyrst veturinn 1866 – 67. Er svo talið í

upplýsingum hreppstjóra að á tímabilinu frá nóvemberlokum 1866 til fardaga 1867 hafi misfarist hér vegna fódurskorts 10 hross (sennilega fallið á Fjöllum), 116 kindur og geitur og 213 unglömb. Ekki er sú skýrsla nánar sundurgreind. Þá var það haustið 1869, að fjárheimtur af fjalli voru ægilegar, því samkvæmt gerðum skýrslum nema vanheimturnar 450 fjár í hreppnum. Mun nokkru hafa valdið að 12. október um haustið gerði á auða jörð, einhvern mesta aftakabyl, er hér fara sögur af, og má búast við að fé hafi þá farist í afréttum, það sem eftir var þar. (Bændur sátu hreppamót þennan dag, og fékk bylurinn nafn af því hér og kallaður „Hreppamótsbylur“. Hefi ég sögur ýmsra eldri manna fyrir því að hann brast á í einni svipan síðdegis, og talið var að helmingur fundarmanna hafi ekki náð heim um kveldið. Ekki er getið um slysfarir hér í byl þessum, en skipskaðar urðu víða um land.) Í byl þessum fennti fé á hverjum bæ meira og minna. Fórust alls í fönn 422 kindur og fannst rúmur helmingur af því dautt um haustið, en hitt ekki fyrr en á vordögum eða aldrei. Skýrsla greinir ekki frá því hvað hafi fundist lifandi í fönn, en það mun hafa verið tiltölulega fátt. Vanhöld á fénu hafa því alls numið 800 – 900, og munar um minna, þó betur kæmi þetta við en fjárfellir að vori. En þetta var ekki einsdæmi því haustið 1872 er talið að vantað hafi 300 fjár af fjalli hér í sveit, og vorið fyrir (1872) var eitt með þeim allra verstu á 19. öld. Veturinn var einnig harður og heyjafrekur. Samkvæmt ósundurgreindum heimildum um fjártjón þetta vor er talið að hér hafi þá misfarist vegna harðinda: ær og sauðir 255, gemlingar 215, eða alls 470 fullorðins fjár. Auk þess 630 vorlömb svo alls hafa menn misst um 1400 fjár á því vori og hausti án nokkurra nytja. Lambadauðinn mun einkum hafa orðið í stórhriðarbyl er gerði í maílok eða við lok sauðburðar.

Í öðrum víðtækari heimildum er svo frá skýrt að þetta vor hafi fallið yfir 10 þúsund ær (eldra fé) og lömb hér í Þingeyjarsýslu, og sumir bændur orðið nær sauðlausir (sbr. Árferði Íslands II. bindi bls. 291). Voru þá bjargræðishorfur manna í þessu héraði orðnar svo bágar, eftir fjármissi og önnur áföll, að Jón alþingismaður á Gautlöndum gekkst fyrir því, að efnt var til samskota víða um land til hjálpar bágstöddum héraðsbúum. Var þá ekki orðinn síður að leita til ríkissjóðs, þó vandræði steðjuðu að, enda tilgangslítið, þó reynt hefði verið. Samskotin fengu góðar undirtektir, eftir bréfum til Jóns Sigurðssonar að dæma, og söfnuðust alls 1875 ríkisdalir úr 10 sýslum. Svarar það til 300 – 400 ærverða, eftir gangverði þá, og má af því ráða, að þetta var eigi svo litlir fjármunir, þó skammt hafi náð til bóta á áföllnu tjóni. Af samskotalupphæðinni gengu 220 ríkisdalir til Skútustaðahrepps, en engin greinargerð finnst nú fyrir útdeilingu hér.

Í sambandi við það sem hér var sagt um illar fjárheimtur úr afrétt, tvö tilgreind haust, er rétt að geta þess, að samkvæmt minnisbók Jóns á Gautlöndum um fjártölu hans, heimtur, fjárhöld o.fl., sem hann hélt samfleytt í 30 ár, virðast heimtur að jafnaði hafa verið mun verri en nú gerist, og það engu síður á geldfé en hagalömbum. Eins var árlega tilgreind mikil vanhöld á fé vegna ýmiskonar kvilla. Vatnssótt, höfuðsótt og skitupest (einkum á lömbum) eru algengustu kvillarnir. Bráðapest er varla nefnd, eða lungnabólga. Tvisvar er getið um að ær hafi farist af „horslysum“ tvær í hvort skifti, að vori til. Má af því ráða, að þær hafi ekki mátt við miklu, þó af lifði veturinn. Munu þó fjárhöld hjá Jóni hafa verið betri en í meðallagi, eftir því sem hér gerðist, og aldrei virðist hann hafa orðið fyrir tilfínanlegum fjármissi eða lambadauða í harðindavorum. Af upplýsingum hans um vanhöld á fé hans vegna kvilla verður vitanlega ekki örugglega ráðið, hversu algengir þeir hafi verið, almennt, en víst gefur það fullan grun um að vanhöld fjár á veturnum hafi verið töluvert meiri en nú. Er og mælt að fjármargir bændur fengust ekki um þó kind og kind „hrykki upp af“. Var þá yfirleitt stundað upp á að hafa höfðatöluna mikla, og eiga þannig fyrir vanhöldum.

Frá 1872 og fram yfir 1880 var sæmilega hagstætt árferði. Þó sést á ritgerðum í sveitarblöðum, og eftir öðrum heimildum, að stundum hefir þó staðið tæpt um heybirgðir hér, en þó aldrei valdið verulegum áföllum. Frá 1881 – 1888 mátti teljast samfelldur harðindakafli, þó áramunur væri. Var ýmist að vetrar voru harðir og heyjafrekir, eða grassprettu brást á sumrum, og stundum fór þetta saman,

eins og til dæmis 1886 – 1887. Þó voru árin 1882 og 1885 meiri hnekkisár fyrir búskap manna. Fyrri árið (mislingasumarið svokallaða) var ís hér við land fram í byrjun september, og tíðarfar þannig um sláttinn að alsnjóa varð í byggð að minnsta kosti einu sinni í viku hverri, en sum áföllin stóðu svo dögum skifti. Fór þá allt saman ótíð, veikindi, grasbrestur, málnytuleysi og vöruskortur því siglingar tepptust af ís. Var safnað skýrslum um verkföll af veikindum og óveðrum um heyskapartímum þetta sumar hér í sveit, svo og um heyfeng þá og um sumarið næsta fyrir til samanburðar. En nú finnst ekki skýrslan um þetta fyrir kjálkann neðan við Kráká. [#fótnóta um kjálka] Í hinum sveitarhlutunum eru áhöld um tölu verkfallsdaga af völdum hvors um sig, veikinda og ótíðar. Sé gert ráð fyrir að veikindin og mesta ótíðin hafi staðið yfir í 6 – 7 vikur, lætur nærri að verkfall hafi verið annan hvorn dag til jafnaðar af þeim tíma, fyrir allt starfsfólk á þeim bæjum, sem skýrslugerðin náði til. Alls eru tilgreindir 1834 verkfallsdagar en starfsfólk við heyskap rétt um 100 alls. Tölur þessar hefðu verið allt að þriðjungi hærri, ef skýrslurnar hefðu náð til allra bæja í hreppnum. Að vonum varð heyfengur harla rýr, bæði að vöxtum og gæðum. Samanburður við fyrri ár ber með sér að heyaflinn 1882 hafi verið 1/3 minni, á bæjunum, sem skýrslan nær til (Á Geiteyjarströnd er taða og úthey til samans talið 27 vættir). Búnaðarframtal frá sömu bæjum um haustið telur heyfenginn miklu meiri en á verkfallsskýrslunum, eða næsta lítið minni en árið áður, en það getur engri átt náð.

Ef tölur verkfallsskýrslunnar um heyfenginn, sem jafnframt voru ásetningsskýrslur, framkvæmdar af tilkjörnum mönnum þetta haust, eru lagðar til grundvallar, gat ásetningur 1882 að meðaltali á þeim bæjum, sem þessi skýrsla náði til, verið á þessa leið:

Handa kúm	50 vættir að meðaltali
handa hrossum	10 vættir að meðaltali
handa sauðfé (öllum tegundum)	vætt að meðaltali

Fyrningar eru hér taldar með til ásetnings, en þær eru að vísu harla litlar. Ekki verður talið líklegt að sá sveitarhlutinn, sem skýrslur vantar úr, hafi bætt um ásetninginn í heild, þegar tillit er tekið til lakari útbeitarskilyrða þar. Þetta slarkaðist þó af, því næsti vetur var snjóléttur, en sparlega hefir þurft að gefa, til þess að heyin gæti treint. Ef til vill hafa þau í rauninni verið drýgri en talin voru, því margir höfðu þann sið áður fyrr, að „leggja vel í“ um heyjatal sitt, og er það að vísu ekki að lasta.

Samkvæmt búnaðarskýrslum hefir sauðfjáreign hreppsþúa minnkað um fast að 20% frá vori 1882 til vors 1883, og mun það alls ekki hafa verið fyrir fjárfelli, eða sérstök vanhöld, heldur hafa menn gert þessa fækkun haustið 1882 vegna fódurskorts. Nautgripir virðast þó hafa fækkað enn meir að tiltölu, en hrossum lítið, enda var öllum þorra þeirra ætlað að bjargast í útigangi hvern vetur, og þá að langmestu leyti á Austurfjöllum. Var fast skipulag á um göngur þangað til eftirlits með hrossunum, og svo til að taka úr þau sem lökust voru, eða taka þurfti til brúkunar. Oftast voru gerðar þrennar göngur á vetri, en stundum fleiri. Flesta vetur munu fleiri eða færri hross hafa gengið þar af.

Eftir misæri það, sem nú var sagt frá, var efnt til samskota í Englandi, fyrir framgöngu Eiríks Magnússonar, til hjálpar þeim héruðum, sem versta útreið höfðu þá hlotið hér á landi. Var samskotafénu að mestu varið til kornvörukaupa, og þær sendar hingað upp. Skútustaðahreppi úthlutaðist af því um 200 vættir af kornmat, og að auki um 250 kr. í peningum eða alls rúmlega 1800 kr. virði. Eftir fyrirmælum utan að virðist helst hafa átt að skifta þessu upp beinlínis eftir manntali. Ber og skifting hér með sér að menn hafa talið sig eiga rétt á gjafakorninu eftir höfðatölu, en ýmsir bjargálana bændur virðast með öllu hafa gefið eftir sinn hlut, og í notum þess fengu ýmsir fátæklingar mun meira en að beinni tiltölu - jafnframt því að 60 vættir af gjafakorninu voru lagðar í *fordabúr*. Þetta forðabúr var eign hreppsins frá upphafi, og er því einkennilegt, að engin sveitarsamþykkt sést bókuð um stofnun

Þess. Liggur nærri að álykta að stofnunin hafi verið gerð af þeim einstaklingum, sem gáfu eftir hlutdeild sína í gjafakorninu, en engin bein sönnun er þó til fyrir því. Þess er ekki að dyljast að nokkrir sémilega stæðir bændur, og vel það, virðast hafa skorist úr leik með eftirgjöf þessa, en margir voru þeir ekki.

Upphaflega var forðabúrið stofnað til tryggingar gegn kornvöruskorti til manneldis, en er stundir liðu var það engu minna, og jafnvel fremur notað sem fódurforðabúr. Þeir sem lán fengu greiddu vexti af því, ýmist í korni, um leið og þeir skiluðu, eða í verði. Jókst þannig stofninn smám saman. Á eignaskrá hreppsins um aldamótin 1900 eru taldar 45 tunnur af korni í forðabúrinu, og hefir því forðinn aukist um 50% frá stofnun þess. Um 1920 var kornforðinn seldur og eign forðabúrsins notuð til stuðnings fódurbirgðafélagi, sem að vísu starfar með sama markmiði og kornforðabúrið gerði hina síðari áratugi.

Annað mesta hnekkisárið á þessum áratug var 1885. Þá var vetur harður og snjóþungur, og vor þó verra. Jarðbönn var að vísu eigi með öllu, er fram á vorið kom, en sífeld snjóhret og harðindi. Vorleysingar urðu ekki að marki fyrr en undir miðjan júní, og var fram að þeim tíma hægt að komast á snjóbrúm yfir gil og læki á alfaraleiðum hér um slóðir. Þó mun vorhretunum ekki hafa verið lokið, því í minnum er það haft að rúna gemlinga fennti á Bjarnastöðum seint um vorið. Spretta varð ekki í versta lagi, en heyskapartíð hin örðugasta. Ofan á aðra örðugleika bættist svo það að gjaldeyrisvara bænda féll hastarlega í verði á útlendum markaði, eða um nærfellt 40%, frá því sem verið hafði undanfarin ár, án tilsvareandi verðfalls á aðfluttu, og þrengdi þetta að vonum mjög að afkomu manna.

Sumarið 1886 var grasbrestur mikill og nýting heyja ill í ofanálag. Ennfremur skemmdust hey af leka í heyrúmum, að sögn skoðunarmanna, er fóru um hreppinn um haustið. Samkvæmt skýrslum þeirra voru allar heybirgðir hreppsúa tæpar 10 þúsund vættir, og töldu þeir meðalásætning í hreppnum þá vera:

handa kúm	50 vættir
handa hrossum	10 vættir
kálfum og geldneytum	10 vættir
ám	1½ vætt
lömbum	1½ vætt
sauðum	1 vætt

Merkilegt má það telja að þessar heybirgðir skyldu endast mönnum næsta vetur. Var hann að vísu gjafléttur fram að nýári, en þaðan af var hann allharður, og vorið slæmt, enda þá ís við land fram eftir sumri. Þó er ekki getið um áföll eða vandræði af harðindum það vor.

Frá þessum tíma til aldamóta var árferði yfirleitt viðunandi, og áfallalaust um fénaðarhöld, að því er séð verður. Stóð þó mjög tæpt um það bæði vorið 1892, og einkum vorið 1899. Var það kallað „lognsnjóavor“. Var þorri bænda mjög þrotinn með hey er batinn kom, hálfan mánuð af sumri. Var þá sem oftast að Austurfjöll björguðu, því nokkru fyrir sumarmál var brotist með svo að kalla hverja gelda kind úr hreppnum austur á Glæður, og af því staðviðri voru og sólfar, tóku melhnausar þar að roðna og reiddi þessu vel af. Mun þá nær helmingur allrar fjártölu í hreppnum hafa verið geldfé.

Þó merkilegt megi teljast, verður helst að ætla að áður fyrr hafi ekki að jafnaði verið rekið fé á Austurfjöll til að bjarga því í vorharðindum. Til dæmis bendir ekkert til að þangað hafi verið farið með fé fellisvorið 1859. Hinsvegar segir Jakob Hálfðánarson á Grímsstöðum frá því í endurminningum sínum að það vor hafi verið gerðar snjóborgir á tveim stöðum út í Grímsstaðaheiði, alls fyrir um 400 fjár (margt af því aðkomið) og eins telur Jón Hinriksson að þá hafi verið farið með sauði úr Gautlöndum austur á Dalsel, og úr Hörgsdal upp á Kálfastrandarhellra, auk þess sem mikill fjöldi aðkomufjár (1100) hafði þá verið í Reykahlíð. Allt hlýtur þetta að miðast við tímunn *eftir að batinn kom*, því fram að þeim tíma var, að allra sögn, bæði jarðbönn og harðviðri, svo þessar útgerðir hafa naumast komið til mála. En þetta og fleiri munnmæli sýna það, að ekki hefir þá verið rekið fé á Austurfjöll

snemma vors. Harðindavorið 1872 mun aftur á móti hafa verið farið þangað með eitthvað af geldfé. Þá hafði t. d. Jakob á Grímsstöðum og faðir hans látið liggja í tjaldi við fjárgeymslu í Borgarmel í hálfan mánuð, en reka síðan heim, er um rýmkaði þar. Er svo að skilja að frá fleiri bæjum hafi þá verið legið við tjöld yfir fé á Austurfjöllum, en ekki greint frá hvort farið hafi verið með það fé ofan í sveit, er svíaði, eða sleppt þar fram að rúningi. Á seinustu áratugum aldarinnar og lengi síðan var sú venja að mikill þorri bænda rak ávalt geldfé á Austurfjöll, svo snemma vors sem fært þótti, en jafnan fleiri, því verr sem þá horfði með heybjörg, eða beit heima. Þá var og iðulega rekið geldfé úr Reykjadal, Aðaldal og Reykjahverfi til bjargar á Austurfjöll, jafnvel svo mörgum hundruðum skifti sum vorin. Voru þá jafnan gerðar skipulegar göngur um alla Austurafrétt til að ná geldfé saman til rúnings á hæfilegum tíma.

Svo virðist sem Austurfjallaafrétt hafi ekki verið í jafnmiklum metum fyrr á tímum, sem síðar varð. Bendir það ótvírætt til þess, að um nokkurt skeið að minnsta kosti á 19. öld, ráku ýmsir bændur, sem beinast lá við að nota Austurfjöll, eins og Pétur í Reykjahlíð, hagalið sín á Framafrétt, allt suður á Framdali. Kemur þetta fram í slitrum af fjallskilaniðurfjöfnun, sem varðveitt hafa, en þær ná ekki yfir svo langan tíma, að séð verði um upphaf eða endi á þessari ráðabreytni. Er torvelt að finna sennileg rök fyrir þessu, nema þá ef gróðrarfarsbreyting hafi valdið, en engin gögn eru fyrir slíku. En hinu verður naumast hnekk að fyrir 80 – 100 árum þótti gildi Austurfjalla aðallega liggja í hestagöngu þar á vetrum.

Eins og að líkum lætur hafa mönnum orðið harðærin á öllu þessu tímabili minnisstaðari en góðærin, enda sennilega næsta fá, sem þá einkunn gæti hlotið. Þó er í minnum haft um sérlega góðan vetur 1879 – 1880, og eftir hann kom svonefnt „hitasumar“, sem varð ærið hagstætt til heyskapar, en spretta lítil nema á votengjum. Þetta góðæri mun hafa veitt nokkurn bakhjarl í upphafi þess harðindakafla, sem í hönd fór, en var þó fyrst og fremst notað til að auka bústofninn, svo meira varð í hættu, þegar að herti. Annað góðæri varð 1893 – 94. Vorið 1893 kom snemma, og varð sérlega hagstætt. Er talið að jörð hafi þá gróið mánuði fyrr en venja er til. Grasspretta mun þó ekki hafa verið að sama skapi, en nýting öll sæmleg. Næsti vetur var í bezta lagi snjóléttur, og er haft fyrir satt, að hefyfyrningar vorið 1894 hafi verið meiri og einkum almennari en menn mundu til áður, þó engar séu skýrslur til um það.

Í sambandi við þátt þann, sem hér hefir verið rakinn um árferði og skepnuhöld, er rétt að geta um ýmsar dreifðar upplýsingar, sem fyrir finnast um viðbúnað manna og almenn afskifti, af heyásetningi í hreppnum á ýmsum tímum. Þó finna muni mega þess dæmi að afskifti væri höfð af ásetningi bænda fyrir 1860, mun það þó einkum hafa verið eftir fellivorið 1859, að því var verulega gaumur gefinn og þó því aðeins að sérlega illa horfði um haustveðráttu, að því er helst verður séð. Hreppsþækur þær, sem fyrir hendi eru, ná að vísu ekki nema til 1868, en af bréfum, sem farið hafa milli hreppstjóra og meðráðamanna hans í sveitarmálum, er t.d. ljóst, að heyskoðanir hafa farið hér fram í ársbyrjun 1863. Fór þá illa að með veðráttu, og nokkrum bændum ráðlagt að lóga skepnum af fódrum, en ekki verður vitað, hvort því var framfylgt. Vetur var þó allharður og svo vorið, en ekki er getið um fjárfelli. Heimildir sjást fyrir því að heyskoðanir hafa farið oftar fram á þeim áratug og svo þeim næsta, en engin gögn hafa geymst frá þeim, né heldur að vitað verði með nokkurri vissu, að í tilefni af þeim væri gerðar ráðstafanir til að bæta ásetninginn með niðurskurði, eða á annan hátt. Brenndu menn sig þó illa á fódurskorti öðru hvoru. Í raun réttir gat þá ekki verið nema um eitt úrræði að gera til að bæta um ásetning, þ.e. að fækka á fódrum með niðurskurði, því kornvörukaup til fódrunar voru ekki einungis nær óþekkt þá, heldur jafnframt ókleif, bæði vegna aðdráttu og verðlags. Þó er vísu fyrir því að korn var töluvert keypt til fódurs veturinn 1867, og komust menn í illar verzlunarskuldir fyrir, enda voru það engin kjarakaup, er ærverð hrökk naumast til að borga kornvættina.

Af ritgerðum í sveitarblöðum hér frá 1875 – 1880, svo og af

meðaltalsútkomu umgetinna ásetningsskýrslna frá 1880 – 1890, er það ljóst, að kröfurnar til ásetninga hafa ekki verið ríkar þá, og sennilega því síður áður. Einn greinarhöfundur, sem ritar um þetta málefni af fullri alvöru, og allmikilli vandlætingu, telur að stefna þurfi að því, að hverri kind sé ekki ætlað minna en einn hestur af heyi, og er svo að skilja, að það markmið liggi allmiklu ofar en viðgengist hafði. Annar er það kröfuharðari að hann telur að menn þurfi að eiga fyrir innistöðugjöf handa sauðfé í 26 vikur og handa kúm í 36 vikur. Þetta mun þó sennilega hafa verið taldar skýjaborgir og fjarstæður, þó ekki sjáist því mótmælt. Ásetningsmark það, sem hér var síðast nefnt gerði þó ekki eins miklar kröfur til heyforða og ætla mætti. Helmingur fjárstofnsins, og sums staðar mun meira, var þá gelt fé, sem bæði var gefið minna en ám, og komst ávallt fyrr frá húsi. Féð var yfirleitt þroskaminna og því þurftaminnna en nú. Ær töldust yfirleitt vel haldnar með 2 pund af útheysi í dagsgjöf í innistöðu, en lömb og sauðir 1½ pund, en af þessu var strax dregið í langvinnri innistöðu, einkum við geldféð. Almennasta takmarkið um fóðrun, jafnvel þó sæmilega félli, var það, að geldfé skrimti af með „fullum kröftum“ eins og það var kallað, og að ær kæmu upp einu lambi, enda fágætt að tvílembdar væri. Undantekningar voru að vísu til um betri fóðrun, svo sem að bata var hleypt í gemlinga, en af ýmsum mun hafa verið litið á það sem bruðl á heyi. Hitt var fágætara þó til muni hafa verið, að herða á ám með heygjöf er að vori leið. Var það gamalt mál að betur kæmi undir ær, ef tækilegt þótti að sleppa þeim fyrir burð, en þegar þær voru við hús og hey, og bendir það á að þeim hafi ekki verið búin eldisgjöf. Vænleiki fjár og afurðir fóru mjög eftir þessu. Hagalömb vógu frá 40 – 60 pund að hausti. Veturgamalt fé frá 80 – 100 pund. Þegar tekið var að vege sauði til útflutnings (um 1884) þóttu það góðir sauðir tveggja vetra, sem náðu 120 punda þyngd, og fáir bændur náðu því meðaltali þá. Á síðasta áratug aldarinnar var fé orðið mun vænna enda var þá miklu betra árferði.

Þriðju ásetningsskýrslunnar á áratugnum 1880 – 1890 er enn ógetið. Hún var gerð 1889, og er niðurstaða hennar allmiklu bezt. En allar sýna þær að kröfurnar til ásetnings hafa verið fyrir neðan allt skynsamlegt lágmark, og það því fremur, að enn var lítt á það að treysta að matarbirgðir væru til í kaupstað sem meiru næmi en til manneldis, og illkleyft talið að fá matvöruskip hér upp að vetrinum. Þó mun, er hér var komið, oftar hafa verið gripið til þess en áður að gefa skepnum mat, er mest á reyndi, ekki síst eftir að kornvara, og þar á meðal maís, fékkst með betra verði en áður, í pöntun Kaupfélags Þingeyinga. Ásetningsskoðanir þær, sem nú hafa verið nefndar, marka því enga verulega stefnubreytingu í málum þessum. Er og ekki sýnilegt að þær hafi verið gerðar, nema þegar sérstaklega þótti horfa óvænlega. Mun og stöku mönnum hafa þótt þetta óþörf rekistefna, og einskonar árás á sjálfstæði þeirra. Er þess getið á einni skýrslu, að skoðunarmönnum var neitað um að sjá hey og skepnur og á öðrum eru ekki taldir allir bændur, án þess ástæðu sé getið, en víst er þó um að áttu fé og hey. Nokkru eftir 1890 gekkst Kaupfélag Þingeyinga fyrir því, að gerðar voru hey og fjárskoðanir á félagssvæðinu, til eftirlits með því að lofuðu fé til félagsviðskiftanna væri ekki stofnað í bersýnilegan voða fyrir horfelli. Mæltist þetta misjafnlega fyrir en fékk þó sæmilegar undirtektir hér í Mývatnssveit. Af slíkum skýrslum finnast hér ekki aðrar fyrir en frá haustinu 1896. Þar er hey það sem sauðfé er ætlað, reiknað út með jafnaðartölu á kind hverja hjá bændum. Af 52 fjáreigendum ná einir 16 svo hátt að 2 vættir heys sé handa kind hverri, og nær þó enginn þeirra 2½ vætt. Hjá öðrum er ásetningurinn allt niður í eina vætt og dæmi til minna. Hvergi kemur fram að nokkuð hafi verið gert, almennt að m.k., til að bæta um þetta. Minnast má þó þess að kornforðabúrið var jafnan til taks, og einnig stórum meiri matarforði í kaupstað, en áður gerðist, þó hann væri að vísu til manneldis ætlaður, fyrst og fremst.

Árið 1898 komust hinar lögskipuðu hey og fjárskoðanir á, samkvæmt „horfellið“ svonefndu, og verður þessi þáttur ekki rakinn lengra að því sinni.

Í sveitarblaðsritgerð þeirri, eftir Jón Sigurðsson á Gautlöndum, sem áður var

vitnað til, gerir hann samanburð á efnahag og afkomu hreppsþúa þá (laust eftir 1880) og um 20 árum áður, eða 1850 – 1860. Telur hann mjög mikla efnalega hnignun hafa orðið á þessu aldarfjórðungsskeiði og þó einkum á síðasta áratugnum, því svo sent sem 1869 hafi t.d. mjög fáir bændur hér skuldað í kaupstað, og þá litlu numið. Innbyrðis skuldir hafi þá heldur ekki verið miklar, nema hjá fáum mönnum, sem keypt höfðu ábylisjarðir sínar, eða þurft að innleysa til samarfa. Ekki verður séð að árferðið 1870 – 1880 hefði að samtöldu átt að leggjast þyngra á efnahag manna en næsti áratugur fyrir, þó áfallið 1872 væri að vísu ægileg blóðtaka. Aftur á móti hafi verðjafnvægi útlendra og innlendra vara batnað mjög mikið, bæði fyrir aukna samkeppni frá lausakaupmönnum og samtök héraðsmanna um viðskifti við útlönd. Þá var og, eftir 1876, komin á sauðasala til Englands, er stórhækkaði sauðfjárverðið, og hafði þetta hvað með öðru átt að styðja mjög að efnalegri viðreisn, eftir áföll þau, sem búskapur manna varð vissulega fyrir. Þó virðist hér hafa orðið önnur raun á. Ber því meðal annars vitni að sveitarþyngsli fóru sívaxandi. Var tala þurfamanna hreppsins oft fast að 20, og auk þess lagt með munaðarlausum börnum. Í tölu þurfamanna voru þá allmargir heimilisfeður, eða fjölskyldumenn, sem bú höfðu, eða húsmennsku, en leggja þurfti lítilsháttar til styrktar afkomunni. Voru ýmsir þeirra þá fluttir úr hreppnum, en héldu sveitfesti sinni, fyrst og fremst af því að þeir komust ekki af styrktarlaust í sínum nýju heimkynnum. Sveitfestistíminn var þá 10 ár, og bundinn því, að menn þyrftu engan styrk að þiggja þann tíma. Voru þessi þurfamannaviðskifti algengt misklíðarefni milli sveitarstjórna áður fyrr, en ekki verður þess vart að það hafi orðið hér, svo orð sé á gerandi, nema um Jón „gæsku“, sbr. Sagnaþætti Benjamíns Sigvaldasonar II. bindi bls. 115.

Mjög var ómagameðlögum og þurfamannastyrk haldið niðri á þessum tíma. Er það til vitnis að þrátt fyrir styrkþegafjöldann var árlegur þurfamannakostnaður sveitarsjóðs, á árunum kringum 1880, þó ekki nema frá 600 – 1200 krónur. Er það að vísu allmiklar upphæðir, umreiknaðar til nútíma verðlags, en myndi samt, þó umreiknað væri, hrökkva skammt til að mæta þörfum svo margra á nútíma vísu. Allir styrkir, nema meðlög munaðarlausra barna voru þó taldir afturkræfir, og voru slíkar þurfamannaskuldir við sveitarsjóð orðnar 10 þúsund krónur árið 1879 og þó allmikið niðurfallið áður við dauðsföll.

Ekki er um það að villast að þessar ástæður bera vott um ískyggilega fátækt ýmsra hreppsþúa. En það virðast ekki vera þeir fátækustu einir, sem af hefur gengið. Af þeim samanburði sem við verður komið má sjá að efnabændur eru færri en áður og minni fyrir sér, þó ýmsir hafi stór bú, og töluvert umleikis. Sama máli gegnir um einhleypa menn og uppvaxandi, að þeim virðist ekki hafa safnast fé, hvorki í kviku eða dauðu, eins og ýms dæmi sáust til áður. Vafalaust er það að margvíslegar ástæður hafa valdið efnahagshnignun þessari, og hafa nokkrar verið nefndar. Jón á Gautlöndum er ákveðið þeirrar skoðunar, að mestu valdi þar um *breyttar lífsvenjur og lifnaðarhættir*, og verður að þeim málsatvikum komið síðar í öðru sambandi. Þó viðbúið sé að Jón leggi of mikla áherslu á þetta sem aðalorsök, mun það rétt og eftirtektarvert, að einmitt á áratugnum 1870 – 1880 hefur gengið *ný öld í garð* hér um auknar lífskröfur, bæði um klæðaburð, viðurværi, og ýmsan munað sem áður var lítt þekktur, annar þá en vínföng. Kom þessi breyting engu síður niður á þeim, er hjú héldu, er viðurgerningur varð dýrari og kaupgjald hækkaði jafnvel meira en afurðaverð að tiltölu, en hinum, sem sjálfráðari voru um að hverju leyti þeir tóku upp breytingar lifnaðarháttá. Hitt verður að ætla, að bæði Jóni á Gautlöndum og öðrum hafi sést yfir, að hin mikla fólksfjölgun í hreppnum á þessu tímabili hafi valdið almennri efnahagshnignun. Samkvæmt manntölum, sem til næst, hefir mannfjöldi í hreppnum verið, sem hér segir:

1703: 242
 1801: 213
 1840: 263
 1845: 277

1850: 310
1855: 353
1860: 371
1870: 406
1880: 377
1890: 338
1900: 319

(sjá viðauka um sama efni í viðauka ##) Ef miðað er við fólksfjöldann á fyrri áratugum aldarinnar er hér um mjög öra fólksfjölgun að ræða, og virðist þó sem fólksfjöldinn hafi náð hámarki um 1870, enda er þá skammt að bíða brottflutninga til Vesturheims, svo sem síðar segir frá. Að sjálfsögðu átti ekki fólksfjölgunin, út af fyrir sig, að leiða til efnahagshnignunar, ef framleiðslumöguleikar hefðu aukist og önnur búskaparskilyrði batnað að sama skapi og fólki fjölgaði. En á því 20 – 30 ára tímabili, sem hér um ræðir, verður ekki talið að búnaðarskilyrði hafi aukist hér, eða batnað svo nokkru nemi, að því fráskildu, að verzlunarjöfnuður varð nokkru hagstæðari en áður, og þá hagsbót má leggja að jöfnu við kostnað af auknum lífskröfum. Bústofn hafði töluvert minnkað, og var ekki eins arðviss og um miðja öldina. Er því engin furða þó afkoma yrði lakari, er fleira fólk varð að lifa af færri skepnum, því ekki var tekjum af öðru til að dreifa, nema silungsveiðinni, og svo eggvarpi á nokkrum bæjum. Er síst ástæða til að gera lítið úr þessu, en í samiburði milli tveggja tímabila er einungis á það að líta hvort gagnsemi þessi hafi verið meiri á öðru tímabilinu en hinu. Um veiði er vitanlega engum skýrslum til að dreifa frá þessum tíma, en á almanna vitorði er það, að veiðisæld í Mývatni hefir ávalt gengið í öldum, og mun svo einnig hafa verið á þessu tímabili. Stefán Stefánsson í Ytri-Neslöndum heldur því fram, (Sbr. Andvari 48 árg. 1923, bls. 92 – 106. Vísast þangað til nánari upplýsinga um aflabrögð í Mývatni, að dómi Stefáns), að all-langstætt veiðileysistímabil hafi verið um miðja 19. öldina. Hitt var í hans minni, og annara elstu manna, er ég átti tal við, að um 1864 hófst veiðialda mikil í vatninu, líklega hin mesta er sögur fara af. Mesta veiði er talin hafa verið 1867. Í endurminningum sínum telur Jakob Hálfánarson að það vor hafi veiðst 150 þúsund silungar á dorg, auk þess, sem að sjálfsögðu hefur mikið veiðst á öðrum árstímum. (Sbr. tilvísun til þeirra í „Ævintýrið frá Íslandi til Brasilíu“ bls. 51 og áfram). Stefán telur að þessi veiðialda hafi enzt til 1874. Er trúlega rétt að þá hafi á ýmsum bæjum verið dregið úr veiðiskapnum, og allsstaðar mjög frá því, sem mest var. Nú vill svo til að til hreppstjórans (Jóns á Gautlöndum) hafa komið upplýsingar frá 3 bæjum (Skútustöðum, Geiteyjarströnd og Kálfaströnd - óundirritað) um veiðiskap, útbeitt og grassprettu árin 1874 – 1879. Því miður er veiðin ekki tiltekin í tölum nema á Skútustöðum. Er meðaltalsafli þar 22500 silungar fyrri 3 árin, en ekki nema um 7000 á ári, þrjú hin seinni ár. Bendir það til að þá hafi „veiðialdan“ verið alveg þrotin þar. Frá hinum bæjunum er umsögnin um veiðiskap ýmist: „góður afli“, „við meðallag“ eða „sáralítill afli“ og „þurfti að kaupa talsvert af silungi sér til matar að sumrinu“ segir Sigurður á Geiteyjarströnd um árið 1875. „Hitasumarið“ 1880 var mikill afli á dráttum, og var hald manna að þá hefði töluvert drepist af silungi í vatninu, því aflatregða varð hin næstu ár. Hitt mun þó heldur, að silungsstofninn mun áður hafa verið farinn að nálgast öldudalinn, og ekki mátt við dráttarveiðinni 1880, en þá hafa langvarandi hitar hrakið hann upp að löndum, svo til hans náðist greiðlega. Um 1886 kom svo aftur góð veiðiskaparalda, og stóð að minnsta kosti til 1893. Var það álit ýmsra gamalla manna að slíkar veiðiskaparöldur stæði gjarnast sjö ár í senn, og gæti það fallið saman við vaxtartíma silungsins, þ.e. að um einn og sama árgang væri að ræða á hverju veiðiöldutímabili.

Þó upplýsingar um veiðiskap í Mývatni, áður fyrr, séu bæði strjálar og ónákvæmar virðist réttmætt að álykta að á árunum 1860 – 1880, og þó einkum á fyrri áratugnum, hafi aflabrögð verið meiri þar að jafnaði en bæði fyrr og síðar. Verður ekki öðru framar þakkað að sá mannfjöldi sem hér var þá, gat haldist hér

við, ekki rýmri en búnaðarskilyrðin voru að öðru leyti um það skeið. Mun og hlífðarlaust hafa verið að því gengið að veiða sem mest, á hvaða tíma árs sem var, og eigi var það ótítt að menn úr öðrum sveitum gerðu sig hingað út til dorgarveiða, lengri eða skemmri tíma á vorin. Hvenær sem til spurðist að mikið aflaðist, gengu lestarferðir héðan um allt upphéraðið, enda talið að Mývatnssilungur væri helsta bjargræði héraðsbúa, þegar siglingar töfðust fram eftir öllu sumri, eins og t.d. 1869. Þá fékkst ekki kornvara í Húsavík fyrr en í ágústlok. Má af þessu ætla að allmiklar tekjur hafi verið af silungssölu á ýmsum bæjum í aflaárum. Til hins er þó meira tekið hversu mörg branda hafi þar verið af hendi látin fyrir lítið gjald eða ekkert. Gangverð á óslægðum silungi mun á síðustu áratugum 19. aldar að jafnaði hafa verið 8 aurar kg, og hélst það svo alllangt fram yfir aldamótin.

Þrátt fyrir þann mikilsverða stuðning sem öllum almenningi hér í sveit varð að veiðiskap um þessar mundir, verður því ekki neitað að efnahag fór hnignandi. Skýrslur um efnahag manna, sambærilegar við þá sem í var vitnað frá árinu 1858, eru að vísu ekki fyrir hendi, en af ýmsu má ráða að þeir bændur, sem þó höfðu mest umleikis, voru miður efnum búnir en áður. Kom hér og til að ýms bú höfðu gengið til erfðaskifta á tímabilinu, og allmikið af arfafénu flutzt út úr hreppnum, sem síðar segir. Þá höfðu og nokkrir bændur fest fé í byggingum, og munu eigi svo fá þeirra bæjarhúsa hér í sveit, sem rýmdu fyrir steinhúsum þeim, sem reist hafa verið á síðustu áratugum, einmitt hafa verið byggð á áratugnum 1860 – 1880 að stofni til, þó breytt væri þeim ýmsum og bætt við síðar.

Skömmu eftir 1870 hófust Vesturheimsferðir héðan úr sveit. Þó margvíslegar ástæður hafi að sjálfsögðu valdið því að menn réðust til þeirra, má víst telja að hin fyrstu ár var hin almenna jarðnæðisþröng þar mestu um valdandi, því þá bar mest á því að húsfolk, eða þá búleysingjar, sem komnir voru í hjónaband, snéru inn á þessa braut. Til marks um jarðnæðisþröngina næstu árin fyrir má hafa það, að á árunum 1860 – 61 voru byggð upp þrjú býli, Hrauney, Austarasel og Hlíðarhagi, sem öll voru komin í eyði aftur fyrir 1880. (Fóru í eyði: Hrauney 1875, Austarasel 1877, Hlíðarhagi 1875. Tala heimilisfólks að meðaltali meðan byggð voru: Hrauney 7, Austarasel 8, Hlíðarhagi 5). Hlýtur öllum, sem nokkur kynni hafa af staðháttum þar, að vera ráðgáta, hvernig hægt var að hafa þar bústofn til að framfleyta fjölskyldu af. Urðu þarna og býsna tíð ábúendaskifti á ekki lengri tíma, og sýnir það að ýmsir hafa ekki átt góðra kosta vöð, er þeir fluttu þangað að öðrum frágengnum. Hreppsþætur bera með sér að hreppstjóri og meðráðamenn hans hafa árlega þurft að ráðstafa jarðnæðislausum mönnum, jafnvel fleiri en þeim, sem séð verður að þegið hafa af sveit. Má af því ráða hversu ástatt var í þessum málum.

Til Vesturheims fóru héðan úr sveit:

	fullorðnir	börn	alls
1874 – 1880	31	15	46
1881 – 1890	26	13	39
1891 – 1900	34	22	56
Samtals	91	50	141

(Hér eru taldir nokkrir menn, sem flutt höfðu úr hreppnum örfáum árum áður en þeir fluttu vestur. Á þeim aldarfjórðungi sem hér um ræðir fluttust ennfremur úr hreppnum til bólfestu innanlands [Hér hefur JGP ætlað að bæta í, þarf að athuga hvort er í frumriti, annars sleppa setningunni]

Þó vesturfara þessir væru lítt efnum búnir, flestir hverjir, getur ekki hjá því farið að skuldlausar eignir hreppsúa gengi töluvert til þurrðar við brottför þeirra, jafnframt því, sem aðrir fluttu héðan búferlum innanlands. Þessa mun þó meira hafa gætt að tiltölu á tveimur seinustu áratugum aldarinnar. Lausleg áætlun um skuldlausar eignir hreppsúa um 1880 myndi vera á þessa leið:

- 1) Í kvikfé, að frádregnum verslunar-
skuldum með meiru: 70 000 kr.

2) Í fasteignum, að frádregnum áhvílandi	
skuldum utansveitar:	<u>40 000 kr.</u>
Samtals:	110 000 kr.

Miðað við það að *almennt verðlag* var hærra um 1880 en bæði áður og síðar á öldinni, mun ekki fjarri sanni að nægja muni að 25 falda þáverandi krónur til hlutfalls við núverandi verðlag (1953), og nemur þá eignarupphæðin umreiknuð 2.750 þúsundum króna. Eignalækkun frá 1858 er þá um 550 þúsund krónur. Ef upp í það eru metnar burtfluttar eignir á tímabilinu, og svo hitt, að allmiklu fé var varið til húsabóta fram yfir það sem fram er komið í auknu fasteignaverði í áætluninni, þarf ekki að gera mjög mikið úr efnalegri hnignun hjá þeim, sem eftir bjuggu í hreppnum.

Á árunum rétt eftir 1880 verður allmikil rýmkun á afkomu manna og efnahag, þrátt fyrir það hvað árferði var þá slæmt. Er það tvennt til marks, að þurfamönnum fækkar og ómagaframfæri minnkar stórum, og svo hitt, að verzlunarskuldir virðast þá nærfeilt engar hér. Má ráða það af því að þegar Kaupfélag Þingeyinga er stofnað, 1882, virðast sveitarmenn, nálega undantekningarlaust, hafa strax getað losað sig úr viðskiftum við Örum & Wulffs verslun, en eins og kunnugt er hélt Þórður Guðjohnsen verzlunarstjóri þeim mönnum föstum hjá sér í viðskiftum, er eigi greiddu upp skuldir sínar, og meðan leiðst þeim eigi að skifta við K.Þ. Sannast þetta og af því að við reikningslok í K.Þ. 1883 og 1884 voru bændur hér í sveit yfirleitt skuldlausir við K.Þ. og áttu allflestir smávegis innstæðu þar. Viðrétting þessi í viðskiftum hefir vafalaust stafað annars vegar af þeirri markaðsbót, sem sauðasalan til Englands skapaði, en hún hófst hér laust fyrir 1880, og hinsvegar af því, að verð á aðfluttri vöru féll stórkostlega, er K.Þ. tók til starfa. En haustið 1885 féll verð útflutningsfjár (og reyndar alls gjaldeyris bænda) óvænt og skyndilega, og nam verðfall útflutningsfjárins ca. 40%, miðað við verð næstliðinna ára. Lenti þá þorri félagsmanna þar í skuldir, sem vonlegt var. Ekki mæddi það þó tilfínanlega á hreppsþúum hér, því að samtöldu náðu skuldir við K.Þ. við þau árslok ekki 2000 kr. og skiftust á nálega alla bændur sveitarinnar. Myndi það ekki þykja ægileg upphæð, þó umreiknuð væri í nútímaverðlag og það því síður, að aðrar skuldir, út á við, munu naumast hafa verið þá, að nokkru marki.

Þó árferði væri mjög örðugt á næsta ári, tókst mönnum að mestu leyti að losna úr skuldum þessum. Gekk svo síðan fram að aldamótum, að menn vörðust því nokkurn veginn að viðskiftaskuldir söfnuðust upp, þó árferði væri misjafnt, bæði um veðráttu og viðskifti. Efnahagur varð jafnari en áður, þurfalingum og öðrum bláfátækum mönnum fækkaði, en eignir helstu efnamanna, sem verið höfðu áður, skiftust við erfðir, og gekk töluvert af þeim arfahlutum út úr hreppnum, vegna brottflutninga, og þar á meðal dálítið til Vesturheimsfara. Telst Pétur á Gautlöndum svo til með allítarlegri rannsókn, að á síðari helmingi 19. aldar hafi burtfluttar eignir úr hreppnum, alls og alls, numið 50 þús.kr. *meira*, en þær eignir sem innfluttir menn komu með á sama tíma. Er þessi tala sennilega fremur of lág en of há. En hvort heldur væri, er hér um þungan skatt að ræða, miðað við heildareign hreppsþúa á hverjum tíma.

Þessi brottflutningur kom að verulegu leyti þannig fram að þeir sem eftir sátu urðu að leysa út erfðahlut samarfa sinna, er burt fluttu. Hitt var fátíðara, þó dæmi væri til, að jarðir og bú gengi á hendur vandalausra við kaup og sölu. Hvort heldur var leiddi þetta alloft til að skuldir stóðu á jörðum, eftir skifti eða brottflutning. Lengi framan af munu þær skuldir að litlu leyti hafa verið utansveitar, en eftir að kom fram yfir 1880, gerðust þess nokkur dæmi að menn fengi lán út á jarðir, ýmist í Viðlagasjóði eða hjá Landsbanka Íslands, en líka hjá einstökum mönnum eins og Kristjáni Jóhannessyni, ríka, í Hólsemi. Hér innansveitar munu þess hafa verið sárfá dæmi eftir 1880 að menn ætti reiðufé, eða vaxtafé, svo nokkru næmi. Af þeim ástæðum meðal annars, að engin gögn eru til fyrir því, hve miklu slíkar skuldir hafa numið, er örðugra en áður að gera nokkra

tölulega áætlun um efnahagsástæður sveitarmanna í aldarlokin. Af ýmsum almennum upplýsingum má þó ráða að hann muni ekki hafa hallast í heild frá því um 1880. Bústofn er í aldarlokin meiri en nokkru sinni fyrr eða einkum sauðféð, sem mestu skifti fyrir afkomuna. Jarðir voru allar í eigu sveitarmanna nema Vindbelgur (kirkjujörð) og 3/4 Skútustaða sem prestsetur. Hins vegar er þess að gæta að tvo síðustu áratugi aldarinnar var nálega hvergi bætt um húsakost á jörðum, og hann því eðlilega hrörnað. Er viðskiftaleg aðstaða manna í aldarlokin því að nokkru leyti á kostnað þess, að nær engu fé var til þess varið svo langan tíma, og eigendur jarðanna þannig í skuld við framtíðina, enda var þess skammt að bíða úr aldamótum að uppbyggingar bæjarhúsa og peningshúsa á ýmsum jörðum urðu ekki umflúnar.

Á sama tíma sem sveitarmenn héldu að sér höndum um húsabyggingar á jörðum sínum, beindist áhugi þeirra að jarðabótum, sem með öllu virðast hafa legið niðri frá því milli 1850 – 1860. Jarðabótafélag Mývetninga (síðar nefnt Búnaðarfélag Mývetninga) var stofnað 1879, fyrir atbeina ungra bænda og bændaefna. Mun félagsstofnunin mjög hafa ýtt undir framkvæmdir í jarðabótum, og virðast þær í upphafi einkum hafa verið að vatnsveitingum og engjabótum. Samkvæmt skýrslubók félagsins hafa á árunum 1880 – 1889 verið unnin ca. 840 dagsverk að flóðgarðahleðslu og skurðagreftri, en 160 dagsverk að vörslugörðum. Féllu þó tvö harðindaár úr, að ekkert var unnið. Túnasléttur eru ekki nefndar þá, né sáðgarðar, enda lá allt beinna við um áveituframkvæmdir, og náttúran sjálf hafði komið mönnum á rekspölinn þar. Er álitid að stíflur muni hafa verið settar í Kráka hjá Baldursheimi og Litlustrand frá því um miðja 19. öld að minnsta kosti og til áveitu á Álftagerðisengi og Nautey frá því um 1870. Í Strandakíl munu og hafa verið settar stíflur fyrr, og svo í Randarskarð, til varnar Kráká og var sú stífla all torveldari viðureignar þá en síðar varð.

Fyrstu áveituframkvæmdir sem Jarðabótafélagið hefir stutt að eru þessar (nokkrar smærri ótaldar):

1. Stífla í Grænalæk 1882 (talin hafa borgað kostnaðinn á fyrsta ári).
2. Flóðgarðar í heimaengi á Gautlöndum 1880 – 1883, um 450 dagsverk.
3. Flóðgarðar og skurðir í Helluvaðsbotnum, um 1880 – 1883, um 70 dagsverk.
4. Flóðgarðar og skurðir í Sveinsstrandar og Litlustrandarengi 1883 – 1884.
5. Afrennslisskurðir í Skútustaðaengi 1882 og síðar, 520 faðmar.
6. Afrennslisskurðir í Grænavatnsengi (Kölduspildu) 1890 – 1891, um 130 dagsverk.
7. Afrennslisskurðir í Baldursheimsengi 1893 – 1894, um 40 dagsverk.

Eftir 1890 hneigist áhugi manna meir að túnasléttum og túnávörslu. Samkvæmt skýrslubók Jarðabótafélagsins er á árunum 1890 – 1900 unnin ca. 300 dagsverk að vatnsveitustörfum, 1100 dagsverk að vörslugörðum um tón og engi og um 1800 dagsverk að túnasléttum. Nýir sáðreitir eru taldir um 700 ferfaðmar. Samkvæmt skýrslunum ætti túnasléttur á þessum áratug að hafa numið um 20 dagsláttum, en þar sem allmikið af þeim var gert í áður sæmilega grasgefnum tünnum hefir töðufallið ekki aukist við þetta, svo sem ætla mátti, og virðist aukningin litlu meiri en svarar til betra árferðis um sprettu á síðari áratugnum en hinum fyrri. Þetta stefndi þó allt í áttina, og má telja allvel að verið, þegar til þess er litið að túnasléttarnar voru allt þaksléttur, gerðar með *handverkfærum einum*, að fráskildum um 2 dagsláttum, sem unnar voru með plóg og herfi sumarið 1899. Þó sumar vatnsveituframkvæmdirnar kæmi að litlu gagni, má meta þessar jarðabætur í heild sinni sem mikinn eignaauka í höndum hreppsúa.

Í lok þessa þáttar skulu birtar skýrslur um framtalda búfjáreign hreppsúa að meðaltali á hverjum áratug 1850 – 1900, með nokkrum skýringum, og síðan skýrsla um áhöfn á hverri jörð í aldarlokin, meðaltal tveggja ára.

Tímabil	Nautpen ingur	Hross öll	ær	sauðir	gemi- ingar	sauðfé alls	geitfé alls	taða vættir	úthey vættir
1850 – 1859	92	205	1590	640	1030	3260	80	?	?
1860 – 1869	82	185	1548	562	963	3073	34	?	?
1870 – 1879	75	170	1503	641	1046	3190	10	?	?
1880 – 1889	71	170	1790	755	1390	3935	10	2050	8370
1890 – 1900	73	160	2103	752	1760	4615	10	2510	10400

Við athugun skýrslu þessarar og samanburð við síðari tíma verður að hafa í huga að tíundarframtölin, sem hún byggist á, sýna alls ekki réttar tölur búfjárins. Kemur það fyrst til að fé vinnufólks (og unglinga) kom yfirleitt ekki fram til tíunda, og svo hefir það ekki verið neitt launungarmál, og þarf síst að verða hér eftir, að menn sviku meira og minna tíund við framtal búfjárins, að minnsta kosti sauðfjárins. Samanburður við aðrar skýrslur ábyggilegri frá sama tíma sýnir, að hér var ekki um neina smámuni að ræða. Mismunur sá, sem til dæmis kemur fram milli tíundarskýrslu 1858, og skýrslu er niðurjöfnun skaðabóta sama ár var byggð á (sbr. bls 6 – 7 [í vélritaðri útgáfu þessa heftis]) nemur því að undan sé fellt 17% af fjártölunni eða sjötta hver kind. Þetta hlutfall gengur sízt af öllu til lagfæringar, því samanburður ásetningsskýrslna þeirra frá 1880 – 1890, sem vitnað er til að framan, við tíundarskýrslur sömu ár, leiðir í ljós að 22½% sauðfjárins kemur ekki til tíundar. Undir aldamótin, þegar hinar lögboðnu forðagæzluskýrslur komu til, er mismunur þessi þó kominn niður í 12% af fjártölunni. Hvernig þessum mismun ber hverju sinni að skifta milli beinna tíundarsvika, og hins, að ekki virðist beinlínis hafa verið skylt að tíunda fjáreign vinnufólks o.fl. er ómögulegt að ákveða, en ekki verður talið líklegt að fé þessa fólks hafi nokkru sinni numið verulega yfir 5% af allri fjártölunni. Hitt er og víst að ýmsir bændur lögðu ávalt mikla stund á það að fella undan tíund, og munu dæmi til þess að það hafi numið allt að helmingi fjártölnnar. Er það að sönnu nærtæk skýring á þeirri almennu tilhneigingu að fella undan tíund, að útsvarsálagning á þeim tímum grundvallaðist að langmestu leyti á lausafjártíundinni og svo ábúð.

Eftirfarandi skýrsla um áhöfn á jörðum í hreppnum er byggð á ásetnings, eða forðagæzluskýrslum (meðaltal 1899 og 1900) sem munu vera mjög ábyggilegar heimildir.

Jarðir	– Nautgripir –		Hross alls	——— Sauðfé ———			
	mjólkur kýr	kálfar geldn.		ær	sauð- ir	gempl- ingar	sam- tals
1. Hofsstaðir	2	1	4	72	12	45	129
2. Geirastaðir	2	1	4	64	14	48	126
3. Vindbelgur	2		5	90	20	70	180
4. Syðri-Neslönd	2	1	3	42	6	30	78
5. Ytri-Neslönd	2		4	66	19	40	125
6. Grímsstaðir	2		9	120	56	96	272
7. Reykjahlíð	5	1	9	225	61	180	466
8. Vogar	2	2	5	82	34	72	188
9. Geiteyjarströnd	3		6	120	44	92	256
10. Kálfaströnd	3	2	4	65	18	48	131
11. Garður	2		5	71	19	60	150
12. Grænavatn	6	2	19	265	100	192	557
13. Skútustaðir	6	2	13	171	52	85	308
14. Álftagerði	1	1	3	71	9	60	140
15. Haganes	2	1	4	45	13	45	103
16. Arnarvatn	4	1	12	190	81	162	433
17. Sveinsströnd	1	1	2	33	4	37	74
18. Litlaströnd	2		5	78	30	66	174
19. Baldursheimur	2		8	140	48	134	322
20. Krákárþakki	1		3	37	6	31	74
21. Bjarnarstaðir	1		3	48	7	39	94
22. Gautlönd	3	2	12	161	55	128	344
23. Helluvað	1	1	4	78	26	59	163
24. Stöng	1	1	3	67	15	42	124
25. Hörgsdalur	1	1	3	75	34	45	154
Alls	59	21	152	2476	783	1906	5165

II

Félagslíf og ýmis menningarmál

Eins og bent hefur verið á framar, í öðru sambandi, var eftirtektarverður framfara og athafnahugur í sveitarmönnum um og eftir miðja öldina. Hefir þess þegar verið gerð nokkur grein hvernig þetta kom fram í búskaparathöfnum og félagslegum hreyfingum bændanna er þá voru uppi. Hitt er ekki síður athyglisvert, að hinir yngri menn, er einhleypir voru og búlausir um þær mundir, hófust þá einnig handa um ýms merkileg málefni fyrir þann tíma. Mun mega rekja rætur þessa víðtæka framsóknaranda til þeirrar almennu vakningaröldu, sem gekk yfir þjóðina um miðja öldina, bæði í þjóðernislegum og stjórnafrarslegum efnum, sem og síðan studdizt og magnaðist af þeirri fjárhagslegu viðreisn, sem gott árferði og viðskiftarýmknun skapaði um þær mundir.

Á Yngismannadag 1858 áttu ungir menn og ógiftir hér í sveit all merkilegan fund með sér í Mikley í Mývatni. Engin fundargerð hefir varðveitt frá fundi þessum, en af öðrum heimildum er það fullvíst, að þar hafa komið fram uppástungur að framkvæmd tveggja félagslegra nýmæla. Er vafalaust að Jakob Hálfðánarson, sem þá var ungur maður á Grímsstöðum, og mjög fyrir hjá jafnöldrum sínum hér í sveit, hefir verið einn fremsti hvatamaður þessara nýmæla. Annað var Lestrarfélag Mývetninga, en hitt svonefndur „Sparnaðarsjóður búlausra í Skútustaðahreppi“. Var tilgangur hans að ávaxta reiðufé ungra og uppvaxandi manna, þar til þeir þyrftu á því að halda, með því að lána það innansveitarbændum,

gegn veði í fasteignum. Voru þeir Jakob Hálfðánarson og Hjálmar Helgason (Ásmundssonar frá Skútustöðum) í undirbúningsnefnd um þetta málefni, en í stofnskrá sjóðsins var svo tiltekið að framkvæmdastörf hans eða forstaða skyldi falin „tveimur efnagóðum og skilvísnum bændum, ef þeir vildi að sér taka“. Urðu þeir fyrir valinu Hálfðán á Grímsstöðum og Jón á Gautlöndum. Innstæðufé sjóðsins varð mest 640 ríkisdalir og eigendur að því 12 – 16 að jafnaði. Eigi virðist hafa verið mikil eða almenn eftirspurn eftir lánnum úr sjóðnum. Má ráða það bæði af reikningabók hans og svo ummælum Jóns á Gautlöndum, sem áður eru hermd, „að féð hafi ekki gengið út, þó falt væri með lágum vöxtum“ eða 3% en útlánsvextir voru ekki hærri, og jafnir innlánsvöxtum. Sjóðurinn starfaði í 6 ár (1858 – 1864), en var þá leystur upp. Höfðu ýmsir stofnendanna þá þurft að halda á innstæðufé sínu til bústofnunar, en ný innlög komu ekki í þess stað, enda áraði þá erfiðlega, og mönnum ekki safnast fé.

Það merkilegasta við stofnun þessa sparissjóðs, er það, að hann mun tvímælalaust vera fyrsta sparissjóðsstofnun í landinu. Í ritinu „Þjóðarbúskapur Íslendinga“ (Reykjavík 1951) eftir Ólaf Björnsson, er elsti sparissjóður á Íslandi talinn stofnaður á Seyðisfirði 1868. Hefir höfundur óefað verið ókunnugt um stofnun þessa sparissjóðs, sem til var stofnað 10 árum fyrr. Engar getur verða að því leiddar, hvort hugmyndin að stofnun sjóðsins hefir átt upptök sín í vitneskju um sparissjóði í útlöndum eða ekki.

Stofnfundur Lestrarfélagsins var haldinn 8. maí 1858. Stofnendur voru um 30 að tölu, bæði bændur og einhleypir menn. Árgjald félagsmanna var upphaflega ½ ríkisdalur (1 kr.) en ævittillag var 10 ríkisdalir. Urðu 4 af stofnendum til að greiða ævittillag og lögðu það fram í bókum frá sér. Ýmsir fleiri af stofnendum lögðu og fram bækur upp í árgjöld sín og myndaði þessi samsteypa frumstofninn í bókasafninu. Framan af árum félagsins gekk allmikill hluti af tekjum þess til að kaupa þjóðblöðin, Norðra og Þjóðólfr (síðan Norðanfara í hans stað), 3 – 7 eintök af hvoru blaði. Á félagsfundi 1862 var árgjaldið hækkað upp í einn ríkisdal. Var þá tala félagsmanna komin niður í 18, og hélt svo fram allan þann áratug, að þeir voru innan við 20, og 1868 – 69 voru þeir einungis 12. Má vera að árgjaldshækkunin hafi hér nokkru um valdið, því 1 ríkisdalur var eigi svo lítið verðmæti á þeim dögum. Bókasafn félagsins á þeim tíma gerði þeim lítt til hæfis, sem mest sækja eftir skemmtilestri, því þegar frá eru taldar þjóðsögur Jóns Árnasonar og Íslendingasögur, sem þá voru ekki allar til á prenti, voru þar einkum tímarit og fræðibækur. Jón á Gautlöndum var forseti félagsins frá upphafi til 1886. Þegar kom fram um 1870 mun honum hafa verið orðið áhyggjuefni að hverju stefndi með þátttöku í félaginu og viðgang þess allan. Í desember 1870 sendir hann því umburðarbréf um sveitina, með tillögum um breytingar á lögum félagsins og starfsháttum, og óskum um að menn fylktu sér um það að nýju. Voru tillögur þessar samþykktar á fundi litlu síðar. En breytingin var sú, að tekið var að útvega danskar bækur, og skyldi þeir, er vildu notfæra sér þær, ásamt þeim íslenzku, gjalda 1 ríkisdal í árgjald, en hinir 2/3 ríkisdal. Hélt það við síðan, til aldamóta, eða lengur, að mismunur var á árgjaldi félagsmanna, með tilliti til þessa. Við vakningu þá sem nú var reist í félaginu fjölgaði félagsmönnum upp í 28 og lék tala þeirra síðan á 25 – 35, allt til aldamóta. Oftast voru 1/2 – 2/3 hlutar félagsmanna með herra gjaldið, og jafnan voru þeir bæir fáir, að eigi væri þaðan einn maður í félaginu, en frá sumum tveir, eða fleiri. Þeir sem í upphafi gerðust ævifélagar gáfu þau réttindi sín upp við félagið 1870, og urðu síðan gjaldskyldir árlega, sem aðrir. Drýgðust því nokkuð árlegar tekjur félagsins til bókaþauka, og því fremur, að um 1874 var hætt við öll blaðakaup af félagsins hálfu.

Sú aukning, sem varð á bókaþaupum 1870 – 1880 kom aðallega fram í kaupum útlendra bóka. Voru það einkum fræðibækur t.d. var Lestrarfélagið áskrifandi að „Opfindelsernes Bog“, sem út kom í Kaupmannahöfn á árunum 1877 – 1880. Var það stórt verk og merkilegt á sínum tíma (kostaði 50 kr. óbundið) og opnaði ýmsum fróðleiksfúsum unglingum hér nýjan heim. Örfá útlend skáldrit voru og keypt til safnsins á þeim árum t.d. „Komedier“ eftir Holberg. Ennfremur leikrit

Shakespeares, þau sem þá voru þýdd. Þetta mun þó hinum yngri mönnum hafa þótt ófullnægjandi er fram í sótti, og því var það af þeirra hvötum, að Menntafélagið, sem síðar getur um, breytti starfssemi sinni, 1883, og gerðist eins konar sérstakt lestrarfélag um útlendar bækur, og þá aðallega skáldrit.

Eigi liggja fyrir samstæðar upplýsingar um bókanotkun í félaginu. Þó getur Pétur á Gautlöndum þess í sveitarblaði, 1882, að útlán bóka hafi farið mjög vaxandi frá 1871 til þess tíma, eða úr 2 – 3 bókum upp í 7 til jafnaðar á félagsmann á ári, enda telur hann að lestrarfýsni hafi mikið aukist. Í fundargerð frá 1900 er þess getið að lánaðar bækur á umliðnum vetri hafi verið 550, en það svarar til 23gja bóka á félagsmann að meðaltali. Er það geysimikil notkun enda þannig um mælt í fundarbókun, að ætla má að það hafi verið óvenjulegt. Þá var bókasafnið orðið fjölskrúðugra en síðar varð og útlánatala bóka því ekki fyllilega sambærileg.

Frá 1870 – 1880 voru venjulegar árstekjur félagsins um 40 krónur, en þaðan frá og til aldamóta um 50 kr. á ári. Af þeim gekk jafnaðarlega 1/4 – 1/3 hluti til bókbands með meiru, og var eigi von að miklu miðaði áfram með bókaeignina með svo rýrum tekjum, því fram að 1890 að minnsta kosti voru íslenskar bækur eigi ódýrari að tiltölu en nú. Mun ýmsum hafa þótt þröngt í búi hjá félaginu, og því var það að bæði 1884 og 1889 var stofnað til hlutaveltu því til stuðnings, og áskotnaðist félaginu þannig um 260 kr. að samtöldu.

Á aðalfundi 1892 var samþykkt tillaga (þó ekki án mótaskvæða) um að leita leyfis sýslunefndar fyrir að sveitarstjórn mætti veita félaginu 30 kr. framlag árlega úr sveitarsjóði - en það var ekki heimilt að lögum án hennar samþykkis. Eigi hefir verið rannsakað hvaða undirtektir sýslunefnd veitti því erindi, en hitt er víst, að sveitarsjóðnum var sýnd sú nærgætni að láta þetta ekki koma til framkvæmda fyrir en 20 árum síðar.

Eftir fellivorið 1859 dofnaði mjög framsóknarhugur sveitarmanna, og kom það jafnt fram í andlegum efnum og verklegum. Næsta vakningarálda kom ekki fram fyrir en með þjóðhátíðinni, 1874. Var hún að því leyti frábrugðin hinni fyrri, að hún snerist fyrst og fremst að hugrænum viðfangsefnum, þó önnur fylgdi á eftir. Vaknaði þá almennur vilji, einkum meðal yngri manna, til aukins félagslífs og samtaka. Kom þetta í ýmsu fram. Fyrstu félagsleg samtök frá þessum tíma eru um bindindi, og var til slíks félags stofnað sumarið 1874. Tók það bæði til tóbaks og vinnautnar en þó gátu menn játaast undir annað heitið einungis. Ein grein í lögum félagsins - sú önnur í röðinni - hljóðar svo: „Allir, sem í félagið ganga skulu gæta sín að gera það af frjálsum vilja, en eigi tilneyddir af öðrum, sérhver á að ákveða sjálfur og ábyrgjast sjálfur“. Er það einkennilega þróttmikill og sjálfstæður hugsunarháttur, sem býr að baki þessu ákvæði, og bendir til að þar hafi staðið menn að baki, sem vissu hvað þeir voru að gera. Félagsmenn voru oftast um 40, og má vera að fleiri hafi verið hin fyrstu ár. Flest voru það yngri menn eða innan við miðjan aldur.

Enginn vafi er á því, að félag þetta hafði stórmikil áhrif bæði með afnámi víns og tóbaksnautnar þeirra, er í því stóðu, og svo um hitt að breyta skoðun almennings, gagnvart ofdrykkju. Svo er sagt að um 1870 hafi hér verið ofdrykkjuöld hin mesta og víst er að um þær mundir þótti það ekkert tiltökumál, þótt menn neyttu víns í óhófi, og mun eigi svo sjaldan hafa orðið af því veizluspjöll. Þótti þá lítil svipur að mannfagnaði, ef ekki var veitt vín og svo var einnig um erfisdrykkjur. Hefi ég heyrt fært dæmi þess með góðum heimildum, að erfisdrykkja sem hér fór fram laust eftir 1870, endaði með áflogum, sem fleiri menn voru við riðnir, enda voru þeir mikið drukknir. Hins vegar er vitnisburður samtímamanna fyrir því að þetta almenna viðhorf til drykkjuskapar breyttist mjög mikið meðan bindindisfélagið starfaði. Það mun hafa verið við lýði í 8 ár, eða ef til vill nokkru lengur. Mátti hér teljast hófsemsöld síðan um vinnautn, þó undantekningar væri til.

Strax á fyrsta ári bindindisfélagsins virðist mönnum hafa orðið ljóst að samtök þessi gæti tekið til fleiri verkefna en bindindis. Á fundi félagsins í nóvember 1874 bar Jón Pétursson frá Reykjahlíð fram tillögu um félagsstofnun til

að hlyna að menntun og framförum ungmenna í hreppnum, „einkum í bóklegri þekkingu“, eins og það er orðað í fundarbókun. Fékk þetta hinar beztu undirtektir. Var félag stofnað litlu síðar, er nefndist „Menntunarfélag Mývetninga“ (síðar meir: Menntafélag) og munu um 90 manns hafa gengið í félagið í upphafi, eða heitið því stuðningi. Er enginn vafi á að viðtökur þessar voru mjög að þakka þeirri andlegu hreyfingu, er þjóðhátíðin vakti á þeim misserum. Voru nú samskot hafin innan félagsins í því augnamiði að efna til unglingskólahalds í hreppnum, og var félagsjóði ætlað að launa kennara og greiða fæðiskostnað hans. Ætlunin var að fá skólagenginn mann til að kenna, en því gat ekki orðið framgengt. Var niðurstaðan sú að Jón Jónsson þá á Litluströnd (Jón í Múla) hefði kennslu þessa á hendi, um nokkra vikna skeið, næstu tvo vetur. Síðan varð Pétur á Gautlöndum kennari næstu tvo vetur, 6 – 10 vikur hvorn veturinn. Síðasta veturinn, sem félagið hafði afskifti af kennslu (1880 – 81) var Sigurður Jónsson í Ystafelli kennari.

Þá fimm vetur, sem félagið gekkst fyrir skólahaldi stóð kennsla samtals yfir í 22 vikur. Nemendur voru um 60 talsins (í því meðtalið að sumir voru á 2 kennsluskeiðum). Eru þeir allir taldir upp í gerðabók félagsins og svo námsgreinar þeirra, en aðallega var kennt: skrift, reikningur, íslenska, danska og stundum landafræði. Ekki myndi þykja mikils mega vænta nú á tímum af svo skammvinnu skólahaldi en það mun þó sannara, að kennsla þessi hafi haft stórmikla þýðingu fyrir þá, sem hennar nutu, og svo fyrir menningu sveitarinnar, er stundir liðu. Má einkum rekja þess fjölmörg dæmi, að þeir sem skóla þennan sóttu, hafa náð þar, og svo af eigin rammleik síðar, furðanlegri leikni í meðferð móðurmálsins, bæði stílsetningu og réttitun, svo síðari tíma kynslóðir sem meira hefir verið gert fyrir, mætti vara sig á samanburðinum.

Töluvert er um það kvartað í gerðabók félagsins að skólaframkvæmd þessari sé sýnt tómlæti, þurfi eftirgangsmuni til að fá nemendur í skólann o.s.frv. enda þó kennsla sé ókeypis. Þó ekki verði með vissu um það vitað, þykir mér sennilegra að treg aðsókn að skólanum hafi meira verið af völdum eldri kynslóðarinnar, en unglingsanna, sem aldur höfðu til að sækja hann. Mun þetta tómlæti hafa kveðið niður framhald kennslunnar, enda tók mjög að þynnast félagsliðið er frá leið. Eldri menn voru þá allir farnir úr því, nema Jón á Gautlöndum. Varð það úr, veturinn 1883, að starfsemi félagsins var breytt þannig að það hætti skólaafskiftum, en tók að kaupa útlendar bækur, er gengu á milli félagsmanna. Hélt það þeim hætti fram yfir 1890, og voru félagsmenn jafnan milli 10 og 20. Keypti það margar valdar bækur, einkum skáldrit. Síðar meir gengu þær bækur til Lestrarfélags Mývetninga og mun í safni þess mega finna bækur með árituðu nafni Menntafélags Mývetninga.

Ekki má ganga fram hjá því að minnast á hreyfingu, sem gerði vart við sig hér um þessar mundir, enda þótt hún leiddi ekki til neinna skipulegra samtaka, eða félagsskapar.

Eins og kunnugt má vera var svo skipað, bæði hér og í öðrum sveitum alla 19. öldina, að ekki svo lítil hluti íbúanna var fólk í vistum. Um 1860 var 23% af íbúatölu hreppsins vinnufólk *hjá vandalausum*. Uppkomin börn hjá foreldrum þar að auki. Þetta hlutfall mun hafa farið nokkuð lækkandi er á leið öldina, enda var þá lagaskylda þeirra, sem ekki höfðu eigið heimili, að ráða sig í vist (vistarbandsskylda) og var það reyndar gert til að afstýra flakki, sem löngum hafði verið hin mesta plága, einkum í hallærum. Kjör þessara vinnuhjúa voru ærið misjöfn, sem nærri má geta þótti þeim jafnan miklu skifta, og jafnvel mestu áður fyrr, hvernig matarvistin var á hverjum stað. Eins og gengur var misjafnlega til bús lagt á bæjum, en að sjálfsögðu urðu hjúin að svelta með húsbændum sínum, ef þurrð varð í búi, sem ekki var óalgengt. Vinnuharka var almenn, og vinnutími langur, jafnvel vetur og sumar, þar sem fastast var gengið að tóskap. Kaupgjald var að sjálfsögðu mjög lágt, en mikill vandi úr því að skera, hvort búskapurinn gat að jafnaði borið uppi herra kaup, en greitt var, eins léleg og ótrygg sem markaðsskilyrði og búnaðarskilyrði þá voru. Víðast hvar var kaupgjald að mestu leyti greitt í kindafóðrum og fatnaði. Í góðærum gat arður af fjáreigninni svarað

góðu kaupi, en í harðærum var vinnufólkið að sjálfsögðu í sama bát og húsbóndinn, ef áföll urðu á fjárstofninum, eða arði hans. Má og sömu orð viðhafa um það, að mismunur í viðurgerningi hjúa og húsbænda viðgekkst hér hvergi, svo orð væri á gerandi, eða var að minnsta kosti mjög fágætur. Hitt leiddi af sjálfu sér, þar sem framboð af vinnufólki var þá að jafnaði meiri en brún þörf, eða eftirspurn krafði, að það átti allmikið undir högg að sækja um að fá kjör sín bætt, og það því fremur, að kjarakúgun þess var aldagömul og landlæg. Þrátt fyrir þetta fór kaupgjald smáhækkandi, allt frá miðri öldinni, en þó sennilega tæplega í hlutfalli við hækkad verðlag, en þess urðu hjú að vísu aðnjótandi, ef þau áttu skepnur. Á áratugnum 1870 – 1880 virðist togstreita hafa aukist milli hjúa og húsbænda um kaup og kjör. Má það af ýmsu ráða, en gleggst vitni um það er, að vorið 1875 (frekar en 1874) var boðað til fundar með öllum vinnuhjúum, og hann haldinn í Hrótey, og var beinlínis til hans stofnað í því augnamiði að gera samtök um kaupgjald.

Aðalhvatamaður þessa fundarhalds, er talinn hafa verið Jón Þorláksson frá Skútustöðum (Jón var sonur Þorláks prests Jónssonar á Skútustöðum, sjá Reykjahlíðarætt [## gamla útgáfan] bls 30). Eftir dauða föður síns (1870) gerðist hann húsmáður á Kálfaströnd, unz hann fór alfarinn héðan úr sveit 1876. Hann var því aldrei hjá vandalausum, en hafði þó forgöngu um þetta mál. Aðrir forsprakkar helstir voru þeir Sigurður Hinriksson (bróðir Jóns Hinrikssonar) þá vinnumaður á Kálfaströnd, og Jón Hjaltason (systursonur Einars prests Hjaltasonar) vinnumaður á Grænavatni. Ekki verður vitað hvaða aðdragandi kann að hafa verið til þessa fundarhalds, enda engar skjallugar heimildir til um hann eða gerðir hans. Haldið er, að hann hafi ekki verið jafn fjölmennur og efni gátu staðið til, og síst af kvenfólki. En um tilgang hans er ekkert vafamál, og álitid er, að samþykktir hafi þar verið gerðar, hversu svo sem á þeim hefir verið haldið í framkvæmdinni. Engar spurnir eru af því að slíkur fundur hafi nokkru sinni verið haldinn hér aftur, og má vera að hreyfing þessi hafi hjaðnað svo fljótt vegna þess að aðalforsprakkinn, Jón Þorláksson, fluttist héðan alfarinn á næsta ári.

Þó samtakatilraun þessi næði svo skammt, sem nú var sagt, er ekki fyrir það að synja, að hún kunní að hafa haft nokkur áhrif. Víst er um það að kaupgjald hækkaði töluvert á þessum áratug, og hitt kemur fram í sveitarblöðum, svo sem fyrir segir, að kröfur í lifnaðarháttum fóru hækkandi. Hefir að vísu verið gerð grein fyrir því áður, að til hvors tveggja lágu almennar ástæður að nokkru, en ekki er ósennilegt, að samtök þessi, þó lítilfjörleg væri og skammvinn, hafi getað reynst hjúum stoð í því að fá hlut sinn í almennt batnandi lífskjörum, betur úti látinn. En hvað sem álíta má um árangurinn, er hitt víst, að hér er um að ræða langfyrstu tilraun til verkalýðssamtaka á Íslandi, þó hennar sé, vegna ókunnugleika, að engu getið í almennri sögu þeirrar hreyfingar hér á landi.

Á sömu misserum og félög þau og samtakahreyfingar sem nú hefir verið rætt um, komu fram, hófst sveitarblaðaútgáfan - og þó ef til vill litlu fyrr. Ekkert hefir varðveizt af hinum fyrstu blöðum, sem út voru gefin, og fer nú tvennum sögum um, hvort fyrr hafi út komið, blað sem Jón Jónsson (Jón í Múla) þá á Litluströnd, gaf út og nefndi „Heimdall“, eða blað, er Jakob Hálfðánarson gaf út, og nefndi „Hrúta-Grím“. Hið síðarnefnda kom út veturinn 1873 – 74, en hið fyrrnefnda ef til vill ári fyrr. Hitt er þó sennilegra að það hafi verið hinn sama vetur, en nánari rannsókn á þessu verður ekki náð. Síðan gaf Jakob út blaðið „Kára“, 1874 – 75 og 1875 – 76. Af Kára hefir varðveizt eitt tölublað. Þá taka við ýmsir yngri menn, og hélt svo fram, frá þessum tíma, og að minnsta kosti til 1892, samfleytt, að sveitarblað kom út á hverjum vetri og stundum tvö í senn. Frá þeim tíma til aldamóta var útkoma þeirra slitrótt, en þó nokkur, og hefir lítið varðveizt af þeim blöðum, en allmikið af hinum, sem út komu frá 1878 – 90.

Af þeim mönnum, sem mest voru riðnir við blaðaútgáfu á þessu tímabili, má auk þeirra, sem þegar eru taldir einkum nefna: Þorgils Gjallanda, Pétur á Gautlöndum, Jón Hinriksson, Jón Sigurðsson á Gautlöndum, Helga Jónsson Grænavatni, Kristján Jónsson (síðast í Álftagerði), Steinþór Björnsson og þá bræður, Stefán Stefánsson í Neslöndum og Hjálmar Stefánsson. Af þessum

mönnum virðist Pétur á Gautlöndum hafa verið langsamlega þrautseigastur og ritað um fjölbreyttustu viðfangsefni. Var hann næstum óslitið riðinn við blaðstjórn frá 1876 – 1889. Ekki sést að Þorgils Gjallandi hafi verið í útgáfustjórn annarra blaða en „Reikuls“, 1878 – 79, en ritaði hins vegar alloft í þau blöð, sem aðrir gáfu út. Langlífasta blaðið var „Óspakur“ sem kom út í 5 ár samfleytt (1882 – 1887) en önnur blöð urðu engin eldri en tvævetur, að því er séð verður.

Umræðuefni sveitarblaðanna voru margvísleg, og verða ekki rakin í stuttu máli. Mest og oftast er rætt um dagskrármálefni í sveitinni á hverjum tíma: Félagslíf, menntamál, búskap, viðskifti o.s.frv. Er það alloft í ádeilu formi, en fræðandi ritgerðir eru þó ekki svo fáar, einkum viðvíkjandi búskap, viðskiftum, og öðrum fjármálum. (Jón á Gautlöndum gaf t.d. í tvo vetur (1881/82 og 1882/83) út blað, er mest ræddi slík málefni, og var nokkuð í stíl við „Atla“ Sr. Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal). Þá er og tíðum deilt á hjátrú og hindurvitni, gamlar venjur, og trúaratriði, og leiddi það stundum til langstæðra deilna, einkum ef tvö blöð voru gefin út samtímis. Fróðleiksmolar eru oft í blöðum þessum, teknir víðsvegar að, svo og kímni, og þótti eigi ávalt græskulaus, þeim sem fyrir urðu. Nokkur kvæði er að finna í blöðum þeim er geymst hafa, flest eftir Jón Hinriksson, en skáldskapar í óbundnu máli verður hvergi vart, og er það að vísu næsta eftirtektarvert, að því skuli hvergi fyrir bregða.

Bert er það af ýmsum ummælum blaðanna, enda í minni alls eldra fólks, að þau hafi vakið eftirtekt og umtal, og þrásinnis valdið nokkrum deilum og flokkadrætti, sem vonlegt var að vísu, því oft var höggvið óvægilega að gömlum siðum og venjum, svo og framkomu manna og viðhorfi við dagskrármálum hvers tíma. Þó má telja brennt fyrir að lífsskoðanir og trúmál, í dýpri skilningi, væri tekin þar til umræðu eða ádeilu. Aftur á móti var deilt á *framkvæmd* ýmsra guðræknisíðkana, eins og t.d. húslestra, er víða virðast hafa verið um hönd hafðir meira af vana og missskilinni skyldu, en eiginlegri helgisíðatilfinningu. Er t.d. bert af svargreinum, sem komu fram gegn ádeilum á framkvæmd húslestra, að mikill stýrr hafði risið um þetta í sveitinni, og af ýmsum skoðað sem helgisþjöll að gerðar voru aðfinnslur við slík trúræknisatriði, því líkt sem ráðist hefði verið á trúartilfinninguna sjálfa.

Ekki verður sagt að til sveitarblaðaútgáfunnar væri stofnað í nokkrum afmörkuðum tilgangi, öðrum en þá þeim að skapa sér verkefni, eða tilefni til að kljást við þau, og svo öðrum dægurvöl. Þar var engum kenningum að mönnum haldið, hvorki í landsmálum eða lífsskoðunum, en eigi að síður leiddu sveitarblöðin nýja öld í garð, með því róti sem þau komu á hugsanalíf fólksins og umræðuefni, og verða áhrifin af því, að eðlilegum ástæðum, hvorki mæld né vegin.

Um það verður hvergi fundin glögg vitneskja hvenær fyrst hefir verið stofnað hér til almennra og opinberra mannfunda til skemmtunar og fróðleiks. Vera má að það hafi verið nokkru fyrr en Menntafélagið var stofnað (1874) og víst er að minnsta kosti að um sumarið fyrir var haldin mikil útisamkoma á Grænavatnsgrundum í minningu um 1000 ára byggð Íslands. Það tilefni var svo einstakt, að vel mætti vera, að þvílíkar samkomur hafi aldrei verið boðaðar hér áður. En nokkru síðar, eða fyrir 1880, komst sá siður á, og hélst að sögn nokkra vetur, að almennir skemmtifundir voru haldnir stöku sinnum, að Haganesi. Þar var þá húsrými nokkurt, og að minnsta kosti vistlegra en hið gamla þinghús að Skútustöðum, sem bæði var þröngt og dimmt, og þægindalaust með öllu. Var það byggt upp úr framkirkju gamallar kirkju á Skútustöðum, er lögð var niður, er núverandi kirkja var reist þar á árunum 1862 – 1864.

Talið er að fundir þessir í Haganesi hafi mest verið fyrir yngra fólk, en þó munu menn á ýmsum aldri hafa komið þangað. Fóru þar fram umræður og skemmtanir aðrar, eftir því sem aðstaða leyfði. Þar hafði Jakob Hálfðánarson forgöngu að því að halda *sunnudagaskóla*, þar sem ungu fólki var gefinn kostur á að æfa sig í reikningi, réttitun o. fl. Engar skráðar heimildir eru um þetta, en munnmælin eru vafalaust ekki tilhæfulaus. Er Jakob talinn hafa veitt þarna tilsögn, og einnig Jón Jónsson, Árnasonar á Skútustöðum (d. 1879) en trúlega hafa fleiri

komið þar við sögu. Vafalaust hefir hér ekki verið um víðtækt nám að ræða, en gat þó orðið þeim að nokkru liði, sem höfðu dáð til að stunda það. Engin vitneskja liggur fyrir um það, hvort nokkurt samband hefir verið milli þessa sunnudagaskólahalds, og skemmtifunda þeirra, sem um getur á sama stað. Er þó nokkur ástæða til að ætla að „skólalaldið“ hafi verið fyrir á ferð - jafnvel fyrir eða um 1870 - því eftir að Menntafélagið gekkst fyrir skipulegri unglingaskóla, upp úr 1875, var minni ástæða til að halda uppi annarri tilsögn fyrir unglinga

Til þess félagslífs, er fundirnir í Haganesi sköpuðu má rekja upptök tveggja félaga, er um þessar mundir risu hér upp, að hvötum ungra manna. Var annað til samtaka um verzlun, og stóðu einungis að því ungir menn og búlausir. Var það að vísu í líku horfi og félagsskapur sá er bændur höfðu áður, eða frá 1855 – 1870, um að verzla í samlögum við þann kaupmann, er bezt kjör biði, það og það árið, en féll niður um það leyti sem Gránufélagið hófst, og menn tóku að varpa allri von sinni á það um almennar verzlunarbætur.

Þetta verzlunarfélag ungra manna, er Pétur á Gautlöndum veitti forstöðu, snéri viðskiftum sínum til kaupmanna á Akureyri, og tókst að ná verulegum „prísabótum“, eins og það þá var kallað. Á þessum sömu misserum, 1879 – 1881, tók Jakob Hálfðánarson jafnframt að hefja tilraunir með pantanir smávarnings frá útlöndum fyrir ýmsa hér í sveit (Jakob getur þess í „Endurminningum“ sínum, að sú hugmynd hafi fyrst komið til umræðu á einum Haganefundanna) og eins útvegaði Jón á Gautlöndum mönnum alloft vörur, einkum til fatnaðar, frá verzlunum í Reykjavík - en um hvorugt þetta stóð þó nokkur afmarkaður félagsskapur. Allt þetta hafði töluverða hagsmuni í för með sér, en mesta þýðingu höfðu þessar tilraunir fyrir þá sök, að þær vörðuðu forgöngumönnum þeirra leið að stofnun Kaupfélags Þingeyinga, sem þessir menn áttu einna veigamestan þátt í. Er það allt nánar rakið í sögu K.Þ., en hér skal það einungis tekið fram, sveitarmönnum til lofs að þeir tóku, öllum héraðsmönnum fremur, óskiftan þátt í stofnun og upphafsviðskiftum K.Þ. Þar verður eigi talið að nokkur hafi skorist úr leik, eða dregið sig í hlé um, að hafa strax öll þau viðskifti við félagið er það gat annast.

Annað félag, sem upp reis á þessum misserum, Jarðabótafélag Mývetninga (nú: Búnaðarfélag), stofnað 1879. Mun stofnun þess fyrst hafa verið hreyft á fundi að Haganesi. Af gerðabók félagsins verður helst ráðið að þeir Jón Jónsson (Jón í Múla) og Pétur á Gautlöndum hafi verið helstu hvatamenn þessarar félagsstofnunar. Veitti Jón félaginu forstöðu fyrstu árin, en Pétur síðan, allt til 1895. Félag þetta starfaði lengi framan af með þeim hætti, að félagsmenn greiddu árstíllög sín með vinnu, einu dagsverki eða fleirum, er síðan var úthlutað gefins til þeirra manna, er eitthvað sérstakt færðust í fang um jarðabætur, það og það árið. Var fylgst með því að úthlutun þessi skiftist réttilega milli félagsmanna, þegar yfir lengra tímabil var litið. Enginn vafi er á því að þessi tilhögun hvatti menn mjög til framkvæmda og fullyrða má að lengri eða skemmri dráttur hefði orðið á framkvæmdum ýmsra jarðabóta, er gerðar voru á upphafsárum félagsins, ef þessi uppörvun hefði ekki komið til. Er í fyrsta kafla þessa þáttar talin upp nokkur helstu jarðabótarmannvirki, er hér voru unnin á fyrri árum félagsins og vísast til þess. Eftir 1890 hélt félagið vinnuflokka nokkur vor að minnsta kosti, en tilhögun um gjafadagsverk hélst þó enn. Lítilsháttar opinberan styrk fékk félagið strax á hinum fyrstu árum, og svo alloftast síðar. Var honum ýmist varið til verkfærakaupa (handverkfæra, þar til 1898, að keyptur var plógur, herfi o.fl.) eða á annan hátt í almenna þágu félagsmanna.

Þá er rétt að geta hér „Þjóðliðs Íslendinga“. Þó sú félagsmyndun væri að vísu hugsuð sem landssamtök og starfaði að minnsta kosti sem héraðssamtök, þá snerti hún Mývatnssveit mjög sérstaklega, bæði vegna þess, að helstu upphafs og áhrifamenn þjóðliðsins áttu hér heima, og svo hins að þátttaka var hér mjög almenn og áhugi fágætur.

Tildrög þessa félagsskapar voru þau, að þegar kom fram um 1880 þótti það sýnt, og reyndar fullreynt, að fyrirheit þau um stjórnarfarslegar umbætur, sem felast

áttu í stjórnarskránni frá 1874, og fagurmælum dönsku stjórnarinnar í sambandi við Þjóðhátíðina, myndi aldrei efnd verða. Var lögum frá Alþingi þrávalt neitað staðfestingar, og réttarbótum þeim, sem þingið fór fram á, sífellt vísað frá. Út af ofbeldi þessu óx fram mjög almennur áhugi fyrir stjórnámálum hér á landi, og í Þingeyjarsýslu varð hann því almennari, að helstu oddistar stjórnmalabaráttunnar þá á Alþingi, voru hér búsettir, þeir Benedikt Sveinsson sýslumaður og Jón á Gautlöndum, og enn fremur tveir þingskörungur aðrir, þeir Einar í Nesi og Benedikt próf. Kristjánsson í Múla. Hinir yngri menn héraðsins vildu nú, í samvinnu við þessa menn, stofna öflugan stjórnmalaflokk, til fulltingis við stefnu þeirra í stjórnarskrármálinu, og svo í öðrum framfaramálum er eigi höfðu náð fram að ganga. Var leitað samtaka héðan víða um land, og við íslenska stúdenta í Kaupmannahöfn. Fengust góðar undirtektir í upphafi, en litlar er á reyndi. Á grundvelli þessara undirtekta var þó flokkurinn stofnaður á fundi að Einarstöðum 1. desember 1884 og nefndur „Þjóðlið Íslendinga“. Var skipulag hans með herstjórnarsniði, og skiftust félagsmenn í fylkingar, sveitir og deildir. Var ein slík fylking - með undirsveitum - hér í Mývatnssveit, undir forustu Jóns Jónssonar (í Múla) en Pétur á Gautlöndum var yfirforingi alls liðsins. Í þessari fylkingu hér voru um 90 manns, karlar og konur á ýmsum aldri, og þó flest ungt fólk. Var áhugi mikill í liðinu, og þó réttar nefnt eldmóður, því naumast mun nokkur félagsskapur hafa gripið menn jafn föstum tökum hér og Þjóðliðið. Má og sjá að svo hefir einnig verið víðar hér í sýslunni, eftir bréfum og skýrslum til yfirforingja að dæma.

Þjóðliðið varð ekki langlíft. Það gekkst fyrir Þingvallafundi (almennum þjóðfundi) sumarið 1886, og mun hafa verið ætlunin að landsamtökin kæmist þá á, jafnframt því að fundurinn hrinti baráttumálunum áfram. Ekkert varð þó úr almennum samtökum, og má segja að með því væri Þjóðliðið úr sögunni, sem sérstakur félagsskapur. En samtök og samhugur Þjóðliðsmanna í þessu héraði varaði þó miklu lengur, þó í annarri mynd væri og höfðu djúptæk áhrif á meðferð og úrlausnir annarra menningarmála í héraðinu. Verða þau ekki aðskilin fyrir þessa sveit sérstaklega. Er eigi vitað að önnur stjórnmalasamtök væri mynduð hér á næstu áratugum, og sannar það að vísu eigi tómlæti manna í þeim efnun, t.d. sýnir yfirlýsing og áskorun frá almennum sveitarfundi að Skútustöðum 19. marz 1895, undirskrifuð af rúmum 20 bændum hér í sveit, að enn lifði í gömlum glæðum frá Þjóðliðsárunum, enda fjallaði yfirlýsingin um hið sama stjórnarfarsatriði og hitaði mönnum mest áður, og lítið hafði um bætzt. Undirritendur voru flestir gamlir Þjóðliðsmenn.

Jafnhliða þeim félögum, sem nú hefir verið rætt um störfuðu önnur, sem minna bar á, um lengri eða skemmri tíma. Til þessa má meðal annars nefna félagsskap með nokkrum mönnum og konum, er hélst við um 2 – 3 vetur (1884 – 1886) ef ekki lengur. Sjálfir munu þátttakendur ekki hafa nefnt þennan félagsskap nokkru sérstöku nafni, en aðrir nefndu það „Huldufélagið“. Eins og það nafn ber með sér fór alldult um viðfangsefni og tilgang félags þessa, en talið er að á fundum þess hafi einkum verið rætt um bækur, er félagsmenn höfðu til lestrar, og þá sennilega ekki síst útlendar bækur, sem Menntafélagið útvegaði um þær mundir. Lá það orð á, að „fríhyggja“ og trúleysi var allmjög ríkjandi innan félags þessa, og töldu menn þar helst til Jón Stefánsson [Þorgils Gjallanda], Jón Jónsson í Múla, og Pétur á Gautlöndum. Engin sýnileg áhrif liggja eftir félag þetta, en eftirtektarvert er það að vísu að menn skyldi þá þegar taka upp þann hátt að halda uppi einskonar „leshring“, og má vera að það hafi ekki orðið áhrifalaust, þó ekki sæi ákveðinn stað.

Á sömu misserum, og þó sennilega allt frá 1882, höfðu ungir piltar, um og innan tvítugsaldurs, félagsskap nokkurn með sér, og þó eigi fullmótaðan að sinni. Þeir höfðu stöku sinnum fundi með sér, og létu blað ganga á milli sín, er þeir nefndu „Mývetning“, en létu ekkert uppi um nafn félags síns. Virðist það hafa orðið sveitar siður, svo ekki sé nefnt faraldur, um þær mundir, að gefa út blöð, því heimildir eru t.d. fyrir því, að einn vetur, að minnsta kosti, gáfu unglingsstúlkur á fermingaráldri út skrifað blað, er þær létu ganga á milli sín, en ekki annarra að vísu,

enda höfðu þær einskonar félagsskap með sér. Upp af því spratt það, að ungramanna félagið, sem áður er nefnt, bauð þessum stúlknaðóp í félag sitt, sumarið 1885, og var þá stofnfundur svonefnds „Vilja“-félags haldinn, og fundarstaður valinn uppi á Belgjarfjalli. (Einn af stofnendum, Helgi Sigurjónsson á Grímsstöðum er enn á lífi (1955) í hárrí elli, fæddur 1866). Hést það félag við nokkuð fram yfir 1890. Helsti hvatamaður að stofnun félags þessa, og formaður meðan hans naut við var Helgi Stefánsson frá Arnarvatni (hálfbróðir Þorgils Gjallanda). Hann fór til Ameríku vorið 1890. Félag þetta hélt úti almennu sveitarblaði, suma vetur að minnsta kosti og hafði að öðru leyti mjög lík verkefni með höndum, eftir því sem aðstæður leyfðu, og ungmennafélög þau, er síðar risu upp hér í landi. Er gerðabók þess enn við líði, með félagslögum og fundargerðum, en félagskrá er þar ekki að finna. Eftirtektarvert ákvæði var það í félagslögnum, þar sem ræðir um tilgang félagsins og markmið, er það meðal annars tiltekið að „æfa félagsmenn í ræðumennsku“. Ekki er vitað hvernig því hefir verið framfylgt, né heldur um árangurinn.

Enginn vafi er á því að Vilja-félagið er langfyrsta ungmennafélagið á Íslandi, þó enginn hafi kunnað að upplýsa það, þegar samið var minningarrit þeirra félagsamtaka.

Enn má færa það til félagslegra samtaka að 8 bændur hér í sveit, flestir ungir, bundust félagsskap um það árið 1884 að stofna sparisjóð til ávöxtunarfjár og útlána innan sveitar. Þó það væri auðvitað tilætlanin að sjóðurinn byggðist upp af innlánnum, varð stofnendum brátt ljóst að ekki var mikils ávöxtunarfjár að vænta frá sveitarmönnum, og það því síður að rétt eftir 1885 skall yfir ein hin óþyrmilegasta viðskiftakreppa fyrir landbúnaðinn, ásamt miklu harðæri, enda kom það á daginn, að sjóðnum barst lítið fé. Til að bæta að nokkru úr því tóku stofnendurnir til þess ráðs, að taka 800 kr. lán úr Viðlagasjóði Íslands, en þau fengust með góðum kjörum, ef fasteignarveð var fyrir. Fengu þeir veðleyfi fyrir jarðeign hjá Jóni Jónassyni á Grænavatni, en gengu allir í sjálfsskuldarábyrgð gagnvart honum. Er það athyglisvert að þessi litla upphæð, í augum núlifandi manna, gæti orðið úrlausn, sem máli skifti, um lánsþörf manna - en menn veltu ekki miklum upphæðum í þá daga. Fé þetta, ásamt því smáræði, sem sjóðurinn fékk til ávöxtunar af öðru fé, var svo lánað út með nokkrum vaxtahagnaði, og hélt svo við fram yfir aldamót. Auðvitað voru engin laun tekin fyrir starfsemi við sjóð þennan, og var varasjóður hans 260 kr. er hann hætti störfum. Var sú upphæð geymd á vöxtum, óráðstöfuð í meira en 30 ár, en þá ákvað sá stofnendanna, sem lengst lifði, Helgi hreppstjóri Jónsson á Grænavatni að afhenda sjúkrasjóði Mývetninga hana til eignar. Nam hún þá rúmum 1000 kr.

Þá má nefna það að árið 1884 bundust nokkrar ungar konur í félagsskap um að kaupa 30 þráða spunavél, útlenda. Hefir það vafalaust staðið í sambandi við að 2 árum áður setti Magnús Þórarinnsson á Halldórsstöðum upp kembivélar þar og bar því nauðsyn til að geta komið meira verki fram um spuna en áður. Vafalaust hefir þetta verið fyrsta handspunavélin hér á landi, en þeir meinbaugir reyndust á um félagslega notkun hennar, að vegna stærðar var mjög óvída húsrými fyrir hana. Þó var hún notuð hér um nokkur ár, og virðist reksturinn hafa gengið vel, fjárhagslega. Síðar var hún þó seld að Halldórsstöðum í Laxárdal, enda var þá litlu þar á eftir farið að smíða hér minni spunavélar, sem handhægari þóttu.

Af því sem hér hefir verið sagt, virðist ljóst, að á tímabilinu frá 1874 – 1890 hefir hugarfar manna hér í sveit verið einkar frjótt fyrir félagsskap og hverskonar samtök, bæði í andlega og verklega stefnu. Þá varð félagslíf hér svo víðtækt, að ekki hefir orðið fjölbreyttara síðan, og nokkur félög frá þeim tíma starfa enn í dag, en að öðrum liggja ræturnar þangað aftur, þó eyður hafi orðið í starfseminu með köflum.

Svo mun almennt litið á, að þetta fyrsta blómaskeið félagslífsins hér í sveit megi einkum þakka nokkrum mönnum, er uppvaxandi voru eða ungir, er það hófst, og síðan á blómaskeiði aldurs síns, er fram á það leið. Hafa nokkrir þeirra verið nefndir. Sízt er að efa að félagslífið hefir mest eflst af forgöngu þeirra manna, er í

senn voru sigurvissir, ósérplægnir og þrautgóðir. En hið fjölbreytta félagslíf fólks á ýmsum aldurs skeiðum bendir ótvírætt til þess að viljinn til félagslegra samtaka og þátttöku var mjög lifandi og rótgróinn, en einmitt slíkur félagsandi var hin öflugasta stoð þeim mönnum, er vegna hæfileika og aðstöðu höfðu gerzt forystumenn um hin almennu félagsmálefni.

Einn alvarlegan örðugleika átti öll félagsstarfsemi þeirra tíma við að stríða, þ.e. húsnaðisleysi til fundarhalda. Þinghúsið gamla, sem áður er minnst á, var lítið stærra en miðlungsstofa á bæjum, og auk þess dimmt og kalt og á allan hátt óvistlegt, svo það þótti engu betur henta fyrir mannfundi en ýms bæjarhús, nema síður væri.

Eigi er sýnilegt að uppástungur um byggingu nýs þinghúss eða samkomuhúss, hafi komið fram fyrir en 1885. Þá varpar Pétur á Gautlöndum þeirri hugmynd fram í sveitarblaði að byggt sé nýtt hús úr steini (þá var Steinþór Björnsson nýbúinn að standa fyrir byggingu steinhúsa á Stóruvöllum og að Hólum í Laxárdal, og mun hér gæta áhrifa frá þeirri nýjung), allrúmgott, með íbúð á lofti til að léttu undir um kostnað, enda fylgi því skylda um hirðingu á húsinu. Ennfremur ráðgerir hann unglingskólahald í húsinu, og miðar það að sjálfsgöngu til stuðnings við framhald á unglingskóla Menntafélagsins. Ekki verður séð að nokkur hafi orðið til að rita frekar um þessa djörfu og nýstárlegu hugmynd, til meðmæla eða andmæla, en hreyfingu hefir þetta þó vakið því vorið 1886 er stofnað til hlutaveltu (hinnar fyrstu hér í sveit ?) til að styrkja framkvæmd þessarar hugmynda. Safnaðist þar nokkurt fé, sem var ávaxtað þannig, að keyptar voru 10 ær, sem síðan voru leigðar út, og ávallt kallaðar „tombólu ærnar“. En 10 ár liðu þangað til verk var hafið og tombólu ærnar innleystar. Vitanlega var hér um alveg óvenjulegt kostnaðarmál að ræða, sem þeim mun örðugra var að hrinda á stað til framkvæmda, að ótilhlýðilegt þótti með öllu á þeim tíma að sveitarsjóður bæri kostnað af slíkum framkvæmdum, eða að minnsta kosti ekki fram yfir það sem ströng nauðsyn krafði um húsnaði fyrir manntalsþing og hreppamót, er bændur einir sóttu, og til þess mátti í lengstu lög nota gamla þinghúsið. Hafa þessar almennu ástæður vafalaust tafið og torveldað framkvæmdir. Þó hefir viðhorfið í þessum efnum breytzt, er frá leið, því eigi síðar en 1894 er tekið að leggja á í útsvörum fyrir væntanlegum kostnaði við þinghúsbygginguna, en húsið var reist árið 1896. Stóð yfir í nokkur ár að fullgera það, og er því all torvelt að vita glögglega um byggingarkostnað þess, þó ýms plögg um það hafi varðveitt. En eftir því sem næst verður komist hefir hann orðið um 5000 kr. Sé sú upphæð umreiknuð eftir hlutfalli afurðaverðs og kaupgjalds þá og nú (1955) svarar þetta til ekki minna en 250 þúsundum króna í núgildandi mynt. Með því er þó ekki nema hálf sögð sagan, því fyrir 60 árum var fjárráðum manna og hag öllum svo háttað, að 5000 króna framlag þá var miklu meiri fórn en hærri upphæðin væri mönnum nú. Láta mun nærri að sveitarsjóður hafi greitt um 4/5 hluta kostnaðar - að nokkru með lántöku í Söfnunarsjóði sem stóð afborgunarlaus fram yfir 1920. Önnur fjárfraðslög komu inn á hlutaveltum (1886 og 1896) og ennfremur var öllum flutningskostnaði efnis og vinnu við kjallaragerð jafnað niður með nefgjaldi, enda átti hver og einn rétt á að vinna þau skyldustörf af sér. Voru menn yfirleitt viljugir til framlaga til þessa verkefnis og fögnuður mikill og almennur í sveitinni, er húsið var komið upp. Mun og mega ætla að þá hafi ekki annars staðar verið myndarlegra samkomuhús til sveita hér á landi. Gerðust þá almennir mannfundir tíðari og reglubundnari. T.d. var þess skammt að bíða að upp var tekið að halda hina svokölluðu slægjufundi á hverju hausti, og sumarmálasamkomur, ef tíð leyfði.

Áður en þinghúsið var byggt voru engin tiltök að halda hér almennar samkomur, eða fjölmenna fundi, nema að sumri til, og var þó alltaf háð veðri, hversu til gat tekist. Er þess þó getið að framan að þetta var stöku sinnum reynt um vetrartíma (sbr. Haganefundina) en ræður að líkum að þeir fundir hafa ekki getað fjölmennir verið, í stofu sem í mesta lagi hefur verið 3x4 m að stærð. Um almennt boðaðar útisamkomur, fyrir þennan tíma, eru engar heimildir nema um þjóðhátíðarsamkomuna á Grænavatni 1874, sem áður er á minnst. Sennilega hefði

einhverjar sagnir um þær geymst, ef að hefði kveðið, og verður þetta að liggja á milli hluta. Á Þjóðhátíðarsamkomunni blakti hér í fyrsta sinni fáni á stöng, að talið er. Var það fálki á bláum feldi, er Arngrímur Gíslason málari hafði dregið upp, og þótti mönnum mikið til koma. Þar voru ræður fluttar og kvæði (Jón Hinriksson), hestar reyndir, glímt, og fleira til skemmtunar haft. Glímur voru hér annars oft um hönd hafðar, enda nánast dagleg íþrótt, að talið er, þar sem ungir menn hittust fyrir. Meðal annars iðkuðu menn glímur mikið, er á dorg var setið, og tekja var stopul, enda þá þörf á hreyfingum, ef kalt var í veðri. Var alltítt þá og endranær, að safnast var til bændaglímu. Mun lýsing Þorgils Gjallanda í „Upp við fossa“, af bændaglímu, og hvernig til hennar var stofnað, vera hárrétt frásögn af því, sem hann þekkti til hér um þessa íþrótt. Þá þótti það og vel hlýða að menn gerði út um ágreiningsmál sín með glímu, þ.e. einskonar hólmgöngu. Sjaldan mun þó hafa verið til slíks stofnað, í styttingi, því yfirleitt var glíman iðkuð hér sem íþrótt, en eigi kappleikur, og mæltist ávallt illa fyrir, ef menn neyttu aflsmunar í glímu, eða beittu ofurkappi. Voru hér og löngum nokkrir ágætlega mjúkir og fimir glímumenn, sem eigi voru ávalt burðarmenn að sama skapi, og höfðu þó betur en þeir sem sterkari voru. Mótaðist smekkur almennings fyrir glímu mjög af íþrótt þeirra.

Eigi verður með vissu vitað hvenær dansíþróttin var fyrst innleidd hér, en ætlan elstu manna, er ég hefi náð til, er, að það hafi verið milli 1860 og 1870. Ekki hefir sú íþrótt þó útbreiddst mjög óðfluga í fyrstu, því um 1880 er talið að margt af ungu fólki hafi ekki kunnað að dansa, eða lagt stund á það, þó færi gæfist. Á síðustu áratugum aldarinnar mun dans hafa verið stundaður mun meira, og þó alls ekki náð til alls uppvaðandi fólks. Sérstök dansboð (böll) munu þá hafa verið fágæt, en alloft hafði ungt fólk gripið tækifærið til að dansa eftir messugerðir, og að sjálfsgöðu í brúðkaupsveizlum og öðrum samkvæmum eða samkomum, þar sem við varð komið. Sennilega mun það hafa hamlað útbreiðslu dansíþróttarinnar, að óvíða voru úrræði um að spila fyrir, allt þar til harmonikur innleiddust. Vera má þó að stöku menn hafi spilað fyrir dansi á fiðlu, en þær áttu ýmsir menn hér um skeið.

Skautahlaup voru tíðkuð hér, allt hvað menn muna aftur. Sennilega mun þó hafa verið litið á skauta sem samgöngutæki fremur en íþróttatæki, og bjóða þó skautahlaup brátt upp á keppni ef iðkuð eru. En allt fram undir aldamót er skautagerð hér léleg: Skautajárnin kúpt og stutt, og oft úr lélegu stáli, sem ekki þoldi mikla herzlu. En skömmu fyrir aldamótin var tekið að smíða hér járnskauta með ásoðnu stáli neðan, sem mátti fokherða, og jafnframt voru járnin höfð mun lengri en áður. Varð þá ábyggilega mikil framför hér í skautahlaupum, en lítt var sú íþrótt til fegurðar tamin, því aðalmarkmiðið var hraðinn, og til þess að ná honum sem mestum, stungu menn sér áfram með broddstaf, en það mun ekki tíðkast þar sem skautahlaup eru stunduð sem listgrein.

Sé það rétt ályktað að skautar hafi, áður fyrr, verið fyrst og fremst álitin samgöngutæki, á það þó miklu fremur við um skíðin. Skíðagerðin í fyrri daga var ekki þannig að menn gerði sér leik að ganga á þeim að nauðsynjalausu, aðrir en unglingar. Að öllum jafnaði voru þau stutt (5 – 6 fet) og breið og á engan hátt til þess fallin að ná nokkru skriði á þeim. Bönd voru engin önnur en tábönd, og skíðaáburður þekktist að sjálfsgöðu ekki. Skíðaeign manna var mjög lítil hér í þá daga, jafnvel ekki nema 1 – 2 pör á allfjölmennum heimilum. Breytingar í skíðagerð urðu hér fyrst nokkru eftir aldamót, er inn voru flutt norsk skíði er að verulegu leyti urðu til fyrirmyndar innlendri skíðagerð. Eignuðust þá margir mjög sæmileg gögnuskíði.

Allmikil stund var lögð á söng og hljóðfærslátt hér í sveit að minnsta kosti eftir 1870. Iðkuðu þá nokkrir ungir menn að spila á fiðlur, flautur og langspil. Upphafsmáður að fiðluspili hér var Jón Jónsson í Vogum (Voga-Jón svonefndur). Var hann erlendis við smíðanáms 1848 – 1850, og lærði þá að spila á fiðlu. Þótti hann leika mæta vel á fiðlu, enda var honum margt til lista lagt. Af honum lærði fiðluspil Arngrímur Gíslason málari, er hér var búsettur um alllangt skeið á þriðja fjórðungi aldarinnar. Lék honum allt í augum uppi, er að listum laut, og er engum

vafa bundið að hann hefir haft hér töluverð áhrif til vakningar í þessum efnum, og til umbóta á smekk manna. Fengu nokkrir uppvaðandi menn til sögn hjá honum í fiðlu og flautuspíli, t.d. Hallgrímur Pétursson frá Reykjahlíð, er um langt skeið síðan var forsöngvari í Reykjahlíðarkirkju og mikill áhugamaður um söng og hljómlistarmál, allt til ellidaga. Eigi spiluðu menn þá eftir nótum, heldur eftir eyranu (eða „villt“, sem kallað var) og náðu þó allmikilli leikni. Söngkunnátta miðaðist fyrst og fremst við sálmasöng á þeim dögum, og þótti mikils um vert, og jafnvel mest, að geta komist hátt, eða hafa há hljóð. Var af gömlu fólki mjög vitnað til hinna háu hljóða Björns Björnssonar á Bjarnastöðum (föður Steinþórs á Litluströnd). Var hann lengi forsöngvari í Skútustaðakirkju, og var annar Jón Hinriksson, sem var mjúkur raddmaður og söngviss. Svo sagðist Helga á Grænavatni frá að þegar hann kom hingað í sveit aftur frá Svínadal, þá 16 ára unglingur (1871) hafi almennt, bæði í kirkjum og heimahúsum, verið sungin „nýju lögin“ (sálmalögin) eftir nótnabók Péturs Gudjohnsen (einródduð). Sennilega hafa þá „eldri lögin“ (grallara-lögin) verið skömmu aflögð. Í minnisgrein frá Hjálmari Stefánssyni eru þessir menn taldir að hafa verið mestir söngmenn í Mývatnssveit, auk þeirra, sem þegar eru nefndir: Illugi Hallgrímsson í Baldursheimi (f. 1776), Jónas Jónsson á Grænavatni (f. 1801) og höfðu þeir báðir verið forsöngvarar við kirkjusöng. Þá tilnefndi hann og bræðurna Jón og Hjálmar Helgasyni á Skútustöðum, Sigurð Hinriksson, Sigurð Magnússon, Jón Jónsson frá Skútustöðum og Sigurjón Davíðsson.

Veturinn 1873 – 1874 gekkst Jón Jónsson (Múla) fyrir því að nokkrir ungir menn í Skútustaðasókn komu saman á sunnudagskvöldum, til að æfa einraddaðan sálmasöng, og héldu saman um það um skeið að syngja í kirkju, en ekki er nú vitað hver stýrði. Mun það óefað vera fyrsti vísir til söngfélags hér í sveit. Nokkru eftir þetta, eða haustið 1879, fór Helgi á Grænavatni, þá á Skútustöðum, til Reykjavíkur að nema organslátt og söng hjá Jónasi Helgasyni, organista við dómkirkjuna. Dvaldi hann þar um veturinn. Var þetta einkum í því augnamiði, að hann gæti spilað á orgel, sem undirbúningur var hafinn til að kaupa í Skútustaðakirkju næsta vor. Mun það hafa verið fyrsta orgel, sem keypt var í kirkju í þessu héraði. Kostaði það 200 krónur. Ekki var áhlaupaverk að koma grip þessum óskemmdum á sinn stað, eins og flutningsskilyrði voru þá, og var það til ráðs tekið að flytja það á kviktrjám frá Akureyri. Var ekki horft í að senda menn eftir því um hásláttinn.

Helgi á Grænavatni var síðan forsöngvari í Skútustaðakirkju um langt skeið og æfði menn þá nokkuð til sálmasöngs, svo og annan söng. Veturinn 1880 – 1881 voru t.d. nokkrir ungir piltar hjá honum um hálfsmánaðartíma að læra fleirraddaðan söng, bæði sálmasöng og annan, og héldu þeir saman nokkuð eftir það við söngiðkanir. Var þá, litlu áður, komin út söngfræði Jónasar Helgasonar og nokkur sönglagahefti, og verða ýms lög þar brátt almenningseign og vinsæl hér, og hafa verið síðan. Varð af þessu hin markverðasta framför í söngiðkan hér. Áður kunnu menn að vísu ýmsa veraldlega söngva og þjóðlög, og sungu þá að sjálfsögðu einraddað, en hinsvegar mun kunnátta á kvæðalögum hafa verið útbreiddari, og þau meira um hönd höfð af almenningi á þeim dögum en sönglög - önnur þá en sálmalög. Í sálmasöng höfðu menn lengi haft allmikla æfingu í sambandi við húslestra, en þeir voru, að minnsta kosti um allan fyrri hluta þessa tímabils, víða lesnir daglega allan veturinn. Þótti sú athöfn fátæklegrri, ef ekki var borið við að syngja sálm fyrir og eftir. Allvíða mun þetta hafa farið bágborlega úr hendi, eftir því sem Pétri á Gautlöndum segist frá í sveitarblaðsgrein, 1885, er hann reit um framkvæmd húslestranna á þeim tíma. Telur hann að húslestrunum sé víðast hvar viðhaldið fyrir síðasakir aðeins, enda gangi víða í stympingum að „koma á lestri“. Fari svo framkvæmdir eftir því: sálmar sungnir til málamynda, og lestrarnir þeir sömu vetur eftir vetur, hespaðir af með sem mestum hraða að hægt er, svo sem fyrst sé hægt að slá í spil aftur, eða taka upp annan gleðskap á kvöldvökunni. Varð hið mesta uppnám í sveitinni út af grein þessari, og talin guðlast, og er þar þó hvergi ráðist á trúarkenningar eða trúrækni af innri þörf. Það mun þó sannast mála að grein þessi muni víða hafa stungið hinum vanabundnu húslestrum svefnþorn.

Nokkur húslestraalda mun þó hafa risið hér upp á ný, er lestrabók sr. Páls Sigurðssonar kom út 1894. Mun hún betur hafa samþýðst trúarhugmyndum manna hér, heldur en hinar eldri, enda er hún ekki eins menguð trúfræðilegum kreddum. Um aldamót munu þó mjög óvída hafa verið lesnir húslestrar hér nema þá á stórhátíðum, og þá ekki alstaðar, enda dró þá brátt að því að þeir legðist með öllu niður.

Lítill vafi er á því að alda sú um söngiðkun, sem hér hófst milli 1870 og 1880, hefir hlotið mikla vakningu og stuðning við það að einmitt á þeim áratug voru hér starfandi tveir ungir prestar, sem báðir voru ágætis söngmenn, þeir sr. Jón Þorsteinsson (Pálssonar prests á Hálsi) og sr. Stefán Jónsson (Sveinssonar prests á Mælifelli) sem síðar var prestur á Þóroddsstað. Er einkum rómað hve söngródd hans var bæði mikil og hljómfögur. Engar heimildir hafa þó geymzt um það að þeir hafi æft menn til söngs, en áhrifa þeirra mun ei að síður hafa gætt á sönghneigð manna. Á síðasta áratug aldarinnar munu einkum hafa beitt sér fyrir þessum málum þeir Hjálmar Jónsson, síðar á Ljótstöðum og Hjálmar Stefánsson, en hann var sá maður, sem lengst og bezt stundaði hér fiðluleik, eins og kunnugt er.

Markvert má það telja að fyrir og eftir 1880 voru að minnsta kosti þrívægis sýndir hér sjónleikir. Er talið að það hafi fyrsta sinn verið fyrir forgöngu Jakobs Hálfðánarsonar, og þá verið sýndur þáttur úr Pilti og stúlku, sennilega veturinn 1876. Engin frekari vitneskja hefir geymst um, hverjir að þessu stóðu aðrir. Einu eða tveimur árum seinna var sýnt leikritið „Maurapúkinn“, eftir Tómas frá Hróarsstöðum í Fnjóskadal, og stóð Jakob einnig fyrir því, og lék aðalhlutverkið. Vorið 1886 var í sambandi við almenna samkomu og hlutaveltu, sýnt leikritið „Afturhaldsmaðurinn“ eftir Ara Jónsson á Þverá í Eyjafirði. Þessir tveir seinni leikir voru sýndir í heyllöðu á Skútustöðum en óvíst er um hinn fyrsta. Engin leiktjöld höfðu verið á leiksviðinu, en búningar og gerfi talin vera allgóð. Ýmsum leikendanna þótti takast vel í hlutverkum sínum, eða sýna leikarahæfileika, og var sérstaklega svo til tekið um Torfa Sæmundsson, síðar á Birningsstöðum í Laxárdal. Að sjálfsögðu hafa áhorfendur verið lítt dómbærir á þessa hluti, því fáir munu hafa átt kost á að sjá leikið áður - en hitt er víst, að fólk hafði óblandna ánægju af leiksýningunum, og tilraunirnar að því leyti náð tilgangi sínum. Þó hafa tilraunir á þessu sviði eigi verið gerðar hér aftur fyrr en á síðustu áratugum.

Til skemmtunar og dægrastyttingar á heimilum mun helst mega telja sögulestra og kveðskap, þar sem svo var áskipað á heimilum að slíkt yrði um hönd haft. Ennfremur spil og leiki, þegar meira var við haft, t.d. fólk aðkomandi. Bókakostur á mörgum heimilum, mun um miðja 19. öld hafa verið fremur fáskrúðugur, þegar frá eru taldar sjálfsögðustu guðsorðabækur til helgihalds, að þeirrar aldar hætti. Næst þeim voru rímur almennasta bókaeignin, framan af þessu tímabili, oft skrifaðar, en þar næst stangl af Íslendingasögum, Fornaldarsögum Norðurlanda og ekki sízt riddarasögum. Fáeinir menn voru hér ávalt í Bókmenntafélaginu, en af Nýjum félagsritum og Þjóðsögum Jóns Árnasonar mun ekki hafa verið keypt nema tvö eintök hér í sveit, auk þess, sem Lestrarfélagið keypti. Það blasir því við, að þó bókakostur Lestrarfélagsins væri hvorki mikill né fjölskrúðugur á fyrsta áratugnum, hefir hans verið mikil þörf, enda varð starfsemi félagsins mjög til að auka og einkum jafna bóklestur á heimilum. Á síðustu áratugum aldarinnar munu bókakaup einstakra manna hafa orðið mun almennari en áður, og vert er t.d. að geta þess að þegar alþýðuútgáfa Sigurðar Kristjánssonar að Íslendingasögum hófst, 1895, gerðust hér strax 10 fastir áskrifendur að þeim.

Allt fram að aldamótum og á sumum heimilum nokkru lengur, var það algengur siður að lesið var upphátt á kvöldvökum fyrir allt heimilisfólk, er að vinnu sat. Í rökkrum var það alltíð skemmtun barna og unglunga að kveðast á, og auðvitað tóku fullorðnir alloft þátt í því með þeim. „Sögukerlingar“ voru hér nokkrar, að minnsta kosti um og eftir miðja öldina, og er það meðal annars til vitnis, að þegar Jón Sigurðsson á Gautlöndum, um þær mundir ritaði upp allmargar þjóðsögur, sem birtust í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, er talið að heimildarmenn hans hafi einkum verið tvær gamlar konur, en engin vitneskja fylgir um nöfn þeirra

eða heimili. En lengi síðan voru það vel þegnir gestir sem kunnu að segja þjóðsögur, æfintýri eða aðrar sagnir af munnri fram, því það vita þeir einir, sem reynt hafa, hvílíkt aukið áhrifagildi það hefir, fram yfir lestur af bók, að heyra þær mæltar fram af fullri trúarvissu (að minnsta kosti á stundinni) um sanngildi þeirra, og með þeirri litríku orðgnótt, sem „sögustemningin“ lagði slíku fólki á tungu. Munu margir þeir sem nú eru komnir á efri ár, en áttu hér heima í barnæsku, muna frásagnarlist þeirra Jóns blinda frá Mýlaugsstöðum og Guðríðar Jónsdóttur frá Tóvegg, sem lengi var á Grænavatni og Kálfaströnd.

Þrátt fyrir það sem nú var sagt, mun ekki mega telja að hjátrú hafi verið útbreidd hér eða rótgróin, og síst á þau hindurvítni, sem bersýnilega stríða gegn eðlislögum náttúrunnar, eins og ímyndaður töfrakraftur steina, grasa o.s.frv. Allmargir munu þó hafa lagt fullan trúnað á tilveru huldufólks og útilegumanna (og þurfti það þó vitanlega ekki að fara saman), en skilningur manna og skoðun á dulrænum fyrirbrigðum mun þá yfirleitt hafa miðast við afturgöngur og drauga, og var því nokkuð einhliða og þröngsýn. Að öllu samantöldu verður þó að ætla, að skoðunarháttur fólks hafi yfirleitt verið raunsær gagnvart því sem það ekki skildi og á þetta þó einkum við tímabilið eftir 1880. Um skoðanir manna í þessu tilliti fyrir þann tíma, er síður kunnugt.

Sjálfsagt er það í aðalatriðum rétt, sem prestsþjónustubækur frá seinni hluta 19. aldar greina, að allt fullvita fólk hér hafi verið læst og skrifandi. Fyrir allan þorra fólks náði bóklega námið ekki lengra, og valt því ávöxtur þessarar kunnáttu öll á því, hvað hver einstakur hafði hneigðir til. Eru gömul sendibréf skemmtilegur vitnisburður í þessu sambandi, en að sjálfsögðu er þó það fólk frá liðinni öld í meirihluta, sem engar slíkar minjar hafa geymst eftir.

Einn er sá þáttur í félagslífi manna á 19. öld sem enn er órakinn hér, en það eru gestaboð, eins og brúðkaupsveizlur, skírnarveizlur, erfisdrykkjur ofl. Af þeim voru brúðkaupsveizlur að sjálfsögðu tilkomumestar, og næsta almennar í þeirri tíð. Voru naumast svo bágbornar ástæður hjá nokkrum hjónaefnum, að þau reyndi ekki að gera brúðkaupsdaginn eftirminnilegan með glaðningi fyrir fleiri eða færri kunningja, venjulega eins og húsrúm leyfði, eða freklega það. Voru þess reyndar dæmi að sagt er, að menn sæti fleiri ár undir skuldum vegna brúðkaupsveizlu sinnar. Algengt var þó að veitingar voru eigi aðrar en kaffi með brauði, og svo brennivínstár til upplífgunar, og gat þó auðvitað orðið ríflega það. Voru þetta kallaðar „standandi veizlur“, en „borðsettar veizlur“, þegar matur var fram reiddur auk kaffi og víns. „Brauðveizlur“ (laufabrauðsveizlur) tíðkuðust hér aldrei. Í öllum meiri háttar brúðkaupsveizlum var púnsdrykkja á eftir mat, og var þá mælt fyrir minni brúðhjóna venjulega af sóknarpresti, og svo aðrar ræður fluttar, eftir því sem efni stóðu til. Í slíkar veizlur var venjulega boðið öllum þorra hjóna, og svo því af yngra fólki, sem næst stóð að frændsemi og tengdum, eða sérstökum kunningsskap. Mjög ber eldra fólki saman um það, að lýsingar Þorgils Gjallanda í sögunni „Upp við fossa“ á brúðkaupsveizlum og öðrum mannamótum, sé í fyllsta samræmi við það, sem hér var títt á seinni hluta 19. aldar. Töluvert kvað t.d. hafa verið að því gert í slíkum veizlum að raða mönnum til borðs eftir „mannvirðingum“, en þó mun það atriði hafa verið frjálsslegra hér en víða annars staðar.

Til þess að veita hugmynd um hverju til veizlufanga þurfti að kosta á þeim dögum, og með þáverandi verðlagi skal hér birt, eftir raunverulegum heimildum, skrá yfir þau föng, sem gengu til brúðkaupsveizlu, er haldin var hér í sveit árið 1885, og munu boðsgestir hafa verið á annað hundrað:

10 ltr	romm	15,00
20 ltr	brennivín	17,00
2 ltr	messuvín	1,60
	rauðvín og saft	25,50
8 kg	rúsínur	8,00
3 kg	sveskjur	3,00
20 kg	hveiti	10,00

5 kg	sagogrjón	3,50
5 kg	kaffi	7,00
25 kg	sykur	20,00
1 kg	súkkulaði	1,00
1 ks.	vindlar	5,25
	kryddvörur	2,55
75 kg	kjöt	25,50
	annað að heiman	<u>50,00</u>
	Samtals	kr. 201,70

Af ofanrituðu má nokkurnveginn ráða hvað á borð hefir verið borið í veizlu þessari, og kostnaðinn má á hverjum tíma umreikna eftir gildandi verðlagi. En þyki mönnum gamla upphæðin lág og lítilfjörleg er rétt að gera sér grein fyrir að hún svarar til tveggja til þriggja þáverandi kýrverða.

Erfisdrykkjur munu áður fyrr naumast hafa verið eins fjölmennar og nú er títt, því þá komu menn ekki að jarðarförum nema boðnir væri sérstaklega af aðstandendum. Veitingar á erfisdrykkjum munu hafa verið mismunandi. Talið er að þess hafi gerst dæmi hér á landi að þær hafi verið matarveizlur, auk annara góðgerða, en engar heimildir eru fyrir að svo hafi verið hér. Á seinni hluta 19. aldar munu kaffiveitingar hafa verið aðalregla við þau tækifæri, og þrávalt vínveitingar jafnframt. Voru þess dæmi, og þau kannski ekki allfá, að drykkjuskapur gekk úr hófi fram í erfisdrykkjum hér, svo til vansæmdar var. Þannig er t.d. óyggjandi vitneskja um það að í erfi Helga bónda Helgasonar á Helluvaði (d. 1871) flugust margir ölóðir menn á í illu á hlaðinu á Skútustöðum, og gekk full illa að skilja þá, því margir aðrir voru miður sín eftir drykkjuna. Þetta mun þó hafa þótt hneyksli, er af mönnum var runnið.

Eftir að Bindindisfélagið var stofnað hér í sveit, 1874, mun m.a. mjög hafa lagst niður að veita vín við jarðarfarir, og hefir það verið þakkarverður árangur.

III

Um búskaparlag, lifnaðarhætti, vinnubrögð og fleira

Á áratugnum 1870 – 1880 virðist hafa orðið töluverð breyting hér um búskaparlag og lifnaðarhætti. Fram að þeim tíma báru lífshættir um flest dagleg efni fullan keim af venjum og viðtektum fyrri alda. Á öllum heimilum var af fremsta megni reynt að komast sem mest af við eigin framleiðslu, en skirrast við útlendum vörukaupum. Þó efnahagur rýmkaðist almennt fyrir og um miðja öldina er helst svo að sjá sem útlend vörukaup hafi ekki aukist þá að neinu marki að öðru leyti en því, að meira var þá keypt af timbri til bygginga, sem víða var rík þörf á að endurreisa. Verðjafnvægi útlendra vara og sauðfjárafurða gekk og eigi til verulegra lagfæringa um langt skeið, og í raun réttir höfðu bændur ekki aðra verzlunarvöru fram að bjóða en ull og tólg og svo prjónles, því kjöt gekk svo lágu verði í verzlunir, alloftast, að litlu betur gerði, en að borga jafnþyngd sína í kornvörum. Skirrðust því allir bændur, er annars áttu kost, við að reka fé í kaupstað til slátrunar. Hitt þótti arðvænlegra að búa við mikla sauðaeign, að tiltölu við annan fjárstofn. Allir þeir bændur, sem vel voru stæðir, eða sæmilega, lögðu aðallega niður gamla sauði, eða annað fullorðið geldfé í bú sín, og verzlðu af þeim haustull og tólg, og stundum hangikjöt í skiftum fyrir sjávarfang, einkum harðfisk. Höfðu nokkrir bændur hér árleg viðskifti um þetta við Höfðhverfinga, en almennt var það þó ekki, enda munu margir sveitarbændur hafa treyst á aflabrögð í Mývatni til heimilisneyzlu.

Vegna þess hve tólg gekk háu verði, tiltölulega, sem útflutningsvara á 19. öldinni, eða að minnsta kosti allt fram yfir 1880, ástunduðu menn mest að eiga mörsöfnunarfé. Var öllu til þess haldið að drýgja þá vöru, því til verzlunar var hún

fullkomlega jafnvirði smjöri, sem í rauninni hafði mjög lítinn markað innanlands, og var alls ekki útflutningsvara. Á þessu tímabili, eða fram um 1880 var tólgarverð 70 – 100 aurar á kg, en verð á þveginni vorull var aftur á móti 120 – 200 aurar á kg, og oftast nær þessu hámarki frá 1860 – 1880.

Það kölluðu bændur „vöruferð“ er þeir fyrir sláttinn fóru í kaupstað með klyfjaða hesta af ull og tólgarbelgjum enda var það aðalinnlegg ársins hjá mörgum. Hélt þessi nafngift á aðalkaupstaðarferð ársins fram á þessa öld, þó tólgarbelgir væri þá úr sögunni fyrir löngu. Einnig var talað um „vor kauptíð“ og aftur „haust kauptíð“ er sláturfjármóttaka hófst, en hún var miklu tilkomuminni í hugum manna, enda voru þá lausakaupmenn allir farnir, sem hingað sigldu upp að vorinu. Kjötverð var jafnaðarlegast 25 – 35 aurar á kg en rúgtunnan (ómöluð) kostaði 16 – 20 kr., en aðrar kornvörur enn dýrari. (Svo sagði Jón Hinriksson að það hefði verið talið gott verzlunarjafnvægi ef meðalsauður, tveggja vætta, borgaði rúgtunnuna, en það mun naumast hafa orðið fyrr en eftir 1880). Kornvörukaup voru því mjög lítil, miðað við það sem síðar gerðist. Að tiltölu var mest keypt af bygggrjónum. Voru þau ekki einungis notuð til grautargerðar heldur einnig möluð, því sáldað grjónamél var þá helst notað í bakstur og tilhaldsbrauð. Hveiti fluttist ekki í verzlunir hér, né heldur rísgrjón eða haframél, fyrr en á síðasta fjórðungi 19. aldar, og aðallega eftir að Kaupfélag Þingeyjinga reis upp.

Kaffidrykkja var orðin nokkuð almenn hér um miðja 19. öld, en þó ekki oft um hönd höfð - sennilega hvergi nema einu sinni á dag, og sums staðar ekki nema til hátíðabrigða. Sykurneyzla var þó að tiltölu enn minni, en kaffineyzlan, enda mun það lítt hafa verið notað nema með kaffi, og einstaka sinnum í púns. Í mat varð það aldrei notað að kalla og sætt kaffi sjaldan um hönd haft, sízt með sætabrauði. Þannig munu neyzluvenjur hafa orðið hér, í þessu tilliti, um og eftir miðja öldina, en upp úr 1870 tók þetta mjög að breytast, og þótti ýmsum nóg um, eins og síðar verður að vikið. Áður voru algengar góðgerðir handa gestum, er litla viðdvöl höfðu: molakaffi, (áður notaður kandís með) mjólk eða matur, ef svo stóð á degi, staup af brennivíni, eða brauð (stundum útlent) með sýrópi, og fór hér auðvitað eftir því hverjir gestirnir voru, hvað var við haft. En þegar kom fram yfir 1870 tók „sætt kaffi“ að verða hinn algengasti beini gesta, og því meir sem nær leið aldamótum, þó oft væri að sjálfsögðu annað borið fram þar að auki. Kaffi eyðsla og sykurs fór þó og allört vaxandi, enda féll verð þeirrar vöru töluvert að tiltölu við afurðaverð einkum eftir 1880. Áður kostaði 1 kg af sykri um 1 kr., eða svipað og kíló af smjöri, en kaffi kostaði þá frá 120 – 190 aura kílóíð, eða líkt og kíló af beztu ull. Var eigi furða þótt þetta væri þá kallaðar „munaðarvörur“ - ásamt hveiti, sem kostaði allt að 60 aura kílóíð, þegar það tók fyrst að flytjast. Brennivínið mun hafa verið ódýrast í þessum munaðarvöru flokki, kostaði jafnaðarlegast 1 - 1½ kr. potturinn (lítri). Veturinn 1880 virðist hafa risið hér sterk mótsþyrnualda meðal húsbænda gegn „óhóflegum“ munaðarvörukaupum og útlátum við gesti og bundist samtökum með undirskriftum um strangar takmarkanir í þessu tilliti. (Sjá þátt um þessar og aðrar sveitarsamþykktir frá sama tíma í viðauka [## nafn]). Dylst naumast að hér hefir verið um að ræða viðbrögð bænda gegn auknum kröfum hjúa og lausafólks um viðurgerning og svo kaupkröfur (sbr. hjúasamtök bls. [### bls 40 í frum-handriti]). Samtök þessi beittust allra harðast gegn daglegum kaffidrykkjum, og má af ýmsu ráða að kaffineyzla hefir verið komin á allhátt stig áður. Torvelt er að geta sér til um hvort samþykktir þessar hafa haft viðvarandi áhrif. Eru engar líkur til að þeim hafi verið framfylgt bókstaflega né almennt. Til þess voru þær alltof strangar, en ætla má að þær hafi orðið verulegur hemill á þessu tilliti um lengri eða skemmri tíma. Var og þá framundan það árferðis tímabil, sem krafðist þess að menn hertu að sér ólina í öllum greinum.

Svo segist Jóni á Gautlöndum frá í sveitarblaðsritgerð, sem áður er vitnað til, að fram á hans fullorðinsár og lengur - sennilega fram um 1860 - hafi hvarvetna hér verið venja að borða eigi *átmat* nema einu sinni á dag allan ársins hring, og þá vafalaust um nónbil. Í aðrar máltíðir (málamat) borðuðu menn einungis spónamat, þ.e. skyr eða skyrhræru með mjólk (ef nyt var í kúm, sem brugðist gat á

útmánuðum). Svo er að skilja að kaffi hafi verið veitt einu sinni á dag, því til er tekið að kaffi hafi aldrei verið flutt á engjar, en í þess stað höfðu menn með sér *blöndu-kollu*, og mun sú blanda ýmist hafa verið gerð af sýru, eða úthrærðu skyri. Slík blanda var og oft borin gestum, sem hinn eini beini þeirra. Á þessum árum, og lengi síðan, byggðist búsförði manna mjög á sumarmálnytinni, sem var sýrð til geymslu, bæði skyr og smjör. Voru þá ær allar í kvíum, og öll stund á það löggð að hafa þeirra sem mest sumargagn. Kýr voru hér að jafnaði fleiri en ætla hefði mátt eftir heyöflunarskilyrðum, eða frá 65 – 75 framtaldar árlega á tímabilinu 1850 – 1880. En þær munu hafa verið nytlágur, enda ekki við öðru að búast, miðað við það fóðurmagn, sem þeim var ætlað (50 – 60 vættir). Er þess oft getið að í harðari vorum urðu kýr „bás Geldar“, sem kallað var, og þarf ekki skýringar. Hefir þá mjólkurskeið þeirra orðið stutt, því föst venja mátti það heita, að kýr bæri á haustin, eða snemma vetrar. Voru þær kýr einar nefndar „snemmbærur“, sem báru fyrir veturnætur. Í harðindum og heyleysi mun því æði víða hafa orðið lítið bjargræði að kúamjólkinni þegar mest lá við. Meðfram þess vegna var lagt kapp á að færa ám snemma frá, hverju sem viðraði. Sums staðar mun ám hafa verið stíað, lengur eða skemur áður en lömb voru að öllu frá þeim tekin, en það mun ekki hafa verið almenn venja. Á nokkrum bæjum voru ær í seli framan af sumri, og jafnvel tekin lönd á leigu til þess. Þannig var t.d. um og eftir miðja 19. öldina, sel úr Kálfaströnd þar sem bærinn Stóriás var síðar byggður, og um alllangt skeið höfðu ábúendur Litlustrandar (Jón Hinriksson o.fl.) í seli við Sandvatn, og sér enn til selgatnanna þar í milli. Sel frá Gautlöndum stóð áður þar sem Stöng var reist árið 1857. Var selið þá - eða kannske áður - flutt austur fyrir svonefnda Selgróf, og notað þar um skeið, trúlegast fram undir 1880. Nöfn hafa haldist á 2 seljum þar örskammt frá: Hólsel og Nollsel, en engar heimildir hafa geymst um hvenær þau voru notuð, né hvaðan. Lengst héldust selfarir við frá Arnarvatni (að minnsta kosti til 1880) og Grænavatni, en þar var síðast fært frá og haft í seli haft í seli árið 1905. [###HVAR?].

Þrátt fyrir hina miklu sumarmálnytu, sem upp var lögð að sumrinu og allríflegt búsilag af sláturfé, víðasthvar, var æði oft búsvelta á sumum bæjum, er á leið vetrar eða vor nema dorgarafli væri góður. Að því voru að sjálfsögðu áráskifti, en meira munu mörg heimili hafa treyst á aflabrogð til viðurværis, en nú myndi tryggilegt þykja. Stefán Stefánsson í Neslöndum heldur því fram í ritgerð í Andvara 1923 að dorgveiði hafi ekki verið tekin upp hér í Mývatnssveit fyrr en um miðja 19. öldina. Þó ólíklegt sé að svo handhæg og einföld veiðiaðferð hafi ekki þekkt hér fyrr, verður því ekki hnekkð með öruggri vissu, að hún hafi ekki verið þekkt hér áður. En hafi svo verið, munu aflabrogð í Mývatni á útmánuðum og á vorum hafa verið lítil áður, því þá er lagnetjaveiði undir ís að jafnaði bæði torveld og árangurslítil. Sú veiði var hinsvegar mikið stunduð, ekki einungis af þeim, sem land áttu að vatninu, heldur og frá ýmsum sveitarbæjum öðrum, en þó einungis í „Flóa“, eða utan langhelgi (60 faðma). Lítið mun þetta þó hafa verið stundað eftir 1880, en hvergi kemur fram að rétturinn til þess hafi verið rengdur, né heldur til dorgarveiði, sem allir sveitarmenn stunduðu án tillits til búsetu.

Grasatekja var fastur þáttur í vorstörfum á hverju heimili, að minnsta kosti fram um 1870, enda voru grös mjög notuð í stað málmatar, eða til drýginda með honum, bæði í grauta og brauð og jafnvel slátur. Var ýmist að menn gengu til grasa að heiman, þar sem grasaland var sæmilega nærtækt, eða gerði sig út frá öðrum bæjum, eða lágu við tjald.

Þegar kom fram yfir 1870 fór búskaparlag manna smám saman að breytast í þá átt, að menn *seldu* meira af búsafurðum sínum og *keyptu* meira af aðfluttum vörum, bæði matvörum og öðru. Þessi var stefnan, þó að vísu gengi eigi jafnt fram allstaðar eða í senn. Breyting þessi mun jöfnum höndum hafa stafað af því að fjárverð fór hækkandi er útflutningur hófst á lifandi fé (um 1876) og síðar á vegum Gránufélagsins og svo hinu, að fleiri og fjölbreyttari útlendar vörur voru á boðstólum, og meðfram hagstæðara verð en áður. Átti verzlun lausakaupmanna mestan þátt í því. Jukust þá lífskröfur manna bæði um viðurværi, fatnað o.fl. og

meðal annars fóru þá kröfur hjúa til útláta og alls atlætis vaxandi. Var þess að sönnu eigi vanþörf, því áður mun kosti þeirra hafa verið mjög þrengt: Vinnutími langur, frelsi lítið og kaup lágt, sem að vísu var von eftir ástandi búnaðarins. Hafði og engin þurrð verið hjúa, og þau jafnvel þurft eftir vistum að leita, ef þau þóttu ekki vinnandi meira en í meðallagi - en öllu búlausu fólki var þá skylt að vera í fastri vist, þó ekki óhjákvæmilega allt árið. Aðstaða hjúa var því á allan hátt örðug til að gera kjarabótakröfur, og reyndar furða hvað því ávannst um það, undir slíkum þjóðfélags aðstæðum. Á ýmsum bæjum hér var svo mikið fólkhald, miðað við bústærð, að minnsta kosti fram yfir 1880, að sýnilegt er að það hefir lítið haft fyrir stafni alla árstíma nema um sláttinn. Þrátt fyrir það voru kröfur til vinnubragða og verkunnáttu hjúa og annara ákveðnari og yfirleitt frekari en síðar varð. Á undanförunum öldum voru þrásinnis gerðar landssamþykktir um ákvæðisdagsverk hjúa og annars verkafólks (Búalög) og var það skildagi fyrir því að geta talist fullgilt hjú, að geta innt þau af hendi. Á 19. öld munu þau þó ekkert lagagildi hafa haft, en mörg þessara ákvæða lifðu samt í meðvitund manna sem einskonar mat eða mælikvarði á það hvað sanngjarnt væri og eðlilegt að ætlast til um vinnuafköst. Til marks um þar er, að um 1880 skrifaði Jón á Gautlöndum ýtarlega ritgerð hér í sveitarblað um ýmsa búnaðarháttu, og þar á meðal vinnubrögð. Heldur hann því þar fram, að gegn auknum kröfum hjúa um kaupgjald, aðbúnað o.fl. beri bændum að halda fram ákveðnum skilyrðum um afköst þeirra í verki, og vildi að bundist væri samtökum um þetta. Setur greinarhöfundur þar fram tillögur í mörgum liðum um, hvað teljast skuli ákvæðisverk eða meðalmanns verk við hjúastörf, og kveðst hafa ráðgast við ýmsa bændur um mat á því. Engin samþykkt kemst þó á um þetta, og óvíst hvort til umræðu hefir komið á fundi. Fjölmörg af þeim störfum, sem þarna koma til greina, heyra nú einungis sögunni til, en eigi að síður munu margir bera það skyn á þau verkefni, að þeir geti gert sér grein fyrir, hvort mat þeirra á dagsverki fari nærri hófi. Jafnframt er að því mikill fróðleikur að fá jafn greinargóða upplýsingu þeirra sjálfsögðu starfa, sem fyrir lágu á hverju búi, úti og inni, á umræddri öld. Þess vegna verða tillögurnar birtar hér í heilu lagi:

Ákvæðisdagsverk karlmannna:

1. Að slá dagsláttu (ca. 3100 ferfaðma) í sléttu túni eða 2/3 úr dagsláttu í þýfðu túni.
2. Að slá 2 engjadagsláttur (rúman hektara) á sléttu flóaengi eða 1½ engjadagsláttu (um 8000 ferfaðma á fleytingsengi).
3. Að binda með kvengildi 50 hesta þurra úr bólstrum eða sæti.
4. Að binda með kvengildi 60 votabandshesta úr fangaflokkum.
5. Að dreifa 20 votabands hestum, er geri 20 bagga þurra, snúa tvisvar, og sæta upp að kveldi.
6. Að raka slægju í föng 1½ engjadagsláttu (8000 ferfaðma) á votuengi, eða 2 túndagsláttur (ca. 6200 ferfaðma) í slægju á þurrengi, og dríla upp í flekki.
7. Að rista 100 heyjatorfur á hálfþurri mýri, og sé hver torfa 9 – 10 feta löng og tveggja feta breið. Velti sjálfur úr flagi.
8. Að rista 200 torfstrengi, fetsbreiða, og 6 feta langa og leggja í bunka.
9. Að hlaða 3 faðma af torfgarði er sé axlarhár, þykkt 4 fet neðan, en 3 fet að ofan.
10. Að aka 80 hjólböruhlössum á tún, 30 faðma að meðaltali.
11. Að breiða á tún 40 hjólböruhlössum af meðalþurrum og myldnum áburði.
12. Að hreinsa á túni 1½ vallardagsláttu, og bera burt afrak.
13. Að slátra 10 sauðum og ganga vel frá öllu.
14. Að stinga tað úr húsum undan 150 fjár, og sé einstungið, eða aka því á þurrkvöll, 20 faðma að meðaltali.

15. Bera það saman þurrt með öðrum manni.
16. Hirða 100-120 fjár, úti og inni, og ganga út með því hálfan dag allan veturinn.
17. Að hirða 200 fjár inni í húsum, og bera að því fóður að þriðjungi.
18. Að hirða 100 fjár inni og kamba handa einni spunakonunni, eða þrjóna smábandssock með útiverkunum.
19. Að kamba tána ull handa 3 spunakonum, eða handa tveimur, og tæi þá eða rugli ull sjálfur.
20. Vefa 10 álnir (ca. 3 metra) skyrtuvaðmáls og spóli sjálfur, eða setji til að öllu og vefi fertugan vef á viku.
21. Að þæfa 20 álnir skyrtuvaðmáls, og gangi um 2 álnir voðin.

Ákvæðisdagsverk kvenmanna:

1. Að raka engjadagsláttu (ca. ½ hektara) á votengi í föng, og sé hvergi minna en hestur í flokki (sennilega votabandshestur).
2. Að raka 2 túndagsláttur á þurrengi í drýluflokka, eða 2 dagsláttur á túni í flekki.
3. Að dreifa 15 votabandshestum, snúa tvisvar, og sæta upp að kveldi, eða 20 votabandshestum úr drýli og fanga upp að kveldi.
4. Að breiða 25 hjólböruhlöss af meðalþurrum og myldnum áburði.
5. Að hreinbreiða eða hreinsa túndagsláttu og bera burt afrak.
6. Að kljúfa tað undan 100 fjár, eða hreykja því, eða bera saman þurrt með öðrum kvenmanni.
7. Að þvo ull af 20 kindum, og komi 5 marka reifi af hverri.
8. Að taka tog af einu pundi ullar og hæra um leið.
9. Að spinna 2000 álnir af þræði, eða 3000 álnir af fyrirvafi, og kamba sjálf.
10. Að þrjóna hnéháan karlmannssock, eða þar háleista.
11. Að kamba, spinna, tvinna og þrjóna smábands-heilsokk.
12. Að mjalta 100 ær, strokka og koma mjólkinni í skyr.
13. Að þjóna 10 karlmönnum, þvo upp af þeim og bæta, búa upp rúm o.s.frv.
14. Að hirða 20 nautgripi í fjósi og sé 2/3 mjólkurkúr. En vatn og hey skal borið að fjósdryrum, og mykja tekin þar.

Ákvæðisdagsverk smíða:

1. Að smíða flatskeifur undir fimm hesta.
2. Að smíða 5 grasljái (einjárnunga) eða bakka á 4 ljái skozka.
3. Að smíða fjóra fjöggra rúðu glugga.
4. Að smíða þriggja rúðu hurð.
5. Að smíða 10 hrífuhönd og fletta í þá úr planku, eða 20 hrífusköft úr borðum, eða 5 orf.

Skra þessi gerir um ýms atriði mun minni kröfur til verklegra afkasta, en hin fornu Búalög, og munu þær þó þykja allnægar um flest, þeim sem enn muna um verkfæri manna og verksaðstöðu fyrr á tíð. Eftirtektarvert atriði er það að hér er gert ráð fyrir að meðalþyngd þvegins ullarreifis sé 1¼ kg og kemur það sama víðar fram, t.d. í annars blaðs ritgerð frá þessum tíma. Þetta tekur því töluvert fram, sem nú er almennt, ef ull væri þvegin, og er þó fé betur fóðrað nú, og ætti að jafnaði að halda ull betur. Bendir þetta til að fé hafi verið betur ullað áður fyrr, enda var þá sérstök ástæða til að sækjast eftir ullaðu fé, því ull var þá í tiltölulega háu verði og eftirsótt verzlunarvara.

Á þessum sömu misserum, og þá einkum veturinn 1879 – 1880, munu hafa

verið um það allmiklar ráðagerðir með bændum hér í sveit, að gera fastar samþykktir um kaupgjald hjúa og daglaunafólks, vinnutíma þess, fríðindi og önnur viðskiftakjör. Uppástunga um þetta mun hafa komið fyrir fund bænda, og fengið þá afgreiðslu, að 3 mönnum var falið að gera um þetta sundurliðaðar tillögur. Eru þær til enn frá hverjum um sig, og ber lítið á milli, en einna ítarlegastar frá Jóni á Gautlöndum. Þó ekki sé vitað að nokkrar ákvarðanir hafi um þetta verið gerðar, fremur en um ákvæðisverkin, sem hér stóðu í óbeinu sambandi við, skal þó til fróðleiks tekið upp hið helsta úr tillögunum, með því þá, að þær munu hafa farið mjög nærri því sem þá tíðkaðist í raunverulegum viðskiftum.

Árskaup karla, 20 ára og eldri, skyldi vera 70 – 90 kr., og 10 – 30 króna viðbót til þeirra, sem voru smiðir, eða sérstakir hjástöðumenn. Vikukaup kaupamanna um slátt skyldi vera kr. 13,50 til jafnaðar (15 kr. fyrri hluta sláttar, en 12 kr. síðari hluta). Dagkaup vor og haust, við rústarverk, jarðabætur o.fl. skyldi vera 1 kr., en allt að kr. 1,50, ef um sérstök erfiðis- eða vosverk var að ræða. Almennt árskaup vinnukvenna skyldi vera 35 – 45 krónur, og 5 – 15 kr. viðbót til þeirra sem kynni til sauma eða hannyrða, eða voru „vel fallnar til að segja til börnum“, og eru ráðnar með annað hvort þetta fyrir augum. Vikukaup kvenna um slátt var 6 – 8 krónur. Öllu kaupgjaldi skyldi að sjálfsögðu fylgja fæði, rúm og þjónusta, og kaupafólk eigi njóta annarra hlunninda. En ármenn skyldi, auk skæðaskinns, fá 2 – 4 pör af hverju fyrir sig: heilsokkum, leistum og vettlingum eftir því að hvaða vinnu þeir ganga. Ársstúlkur fengi hálfu minna. Vinnutími um slátt skyldi vera 12 tímar á dag, og engjaganga því aðeins talin í vinnutíma að meira næmi en hálf tímaferð. Vinnutími haust og vor skyldi vera 10 tímar, en á öðrum árstímum eftir samkomulagi - þó þannig, að fjármönnum, öðrum en beitarhúsa og hjástöðumönnum, skyldi vera skylt að vinna 3 tíma minnst, að tóvinnu á kveldi. Helgidagavinna, sem óhjákvæmileg teldist, auk búverka og fjárhirðingar, skyldi greidd hjúum aukalega, ennfremur aukavinna framyfir venjulegan vinnutíma, nema jafnað væri við þá á almennum verkdögum. Ef hjú átti fénað á fóðrum hjá húsbónda skyldi fóðrin metin því til útgjalda eftir hinni almennu verðlagsskrá, en ef þau lögðu fé sínu eða hrossi hey, skyldi húslán og hagabeit reiknast eftir settum mælikvarða.

Eflaust hafa tillögur þessar um flest atriði farið mjög nærri því sem þá tíðkaðist. Víst er t.d. að kaup árshjúa fór ekki fram úr því, sem þar er gerð uppástunga um, fyrr en eftir 1890, og þó eigi almennt þá. Hins munu oftast dæmi, að völdum kaupamönnum væri goldið herra kaup um slátt, eða 16 kr. að minnsta kosti fyrir viku, en þó sennilega ekki jafnaðarkaup fyrir allan heyskapartímann. Virðast þó tillögurnar um kaupgjald kaupafólks herra að tiltölu en til hjúa, en þess ber að gæta að eins og atvinnuhættir í landinu voru þá, þurftu menn í rauninni að gefa með sér yfir veturinn, enda þótt þeir hefði nokkurn veginn áskipað að gera við bústörf. Af öðrum heimildum má sjá að kaupgjald árshjúa hefir nálega tvöfaldast á tímabilinu 1850 – 1880, og er það mun meira en svari til þeirrar hækkunar sem var á búfjárafurðum á sama tíma. Liggur nærri að ætla að með samþykktum þeim, sem til stóð að gera, hafi vakað fyrir bændum að veita frekari kauphækkunum viðnám, og svo hitt jafnframt, að hamla því að kaupafólk hefði sömu fríðindi, utan kaupgjalds, eins og árshjú. Má í þessu sambandi minna á það, sem grein er gerð fyrir á bls. ___[### ATh] að framan að hjú höfðu á næstliðnum áratug haft viðleitni til samtaka um kjarabætur sér til handa, og þó enginn formlegur félagsskapur komist á í því efni, má vera að undir niðri hafi leynst með þeim óbein samtök, sem bændur hafi fundið til í samningum við þau. Virðingarvert má það telja að í tillögum þessum er hjúunum ætluð nokkur trygging gegn hömlulausri áníðslu á þeim með helgidagavinnu og hóflausum vinnutíma, án þess þau bæri neitt úr býtum fyrir.

Þótt kaupgjald það, sem hér var rætt um, virðist lágt, hvernig sem á er lítið, og þó einkum með hliðsjón af verðmælikvarða seinni tíma, komu ýmsir ráðsettir vinnumenn fyrir sig allgóðum efnum á þessum áratugum. Að vísu var það fátítt, hafi þess annars verið nokkur dæmi, að menn ætti fé á vöxtum, eða í útlánunum,

heldur lögðu þeir kapp á að eignast sauðfé svo þeir gæti orðið búfærir, sem kallað var, er stundir liðu. Urðu ýmsir hér allgildir bændur, þeir er áður höfðu verið í vistum hjá vandalausum, og ekkert erfðafé höfðu að baki. Eins og gengur varð aftur öðrum lítið við hendi fast, þó duglegir væri, og engir sérstakir óreglumenn. Einna helsti „munaður“ ungra manna og einhleypra á þeim dögum var að eiga reiðhesta góða. Var eigi trútt um að það yrði allheitt metnaðarmál, jafnframt, manna á meðal, hver beztan ætti hestinn, og þá lítt horft í, hverju til þurfti að kosta í kaupverði og fóðri. Var og svo um þær mundir, og reyndar allt fram þangað til bílaöldin gekk í garð, að sá bóndi þótti lítill fyrir sér, sem ekki átti sérstakan reiðhest, er lítið, eða alls ekki væri til áburðar eða dráttar hafður. Voru þeir misjafnir, að vísu, en þó er víst um það, að allan seinni hluta 19. aldar og lengur voru ávalt allmargir gæðingar hér í sveit, og ýmsir þeirra afbragðs hestar að fjöri og léttleika. Reiðhestar þessir, og reyndar flestir aðrir hestar einnig, voru yfirleitt aðkeyptir, utanhéraðs, einkum úr Eyjafirði, því lítið var alið hér upp af hestum að öllum jafnaði. Gekk mikið fé til hestakaupa þessara, því þeir voru löngum dýrir, miðað við verð á öðru búfé, og þó einkum reiðhestar, sem oft voru í margföldu verði miðað við venjulega púlshesta. (Jón Stefánsson - Þorgils Gjallandi - sagði um hryssu, sem sá er þetta ritar, hafði keypt, og Jón ekki séð áður, að „hún væri 30 spesía hross“. Á bak við það lá, að fyrir myntbreytinguna 1874, eða í ungðæmi Jóns, hafði verð á hrossum, sem voru metfé, komist upp í 30 spesíur. Þær reiknuðust 120 kr. í breyttri mynt og svaraði það til eigi minna, en 12 ærverða á þeim tíma. Eigandanum þótti að vonum vænt um umsögn þessa frá þeim manni.). En margar dýrmætar endurminningar eiga eldri menn frá þeim tíma, er þeir veittu sér það eftirlæti að eiga valda reiðhesta sér til gagns og gleði.

Á seinni hluta 19. aldar munu hafa orðið allmiklar breytingar á klæðaburði manna hér í sveit. Hversdagsklæðnaður mun þó ekki hafa tekið neinum verulegum stakkaskiftum, því um allt þetta tímabil var vinnufatnaður karla og kvenna jafn yzt sem innst, unninn úr ull, heima á heimilunum, eða að minnsta kosti innansveitar. Þær undantekningar, sem kunna að hafa verið til hljóta að hafa verið örfáar. Ullarföt þessi voru ýmist ofin eða prjónuð, og þó sennilega að miklum meirihluta ofin. Dæmi voru talin til þess, fram á þennan tíma, að karlmenn gengi í svellþæfðum prjónabuxum einum fata, jafnvel á vetrum. Á síðustu áratugum aldarinnar fór tvisttau að flytjast hér í verzlanir, sem allmikið voru notuð til hversdagsfatnaðar, t.d. í skyrtur og svuntur, og enn meiri brögð voru að því eftir að tvistgarn fékkst í hespum og með ýmsum lit, en það var ekki fyrr en eftir að K.Þ. reis á legg. Voru þá mjög víða ofnar langar voðir árlega úr tvistgarni og notaðar í allskonar hversdagsfatnað, rúmfatnað, handklæði o.fl. Annars voru fram undir aldamót og víða lengur vaðmálsrekkjuvoðir, jafnvel bæði yfir og undir rekkjuvoðir, en víða munu þó hafa verið til léreftsrekkjuvoðir (línlok) löngu fyrr, í gestarúm að minnsta kosti, og svo mun hafa verið með kotta og svæflaver. Yfirsængur með æðardúni munu ekki hafa verið eins almennar eins og síðar hefir orðið, en álfta og andadúnn verið notaður í þær sængur. Víða voru og notuð stönguð teppi úr kembdri ull, og vafalaust hafa ýmsir notast við brekánin ein ofan á sér, eða þá aðrar flíkur. Þar sem efnahagur leyfði voru undirsængur með fuglafiðri í hverju rúmi, og stangaðar heydýnur á rúmbotni, en víða var notast við það sem lélegra var, jafnvel lausa tréspæni á rúmbotninn, og fór þetta að sjálfsögðu eftir efnalegri getu manna, og svo smekk. Ávalt sváfu tveir saman í hverju rúmi, og oft fleiri, ef börn voru og unglingar. Þurfti því minni rúmfatnað en ella myndi.

Framan af þessu tímabili munu vefnaðarvörukaup frá útlöndum aðallega hafa verið sirz í skýlúklúta o.fl. og hvítt léreft í spariskyrtur með meiru og svo línlok, ef svo mikið var viðhaft. Eins má ætla að léreft hafi snemma verið notuð til að sveipa ungbörn í, þó eingar beinar heimildir sé um það hér. Hvítar skyrtur karlmannna voru alls ekki almennar á fyrri tíð, og jafnvel metnar sem tildur. Ýmsir kvað þó hafa efnt til þess á brúðkaupsdegi, og átt alla æfi síðan. Viðhafnarklæðnaður almennings (ytri föt) var undantekningarlítið af heimaunnu

vaðmáli, allt fram undir aldamót, bæði peysuföt kvenna og karlmanna. Nokkur hreyfing var á um það, um og eftir 1880 (vafalaust runnin frá Sigurði Guðmundssyni málari) að karlmenn hér tæki upp íslenska búninginn, sem kallaður var: stuttreyja er náði vel niður fyrir mitti, og hnébuxur með skúfabandi í líningunni. Eignuðust nokkrir menn hér slíkan búning, en ekki var talið að hann næði útbreiðslu. Annars báru menn jakkaföt, en svokallaðar „mussur“, sem karlmenn klæddust áður fyrr, munu að mestu hafa verið aflagðar hér um miðja 19. öld. Stöku efnaðir bændur gengu á frakka, þegar þeir höfðu mest við, og þá úr útlendu efni, sem venjulega mun hafa verið klæði, en óvíst er um snið á þeim. Vafalaust hefir verið hér um að ræða eftiröpun frá útlöndum, eða svokölluðum fyrirmonnum innanlands, og enga almenna þýðingu haft. Útlend fataefni voru þá afardýr, og ekki völ á þeim tegundum sem algengar urðu síðar (t.d. cheviot). Skömmu fyrir aldamótin greiddist þetta nokkuð á þann veg, að mönnum gafst kostur á að senda ull til dúkagerðar í verksmiðjum í Noregi, og notuðu ýmsir þá dúka til sparifatnaðar, í stað heimagerðra dúka, enda litu þeir ólíkt betur út. Ekki voru þeir (að minnsta kosti almennt) notaðir í peysuföt kvenna, en peysuföt, að almennt gerð og sniði svipuð því, sem enn þekkist voru að minnsta kosti allt frá 1870, nær undantekningarlaust sparifatnaður allra fullorðinna stúlkna, í hvaða stöðu sem þær voru (sbr. þó það sem síðar segir um skautbúninga). Um peysufatagerðina hér fyrir 1870 er lítið vitað, en þá, og áður, munu þó þær konur, sem efni höfðu á, hafa tíðkað að bera hina alkunnu rósóttu eða bekkjóttu silkiklúta, sem kaupmenn höfðu flutt inn um langan aldur og spariklæddar tilhaldskonur báru. En klútar þessir munu hafa verið nokkurskonar undanfari silkislífsanna, sem venja varð að bera með peysufatabúnaðinum, enda gengu þeir úr tízku um sömu stundir. Mest breyting mun þó hafa verið á gerð skothúfunnar á þessu tímabili, og bera elstu ljósmyndir hér því vitni.

Ekki er annað vitað en að allur fatnaður væri saumaður hér innsveitis. Engin „lærð“ saumakona var þó hér, en margar húsmæður björguðust við að sauma fatnað handa heimafólki sínu, einkum ef þær gátu fengið efnið sniðið hjá þeim, sem betur kunnu fyrir sér. Var ýmsum það mikil stöð við saumaskapinn að Þuríður Jónasdóttir frá Grænavatni dvaldi einn vetur, nálægt 1870, við saumanám í Reykjavík. Kom hún með saumavél heim með sér, hina fyrstu hér í sveit, og veitti ungum stúlkum nokkra tilsögn í saumaskap, öðru hvoru, hin næstu ár. Skömmu eftir þetta hófst kvennaskólinn á Laugalandi, en hann sóttu nokkrar stúlkur héðan þegar á fyrstu árum, og náðu þar nokkurri kunnáttu í fatasaum og öðrum saumaskap, og var að þessu mikill stuðningur. Þó er talið að hér hafi ekki verið til nema þrjár saumavélar árið 1880.

Eigi allfáar konur áttu skautbúning, og gekk hann oft að erfðum. Var allrík venja að brúðir bæri skautbúning, og svo stúlkur á fermingardegum, og þá að sjálfsögðu víða fenginn að láni. Þá þótti og hlýða að konur skautuðu við altarisgöngu, meðan sá siður var í metum, en í gleðisamkvæmum var sá búningur sjaldan borinn af öðrum en þeim, sem þá áttu sérstakan heiðursdag.

Hálsbúnaður karla í líkingu við það, sem nú gerist, var allfágætur, allt fram um 1880, og reyndar öllu lengur. Þó sézt það af elstu ljósmyndum, sem hér hafa verið teknar - um og eftir 1870 - að hann hefur þá verið til hjá stöku mönnum. Myndir frá þessum tíma eru að vísu fáar til vitnis um þetta, og fólk sem mundi glögg þá tíma, telur að slíkur hálsbúnaður hafi verið fágætur um þær myndir og breiðst hægt út. Treflar og hálsknýti úr silki voru alloft notaðir til búningsbóta, og síðar blöðkur og brjósthlífar, með hvítum standflibba úr gúmmí eða „kautchuck“. Venjulega voru hlífar þessar dökkar að lit, og gátu enst lengi. Á síðustu áratugum aldarinnar gekk hvítt, stífað hálslín smám saman í tízku, og var þó ekki verulega til lýta talið þó menn bæri engan sérstakan hálsbúnað á mannamótum, eða þá áður nefndar blöðkur eða brjósthlífar, sem ýmsir eldri menn þess tíma héldu fast við. Telja verður þó að um aldamót hafi hvíta hálslínið verið orðið alveg almennt á öllum mannamótum.

Útlendir skór gengu síðar, og jafnvel hæggar í tízku en hálsbúnaðurinn. Fram

að 1880 er óhætt að fullyrða að hér áttu engir „danska“ skó (lögum nefndir svo) aðrir en þeir, sem vegna ferðalaga eða lengri dvala (t.d. í Reykjavík) þurftu að eignast þá til að fylgja tízkunni þar. Á næsta áratug tók þetta litlum breytingum, því þó þá gerðust að vísu fleiri til slíkra kaupa, var enn lítið á það sem oflátungshátt eða tildur af körlum og konum, sem heima öldust, að láta slíkt eftir sér. Það var fyrst á hinum síðasta áratug aldarinnar að slíkur skófatnaður getur talist almennur, án þess þó að vera í hvers manns eigu, eins og síðar varð.

Af yfirhöfnum var fáu til að tjalda. Ýmsar konur áttu að vísu sérstök reiðföt til ferðalaga, en þau munu að fáu hafa verið frábrugðin hversdagsfatnaði þeirra og undantekningalítið úr vaðmáli. Regnkápur (waterproof) þekktust hér ekki fyrr en um aldamót, og olíuborinn fatnaður eigi heldur, en vitnað er þó til að stöku menn hafi notað svokölluð „yfirslög“ á ferðalögum, sem munu hafa verið ermalaus herðaskjól, en að öðru er lítið vitað um efni þeirra og gerð. Vatnsheldar flíkur voru því engar, að því fráskildu, að stöku menn létu klæða reiðbuxur sínar með eltiskinni, og dæmi munu til að menn hafi átt skinnbuxur. Útlendir yfirfrakkar voru í fárra manna eigu að jafnaði. Voru þeir helst úr svonefndu „duffel“, og þá dýrir, og hentudu eigi til slarkferða, því fljótt sá á þeim. Allur almenningur varð því að láta sér nægja einhverskonar vaðmálshempur sem skjólflíkur, sumar sem vetur. Ýmsir áttu svokallaðar „hríðarhempur“, úr sveillþykku vaðmáli, sem, samkvæmt nafninu, hafa fyrst og fremst verið notaðar í byljum og frostum, en einnig var þeim til gildis talið að í rigningum og krapahríðum „tæki þær á móti svo mikilli bleytu“, og því hafðar til taks á ferðalögum, ef allra veðra var von. Skömmu fyrir aldamótin eignuðust margir enska yfirfrakka, er Páll Þórarinnsson á Halldórsstöðum útvegaði. Seldi hann og ýms önnur notuð föt við góðu verði. Frakkar þessir voru af ýmsri gerð, en yfirleitt smekklegar flíkur. Lögðust því „hríðarhempur“ með öllu niður, og það því fremur, að þá tóku verzlaniir að flytja regnkápur og olíuborinn fatnað.

Reiðstígvél voru mjög fágæt hér allt fram undir aldamót, og reyndar lengur. Til varnar fótbleytu var þá eigi öðru til að dreifa en skinnsokkum. Einkum voru þeir notaðir í leysingum á vorin, og við dorgargöngu jafnan. Þá var og víða gengið í skinnsokkum á votengi, þegar kuldatíð var, og sumir höfðu þá til hverskonar ferðalaga, sumar og vetur, þegar bleytu var von. Vel gerðir skinnsokkar gátu veitt allgóða vörn, en eigi héldust menn þó fullþurrir í þeim, ef staðið var í vatni, daglangt, t.d. á votengi, enda vildu þeir fúna fljótt á sumrin.

Þrjónaðar hettur voru algengur höfuðbúnaður karlmanna hér á vetrum, enda hafa slíkar hettur verið nefndar Mývatnshettur út í frá. Að sjálfsögðu voru þessar smokkhettur fyrst og fremst notaðar í byljum, svo og við hjásetur og dorgargöngu, þó betra væri veður. Daglega, og eins til ferðalaga, notuðu ýmsir loðhúfur úr katta og kiðlingaskinum, og á síðustu árum aldarinnar eignuðust margir útlendar „oturskinshúfur“ sem þó hafa vafalaust verið úr gerfiskinni. Á sumrum báru karlar hatta, eða skyggnishúfur með gjörð, sem nefndar voru „kasketi“ (kaskett). Það nafn mun þó fremur eiga heima um enskar derhúfur, sem gengu hér í móð um aldamótin.

Vinnubrögð innanbæjar voru bæði erfið og umfangsmikil á þessum tímum. Þó miklu fleira vinnandi kvenfólk væri þá á flestum bæjum á að skipa til slíkra starfa, er þess að gæta að húsakynni og önnur starfsaðstaða voru svo óhentug sem hugsast getur til afkasta, og þarf þá ekki að minna á, að engin þægindi þekktust til verksparnaðar og þrifa, eins og til dæmis vatnsleiðsla eða skolprena. Enda þótt starfshendurnar væri þá margar, veldur það næstum furðu hve miklu varð komið í verk af iðnaðarstörfum á mörgum heimilum, þegar aðgætt er hve daglegu heimilisstörfin hlutu að verða tímafrek við þá aðstöðu, sem lýst var. Undir þau heyrði fatasaumurinn, sem þegar hefir verið minnst, með þeim frumstæðu aðferðum, sem komu einar til greina lengivel. Margar konur hér í sveit eignuðust að vísu saumavélar, er nær dró aldamótum, en ekki voru þær þó komnar á hvert heimili um þær mundir. Tóskapur var hvarvetna mikill, og allt unnið í höndum, allt þangað til ullarkembivélar voru reistar á Halldórsstöðum 1883. Þess er fyrr getið að stór spunavél var keypt hér í félagsskap, 1884, en seld eftir nokkur ár, af

tilgreindum ástæðum. Næsta spunavél var keypt hér 1896 (í Baldursheim og Gautlönd sameiginlega) og munu þær ekki hafa orðið fleiri fyrir en eftir aldamót. Vefstólar voru hér aftur á móti mjög víða, enda rak dúkagerð heimilanna mjög eftir um það. Framyfir 1880, og á stöku heimili lengur, var allmikil stund lögð á smábandstóskap til verzlunar, en þó mun sú atvinnugrein hafa verið stunduð af meira kappi í ýmsum öðrum sveitum. Virðist hafa verið lítill ávinningur að vinna ull í smáband, eftir að ullarverð tók að hækka upp úr miðri 19. öld. Reiknast Jóni á Gautlöndum svo til, um 1880, að verðgildi kvenmannsdagsverks við smábandstóskap sé eigi metandi meira en 20 aurar en það svarar varla til hálfis fæðisverðs á sama tíma, og er þá sannarlega til lítils barist. Til litunar á ull og ullarfatnaði var einkum notaður hellulitur og indigósteinn. Var sá litur afardýr. Innlendir jurталitir virðast mjög lítið hafa verið notaðir, eða jafnvel ekki þekkt, nema sortulyng sem þó einkum var notað á skæðaskinn.

Þjónustubrögð voru tafsöm og erfið, eins og geta má nærri þegar allir gengu á skinni, og viðhald fata varð allt að vinnast í höndum, en kröfur hinsvegar um nýtni gengu til hins ýtrasta. Þá var og matseldun tímafrek, meðan allan mat þurfti að sjóða í hlóðareldhúsum. Fyrsta eldavél, er hingað kom, keypti Jón á Gautlöndum 1884, en síðan bættist engin eldavél hér við fyrir en 1893. Á næstu árum þar á eftir voru hér mjög víða keyptar eldstór, svo rétt eftir aldamót voru þær komnar hér á hvern bæ. Fyrstu skilvindurnar komu hingað í sveit sumarið 1897 (í Grænavatn, Gautlönd og á einn eða tvo aðra bæi). Er þeim er þetta ritar í barnsminni, að allir gestir sem komu þá fyrst á eftir, þurftu að sjá hvernig þessi galdravél aðskildi mjólkina, og mun ekkert hinna verðmeiri búskálda hafa breiðst eins óðfluga út, því eftir örfá ár var komin skilvinda nálega á hvern bæ. Áður var mjólk öll sett í trébökkum eða trogum, og þurfti eigi fá slík ílát, þar sem margar ær voru í kvíum, því ekki þótti mjólkinn full sett fyrir en eftir 3 dægur, og náðist þó aldrei allt smér úr mjólkinni með þessari aðferð. Hirðing mjólkurtroga og annarra klápa var mikið verk og vandasamt, því væri hún ekki í lagi var aldrei lag á skyrgerð, sem var annar aðalþáttur málnytuverkanna. Má telja að þessi þáttur heimilisverkanna tæki engum breytingum á umræddu tímabili. Skyr og annar súrmatur var áður fyrir geymt í keröldum. Voru þau af ýmsum stærðum, hafa sum þeirra tekið 300 lítra eða meira, og voru meðal allra dýrustu búskálda í öllum búsuppskriftum. Ýmsir keyptu og vínámur til matargeymslu, og voru það ágæt ílát enda seld háu verði. Síðarmeir, eftir að steinólúföt tóku að falla til, voru þau brennd innan til súrmatargeymslu.

Á árabílinu 1850 – 1870 er talið að með öllu hafi lagst hér niður að skammta mönnum í aska. Að sjálfsögðu voru leirilát töluvert tíðkuð áður, og sums staðar nálega einvörðungu en allt fram að 1870 héldu þó einstaka gamlir menn fast við askana. Hvarvetna hér í sveit var það föst venja allt fram yfir aldamót, að skammta hverjum allan átmat á sérstakan disk og spónamat í skál. Breyting á þessu, í það horf sem nú er, mun aðallega hafa orðið á árabílinu 1910 – 1920, en auðvitað ekki á öllum bæjum samtímis. Mun og víða hafa haldist lengi við að skammta algengum gestum á sama hátt, enda voru ekki um miðja 19. öldina, eða jafnvel fram undir 1880, til hnífapör, eða samsvarandi borðbúnaður nema á „betri bæjum“. Er það til marks, að þegar nokkuð fjölmennar matarveizlur voru haldnar, þurfti að smala saman hnífapörum, og þó sennilega eigi síður öðrum borðbúnaði, um alla sveit, og jafnvel utansveitar, ef til átti að hrökkva. Leirvara var mjög dýr um þessar mundir, og til að spara kaup á henni til viðhalds, var algengt að spengja leirilát, sem brotnuðu, með tinspöngum, ef þau brotnuðu ekki því smærra. Tindiskar voru sums staðar notaðir um miðja 19. öld, en voru þá yfirleitt að leggjast niður.

Tyllidagar voru hér ýmsir, auk aðalhátíða og annarra helgidaga. Kom það aðallega fram með tilbreytni í mat og öðrum veitingum. Mest kjöthátíð var víðasthvar við jólaföstuinngang. Þá var, að minnsta kosti á öllum þorra bæja, öllu heimafólki útdeildur kjötskammtur, sem entist þeim marga daga, auk annars góðgætis. Var algengast að hver og einn fékk heilan bringukoll, reyktan, og var stykki af öðru hangiket, síðu og læri, til viðbótar. Sumir bændur höfðu þennan

fagnað á *bóndadaginn* (fyrsta þorradag), en það var næsti tyllidagur að hátíðum liðnum. Á mörgum bæjum hélst þessi siður við þangað til heimilisfólk fór að hafa sameiginlegt borðhald daglega en féll alveg úr sögunni með því. *Konudags* og *Yngismannadags* var gjarna minnst með sérstökum kaffiveitingum, og Sprengikvölds var sums staðar minnst með tilbreytni í mat. *Sumardagur fyrsti* (yngismeyjadagur) var sérstakur tyllidagur, og þó með sérstökum hætti á þann veg, að hann var skoðaður, fyrr og síðar, sem frídagur, og sérstaklega til fallinn að vera almennur samkomudagur, ef efni stóðu til. Tylli- eða tilhaldsdagar að sumrinu voru í sambandi við töðugjöld og slægjur í heyskaparlok, og var hvoru tveggja alsíða.

Steinolíu var fyrst tekið að nota hér til ljósa um 1870, enda var þá nýlega farið að flytja hana til landsins. Þóttu það mikil viðbrigði er steinólulampar innleiddust, og munu þó þeir lampar, sem öndverlega var kostur á að fá hér í verzlunum, ekki hafa haft mikið ljósmagn, því talið er að það hafi verið svokallaðir flatbrennarar með ca. 1 cm breiðum kveik, og belgglasi. Vera má að brátt hafi orðið kostur á betri lömpum. Víst er um að steinolían útrýmdi öðru ljósmeti í einu vetfangi, en þó benda árleg olúkaup manna hér, um og eftir 1880, til þess, að mjög sparlega hefir verið á haldið um ljósanotkun. Mun olía hafa verið mjög dýr hjá kaupmönnum, því þegar Kaupfélag Þingeyinga hóf að flytja inn steinolíu gat það lækkað verð á henni úr 60 aurum pr. kg niður í 42 auru. Áður en steinolía kom til sögunnar var mest notað lýsi til ljósa, á þar til gerðum „lömpum“. Einnig tólgarkerti, en vegna þess hve tólg var í háu verði sem verzlunarvara, spöruðu menn hana mjög til ljósmetis. Þó munu tólgarkerti hafa þótt bera betri birtu, því hátíðabrigði þóttu að því að lýsa upp með þeim á jólum, og fastur siður var það að gefa hverjum manni á heimilinu jólakerti. Hélt hann mjög víða við hér fram yfir aldamót, þó þá væri lýsing í húsum öll orðin betri en áður var, og steinolía ekki eins spöruð. Næstum jafnlengi hélst það við að nota svokallaðar „skarkolur“ (pönnur) sem burðarljós í framhýsum og peningahúsum. Voru það einskonar óvandaðri tegund lýsislampa (einfaldir) og brennt í þeim óvandaðri fitu, eða úrgangi.

Talið er að stundaklukkur hafi verið hér á nálega öllum bæjum þegar kom fram um miðja 19. öld, og verður þó ekki með öruggri vissu um þetta vitað. Hinar svo nefndu Bornhólmsklukkur („átta daga úr“) voru hér að minnsta kosti á sex bæjum um þær mundir, og munu þó hafa kostað að minnsta kosti tvö kýrverð. Á öðrum bæjum voru smærri veggklukkur og óvandaðri. Engar upplýsingar liggja fyrir um það hvenær vasaúr komu hingað fyrst, en víst er um að nokkrir menn áttu hér úr um 1860, og milli 1870 og 1880 fjölgaði þeim nokkuð, og svo síðan. Um 1880 kostuðu fremur vönduð vasaúr um 30 krónur, en það voru tvö ærverð, eftir þess tíma gangverði. Var því að vonum að þau væri ekki í hvers manns vasa. Kom það sér vel að þá þekkti hver fullvita maður eyktamörk, og hélst lengi við hjá eldra fólki að taka tímunn eftir þeim, þegar sólar naut. Einnig þekktu margir eldri menn, um aldamót og síðar, betur til afstöðu stjarna en nú er títt, og gátu miðað tíma eftir því. Bendir þetta til að klukkunotkunin ein hafi ekki verið orðin rótgróin í meðvitund manna. Nokkra kunnáttu í tímataalsreikningi munu stöku menn, sem hér voru uppi á seinni helmingi 19. aldar hafa haft, því kunnugt er t.d. um að Árni bóndi Flóventsson í Hörghsdal (d.1915) lærði hér „fingrarím“ á ungum aldri, af sér eldri mönnum. En að sjálfsgöðdu notuðu menn sér almanök eftir að farið var að gefa þau út prentuð, en ekki er vitað að það hafi verið fyrr en 1874, að Þjóðvinafélagið hóf almanaksútgáfu sína.

IV

Híbýlakostur, áhöld og fleira

Framar í þessum þáttum er frá því greint, að upp úr miðri 19. öld hefði verið gert allmikið að húsabyggingum hér í sveit. Var tekið fram að um þær mundir var gerð fjárhúsa breytt mikið og færð til betri vegar, frá því sem áður var, og hlöður allvíða

reistar við þau, en þess munu áður hafa verið fá dæmi. Er engu hér við að bæta frá því sem þar var sagt um peningshús, því á gerð þeirra varð engin breyting hér fyrir en farið var að byggja svonefnd „samstæðuhús“ þar sem tvö eða fleiri fjárhús voru reist undir sama þaki, en það varð ekki fyrir en uppúr aldamótum. [## hvenær voru Gautlandahúsin reist??] Fram til þess tíma, og lengur, stóðu mörg af þeim fjárhúsum, sem reist voru 1850 – 1860, en þá var einmitt mest að slíkum byggingum unnið.

Í bæjarhúsagerð hér í sveit má telja að hafi verið fastur stíll, þó stærð þeirra og frágangur væri mismunandi. Reglan var sú að stafnar framhýsa, 2 – 5 að tölu sneru fram að bæjarhlaði. Úr bæjardyrum, sem ávallt voru eitt þessara húsa, lágu göng til baðstofu, sem jafnan snéri þvert við risum framhýsanna. Á milli þessara aðalhúsa bæjanna, lágu svo, beggja vegna við göngin, búr, eldhús, fjós og ef til vill eitthvert geymsluhús, ef það komst fyrir innan þessa ramma bæjarþorpsins. Kom það ekki síst til greina þar, sem fjós voru undir baðstofupalli, en það var á allmörgum bæjum, en þó hvergi þar sem bezt þótti hýst. Sjálfsgöðustu framhýsi, þau sem stöfnum sneru að hlaði, voru bæjardyr og skáli eða skemma (stundum tvær) og þá stofa og smiðja, þar sem húsakostur var meiri en í meðallagi. Á þeim jörðum þar sem stöðugt var tvíþýli, gat tala þessara húsa verið tvöföld, þó þannig að bæjardyr voru ávalt einar. Á þeim jörðum voru og að jafnaði tvö búr og eldhús, en yfirleitt voru baðstofur þar undir einu og sama risi og skift milli búa með þilveggjum. Sumar einþýlisbaðstofur hinar smærri voru einungis eitt herbergi, en aðrar voru hólfadar í 2 – 3 herbergi. Ekki er annað vitað en að allar baðstofur, sem reistar voru eftir 1850 hafi verið alþiljaðar, nema baðstofurnar á Hlíðarhaga og Austaraseli, en í þeim var ekki búið nema fá ár. Byggingarlag á baðstofum var undantekningarlítið þannig, að vegghæð undir sperrum var 0,90 – 1,10 m og gluggar á súðinni ofan lausholta. Þó merkilegt sé var engin baðstofa með stafnglugga. Ein baðstofa (á Gautlöndum, reist 1874) var portbyggð [##portbyggð, var það ekki ef það var loft yfir?], og búið uppi og niðri.

Framhýsi þau er að hlaði sneru stöfnum, voru hvergi notuð til íbúðar, alla öldina út, að því þá fráskildu, að sumstaðar voru svefnloft fyrir gesti yfir stofu eða bæjardyrum, sem og stundum var sofið í af einhverju heimilisfólki á sumrin, ef þröngt var í baðstofu. Á stöku bæjum var slíkt gestarúm haft í stofu. Annars voru framhýsi þessi gjarnan með lofti, og af því þau hús voru yfirleitt mjó og risbrött, vörðust þau þaklekanum betur en önnur, og var því seilst til að geyma þar, og þá einkum á loftunum, það sem sízt mátti blotna, svo sem matvara, föt o. fl. Húsin í miðbænum (búr, eldhús o. fl.) voru víðast hvar lakast byggð, lág, rislítill og dimm, og þar og í bæjargöngunum var því þaklekinn stöðug plága, ef langvarandi úrkomur gengu. Vatnsheld þök voru ekki til og engin afrás fyrir þakvatnið, nema þá helst eftir milliveggjum húsanna, sem auðvitað urðu fljótt vatnsósa og síðan fullir af slaga.

Á síðasta fjórðungi aldarinnar kom sú breyting helst fram á stíl og gerð bæjarhúsa, að horfið var frá að láta framhýsi snúa þilstöfnum að bæjarhlaði, heldur að byggja í þeirra stað eitt hús, sem snéri þilvegg að hlaði. Voru þau ýmist nefnd „langhús“ eða „framhús“. Fyrsta hús í þessum stíl mun Jón Jónasson frá Grænavatni hafa reist á Hofsstöðum 1874, og á næsta áratug þar frá voru hús í þeim stíl reist í Haganesi, Syðri-Neslöndum og Baldursheimi. Standa þau hús enn (1960) þó byggð hafi verið íbúðarhús á þessum bæjum.

Það var einkennandi fyrir bæjarhúsaskipulagið hér, að burstabyggingarnar, og þar með bæjardyr, snéru annað hvort mót austri eða vestri, en aldrei mót suðri. Þar sem hvergi voru stafngluggar á baðstofum, hefir því enginn suðurgluggi verið til á nokkru húsi. Hvort hér hefir ráðið fyrirtekt, hégiljur eða svo rík venja, að enginn þyrði að brjóta, verður ekki úr ráðið. Hitt má ætla, að um það hafi ráðið hvort bæjarhús snéru mót austri eða vestri, annarsveggar hvernig heimreið að bæ horfði við, en hins vegar hvernig útsýn var af heimahlaði. Um útsýn úr sjálfu íveruhúsinu, baðstofunni, þurfti ekki að ræða, því gluggarnir voru uppi á þaki.

Þar sem mörg hin gömlu bæjarstæði eru þegar horfin, ýmist verið sléttað yfir

þau, eða á þeim reist ný hús, sem alveg eru óháð hinni gömlu reglu um horf við áttum og landslagi, skal hér birt skrá um það hvernig aldagömul venja hafði skipast um staðarval bæjarhúsa með tilliti til átta og afstöðu:

Mót vestri snéru:

- | | | |
|-----------------|--------------------|---------------|
| 1. Hofstaðir | 4. Reykjahlíð | 7. Grænavatn |
| 2. Ytri-Neslönd | 5. Vogar | 8. Arnarvatn |
| 3. Grímsstaðir | 6. Geiteyjarströnd | 9. Hörgsdalur |

Mót austri snéru:

- | | | |
|------------------|-----------------|-------------------|
| 1. Geirastaðir | 6. Skútustaðir | 11. Baldursheimur |
| 2. Vindbelgur | 7. Álftagerði | 12. Bjarnarstaðir |
| 3. Syðri-Neslönd | 8. Haganes | 13. Gautlönd |
| 4. Kálfaströnd | 9. Sveinsströnd | 14. Helluvað |
| 5. Garður | 10. Litlaströnd | 15. Stöng |

Eins og þegar er sagt um framhýsi á bæjum voru þau hvergi notuð til fastrar íbúðar. Voru þó sum þeirra engu miður byggð eða frágengin en baðstofurnar. Hitt var það að allt heimilisfólk þurfti að hnappa sig saman í baðstofunum til að gera þar fremur lífvænlegt fyrir kulda á vetrum, en ofnar eða önnur upphitunartæki voru nær óþekkt í húsum, allt fram undir aldamót. Tveir ofnar höfðu að vísu verið settir í baðstofu á Gautlöndum, sem reist var 1874. En þeir hentuðu illa, því þeir voru byggðir fyrir kolakyndingu, en ekki tað eða svörð. Eftir að eldavél var sett upp á neðra gólfi baðstofunnar 1884, var því nær hætt að nota þá. Var það úrræði víðar tekið upp, þegar eldavélar innleiddust, ýmist að setja þær niður í sjálfar baðstofurnar, eða koma þeim fyrir í einhverju afhýsi, áföstu við þær, svo hitans af þeim gæti orðið nokkur not. Þessu varð þó ekki allstaðar við komið, og fram á þessa öld voru allmargar baðstofur hér í sveit með öllu óupphitaðar. En nútímafólk getur naumast gert sér í hugarlund hve vel menn þoldu húsakulda áður fyrr, meðan þeir höfðu ekki öðru vanist. Þó var það ekki óalgengt á þeim dögum að börn og gamalt fólk gengi með „frostbólgu“ í höndum, þegar langvarandi kuldar gengu.

Búskaparhættir manna á seinni hluta 19. aldar kröfðust eigi margbrotinna áhalda utan húss, og í raun réttir varð lítil breyting á um þetta allt til aldamóta. Um miðja öldina varð nokkur vakning í þessu héraði um jarðabætur, og þar á meðal garðrækt, eins og um getur í fyrsta kafla þessara þátta. Starfaði hér þá einskonar búnaðarsamband frá 1855 – 1880. Fyrir forgöngu þess munu hin fyrstu handverkfæri til jarðabótarstarfa hafa komið hingað, og þó naumast víða. Einnig plógur sá, sem fyrr getur að Pétur í Reykjahlíð keypti um þær mundir en kom að takmörkuðum notum. Til þess tíma, og reyndar miklu lengur voru stungupálar einu verkfærin sem menn þekktu hér til að róta við jörð. Eftir að jarðabótafélagið var stofnað, 1880, komst nýr skriður á um jarðabótastörf, eins og áður er frá sagt. Útvegaði félagið mönnum torfkvíslar og stunguspaða, og hurfu þá pálarnir. Þó rekur þessar myndi ekki þykja handhægar nú voru þær m. a. notaðar til að skera undir túnþökur við hinar fyrstu þaksléttur hér, um 1890, því sérstakir undirristuspaðar komu ekki fram fyrr en laust fyrir aldamótin, enda fór þá fyrst að komast dálítill skriður á þaksléttugerð. Á sömu misserum keypti Jarðabótafélagið plóg (með Ólafsdalslagi), lítið tindaherfi, og klafa á tvo hesta. Voru það hin fyrstu aktygi, er hingað komu, og þó ófullkomin. Rak lítið eftir mönnum með aktygjæigu, því kerra var þá hvergi til hér. Hin fyrsta var keypt að Gautlöndum 1901. Plógurinn reyndist erfiður, þó eigi væri þá plægð grasrót. Svo var og um tindaherfið. Það vann eigi að gagni, nema mjög myldna jörð. Allan seigari jarðveg þurfti að pæla sundur eftir það, undir þakningu, og var það erfitt verk og tafsamt. Þó þótti þetta allt hin mesta framför frá því að stinga öll flög upp með rekum.

Áburður var víðast fluttur á tún í hjólbörum. Verður ekki vitað hvenær notkun þeirra hófst, en áreiðanlega voru þær orðnar algengar hér fyrir 1880. Þó

þekktist það einnig að flytja mykju út í kláfum á hesti, en ekki munu þær tilfærur hafa verið útbreiddar. Áburður var barinn og breiddur með klárum. Á sumum bæjum þar sem tún voru slétt, voru notaðir skógviðarslóðar til að mylja áburðinn ofan í rótina, og laust fyrir aldamótin eignuðust stöku bændur taðkvarnir.

Torfljái munu hafa verið til á flestum búum, enda þurfti oft til þeirra að taka við að rista torf á hey og þök, og eins var mjög tíðkað að rista torfstreng til veggjagerða. Var torf og strengur ávalt flutt á hestum, ýmist á reiðingi eða lagt yfir þveran hrygg. Veggjagrjót var og oft flutt í smeygum á reiðingi, ef eigi hafði verið forsjá til aðdráttá á því á sleðum að vetri til. Sleðar til dráttar fyrir hesta, munu reyndar ekki hafa verið almennir fyrr en á leið öldina. Um 1850 og lengi þar á eftir, þekktist það ekki að aka vörum á sleða úr kaupstað. Vafamál hvort það hefir verið tekið upp fyrr en eftir 1880. Til þess tíma og jafnvel lengur, var ársforði manna af kornvöru fluttur heim að vori og sumri, svo og trjáviður, en í þessu lá flutningamagnið aðallega á þeim dögum. Þó alltítt væri að sent væri í kaupstað fyrir jól, var það einungis eftir smávarningi sem menn báru heim eða drógu á smásleða. Eftir 1880 fóru sleðaferðir á veturnum að tíðkast, og því meir, sem nær dró aldamótum. Var þá og tekið að vanda meir en áður til sleðagerðanna, og þótti Sigurður Magnússon á Arnarvatni smíða hér bezta sleða (hjartasleða) [###?]. Ekki þekktust hér sleðakjálkar fyrr en eftir aldamót, enda hvergi til aktýgi eins og fyrr er sagt. Festu menn dráttartaugarnar úr sleðanum í gjörð, sem var ríggirt yfir hnakk á dráttarhestinum. Var þetta mjög þvingandi fyrir hestinn og taugaútbúnaður þessi stórhættulegur í harðfæri, ef viðkvæmur hestur átti í hlut.

Á heyskaparáhöldum varð sú breyting mest á þessu tímabili er „skožku“ ljáirnir voru teknir til nota, en það var strax og Torfi í Ólafsdal innleiddi þá, um 1870. Ekki féllu þó nýju ljáirnir öllum vel í geð, fyrst í stað, þóttu stirðari og óþolnari en gömlu „spíkurnar“. Fyrst framan af voru ljáblöð þau sem innfluttust svo hörð, að þau þoldu ekki dengingu (kaldhömrún) og þurfti að leggja þau á hverfistein, sem sennilega hafa óvíða verið til. Svipuðu máli gegndi reyndar áður með „íslenzku“ ljáina, því þá þurfti að hita í smiðju til dengingar, hvert sinn sem þeir gerðust of þykkir til brýningar. Þurfti því í raun réttari að vera smiðja og áhöld til þeirra hluta á hverjum bæ, en ekki er vitað hvernig því hefir verið við komið. Víst er þó um að fyrir þessar sakir voru smiðjur miklu víðar en ella er líklegt, og eins hitt, að fyrir bragðið urðu fleiri bændur bankhagir á járnsmíði til eigin þarfa, en annars hefði verið. Þessum almennu smiðjustörfum fylgdi það að árlega þurfti að gera til kola, og hélst það við hér fram undir 1880, en þá varð hvorttveggja að smiðjuþörfin minnkaði, og að steinkol tóku að flytjast.[###Hvaðan fengu t.d. Gautlendingar við til kola ??]

Engin áhöld til verkflýtis við heyvinnu þekktust hér nema ef telja skal, að laust fyrir aldamótin mun á stöku bæ hafi verið tekið upp að ýta þurru heyi að hlöðum með ýtuþlanka eða borði, sem fest var aftan í hest með taugum. Í votengjum var hey ávalt rakað í fangaflokka, og oftast flutt hrátt heim á tún til þurks. Voru þá næsta sjaldan borin upp hey í Framengjum, og þar eð þá þekktist engin önnur aðferð til að koma heyi á þurkvöll en að binda það upp á reiðingshesta, var allt kapp lagt á það að flytja það heim um leið, jafnvel þó langt væri. Sama máli gegndi þar sem heyjað var í heidarmýrum. Svo langt aftur sem spurnir ná, var lögð á það mikil stund af flestum bændum hér að verka hey vel. Var víða síður að drýla upp hrátt hey í flekkjum, og setja ávalt upp í föng eða sæti, ef úr því þornaði, en láta hey aldrei liggja um nótt í flekkjum, ef við varð ráðið, enda þótt dreifa þyrfti aftur að morgni.

Allskonar reiðskapar var mikil þörf á þessari öld. Reiðingar voru víðast hvar gerðir af meljum (meltægjum), og entust þeir vel, ef utanum þá var saumað til hlífðar. Hvergi var hér „reiðingsvelta“, en eitthvað mun það hafa verið tíðkað að fá klakkatorfur að úr öðrum sveitum, þar sem torfrista var svo góð, að ending væri til þeirra hluta. Flestir höfðu þó þunnar hey- eða meldýnur undir þeim, klæddar dúk eða striga. Klyfberar voru oftast þrígirtir. Voru móttök og gagntök úr mjúku íslenzku leðri, en þornlausar hringjur (sylvjur) voru á gjörðunum, sem móttökin

voru dregin í og hert föst með sérstöku bragði. Þá þekktust ekki lásbogar á klyfberum, og þurfti því að lyfta öllum klyfjum af klakki og eins heybandi, nema hvað votabandi var oftast hleypt niður með því að leysa yfirbandið á böggnum. Áður fyrr voru reipi yfirleitt tætt úr hrosshári eða úrgangsuull, og ólarreipi úr naustleðri þóttu búmannsþing. Reipakaðall þekktist hér ekki fyrr en í lok aldarinnar. Um 1870 tóku hinir svonefndu „ensku“ söðlar (þ. e. með ensku lagi) að innleiðast hér. Kvennsöðlar með íslenzku lagi, sem áður tíðkuðust voru flestir afardjúpir og stórir, og setan þannig, að reiðkonan snéri alveg til hliðar. Eftir að skift var um söðlagerðina vildu ungar stúlkur helst ekki láta sjá sig í hinum gömlu söðlum, en þó þótti hitt næstum enn meiri ósvinna að konur riði í hnakk, að minnsta kosti ekki á mannamót, og hélt óbeit á þessu furðu lengi við. Reiðföt kvenna áður fyrr, voru og eigi til þess sniðin að geta setið tvívega á hesti. Vafalaust hefir það haldist við langt fram eftir öldinni að ýmsir ætti ekki annað reiðver en þófa, sem gjörð var spennt yfir, og ístaðsólur festar við, en lagt mun það hafa verið niður eða því sem næst þegar kom fram um 1880. Gerð hnakka þá og áður var í aðalatriðum mjög lík því sem enn gerist, en notast var við ósútað eða heimagarfað leður í ýmsa óvandaðri hnakka.

Það má teljast furðulegt, eins mikil og þörfin var fyrir reiðtýgjagerð og viðhald þeirra, að hér var enginn söðlasmiður búsettur allan síðari hluta 19. aldar. Líku máli má reyndar segja að gegni um fleiri smíðastörf, að enginn hafði þau að atvinnu. Nokkrir bændur voru að vísu búhagir á tré og járn, svo þeim nægði til venjulegra þarfa, og voru einnig nágrönnum sínum hjálplegir. En hitt er víst að ef reisa skyldi byggingu, þó eigi væri nema baðstofa af venjulegri gerð, var þrásinnis, eða jafnvel oftast, fengnir til þess smiðir utansveitar. Á síðustu áratugum aldarinnar voru hér að vísu búsettir menn, sem reyndust færir um húsgerð af þeirra tíma gerð og má fyrst til þess nefna Steinþór Björnsson á Litluströnd, og einnig Steingrím Þorsteinsson á Skútustöðum (bróðir Jóns Þorsteinssonar á Arnarvatni). En á þessum árum var sáralítið byggt af húsum hér, og reyndi því lítið á þetta fyrr en þinghúsið var byggt, 1896. Hvorugur þessara manna hafði lært til húsasmíði. Steinþór hafði hins vegar numið steinsmíði. Vann um tvítugs aldur við byggingu Alþingishússins í Reykjavík (1881 – 1882) og sigldi síðan til Kaupmannahafnar, til frekara náms í þeirri grein. Ekki biðu hans teljandi verkefni hér í sveit við heimkomuna, en hús úr höggnum steini reisti hann á Stóruvöllum í Bárðadal, og annað á Hólum í Laxárdal. Ennfremur stöplana undir Skjálfandafljótsbrú, hina elstu. Þó sérnám Steinþórs kæmi ekki sveit hans að verulegu gagni, reyndist hann allri framkvæmdaviðleitni hér hinn allra þarfasti maður, léku öll verk í höndum hans, en einkum má við bregða útsjón hans og úrræðasemi, ef einhvern vanda þurfti að leysa. En störf hans heyra fremur til öðru tímabili.

V

Heilsufar og heilbrigðismál

Eitt það, sem einna mest breyting hefir á orðið frá því á seinni hluta 19. aldar, er afstaða manna og aðstaða til heilsuverndar og heilsuþóta. Samanburð á heilsufari manna almennt nú og fyrrum, er torvelt að gera, og veldur þar miklu um, að þekking manna til aðgreiningar sjúkdómum, var mjög takmörkuð. Til dæmis var prestum lagt fyrir að tilgreina dánarorsakir fólks í prestsþjónustubókum, og er þá æði algengt að nefna „innansemð“, sem dánarorsök, einkum hjá eldra fólki, og getur þar verið um ýmsa óskylda sjúkdóma að ræða, meðal annars krabbamein. Kvillar í meltingarfærum, svo sem magasár, botnlangabólga og fleiri munu ekki hafa verið nándanærri jafntíðir og nú, eftir því sem gömlu fólki sagðist frá um heilsufar manna, og eins mun hitt víst, að berklaveiki eða tæring var hér fátíð, enda aldrei gert mikinn usla. Það sem mest ber í milli um heilsufarið nú og fyrrum, er einkum varðandi heilsu barna, því vafalaust er að ungbarnadaði, einkum barna á

fyrsta ári, var þá stórum meiri en nú þekkjast dæmi til. Vafalaust hefir það allvíða verið um að kenna vanþekkingu og sóðaskap, svo og slæmum hífylakosti, en hitt gerði og eigi minna, að menn stóðu þá algerlega varnarlausir gegn ýmsum þeim barnasjúkdómum, sem nú má ýmist koma í veg fyrir, eða draga mikið úr, svo sem barnaveiki, kíghósti og fleira. Gegn farsóttum slíkum þekktust þá hvorki útbreiðsluvarnir né læknislyf.

Lærðir læknar tóku eigi búsetu í héraðinu, fyrr en um 1880, að Jóni lækni Sigurðssyni var veitt Húsavíkurlæknishérað, og munu þar hafa verið læknar nokkurnveginn óslitið upp frá því. Áður var skemmst læknis að leita til Akureyrar, en svo sagði gamalt fólk, er mundi aftur fyrir þann tíma, að þess hafi verið *mjög fá* dæmi, að læknir væri sóttur til Akureyrar, en stöku sinnum leitað ráða til hans. Svo var og um Jón lækni Sigurðsson, að hann kvað næsta sjaldan hafa verið sóttur hingað þau ár, sem hann dvaldi á Húsavík. Má vera að hér hafi nokkru um valdið, að hvorki Jón læknir, né starfsbróðir hans á Akureyri, Þorgrímur Johnsen, þóttu nokkrir afreksmenn í sinni grein. Hitt mun þó hafa verið aðalástæðan, að fólki mun naumast hafa til hugar komið að sækja lækni um langan veg nema í allra *yfstrustu neyð*, og þá helst ef sjúkdómur gerðist mjög langvarandi. Þetta viðhorf breyttist allmikið á síðasta áratug aldarinnar, og er vafalaust, að þar hefir miklu um valdið, að þá var læknir á Húsavík, Ásgeir Blöndal, sem var frábærlega vinsæll, bæði vegna hæfileika í starfi og mannkosta.

Á öllu þessu tímabili, og þó einkum á fyrri hluta þess voru smáskammtalæknar, eða „homopahtar“, aðalathvarf manna, ef alvarleg veikindi bar að höndum. Bar svo til að nokkrir prestar, búsettir hér í héraðinu, stunduðu slíkar lækningar hver fram af öðrum og að nokkru samtímis. Voru það þeir sr. Þorsteinn Pálsson á Hálsi, sr. Jón Austmann á Halldórsstöðum og sr. Magnús Jónsson á Grenjaðarstað, sem var þessara manna lærðastur í læknisdómum, og nafnkenndastur fyrir lækningar sínar. Sótti fólk ráð til hans úr öðrum héruðum, og oft hélt hann sjúklinga á heimili sínu. Héðan úr sveit var hans alloft vitjað, bæði vegna einstakra veikindatilfella, og ekki síst ef farsóttir gengu, eins og til dæmis barnaveiki, sem hér gekk um 1860, og gerði víða stór skörð í barnahópa. Ekki er vitað til að séra Magnús kæmi hingað til sjúklinga, en þó má það vel vera. Hitt er vitað að hann, og þeir aðrir prestar er nefndir voru, leiðbeindu stöku mönnum hér um meðalanotkun og meðferð sjúklinga. Má þar einkum til nefna Pétur Jónsson bónda í Reykjahlíð (1818 – 1906). Hans var iðulega vitjað, er veikindi bar að höndum, og reyndist jafnan heppinn í aðgerðum sínum. Var og sjúklingum traust í heimsóknnum hans, því maðurinn var óvílsamur og bjartsýnn. Að sögn Sólveigar í Baldursheimi, dóttur Péturs, átti hann oftast forða hinna algengustu meðala, er þá voru notuð. Pétur sat yfir allflestum sængurkonum hér í sveit, allt frá því að hann var þrítugur að aldri og þangað til lærðar ljósmæður tóku til starfa hér.

Áður en stofnað var til almenns ljósmæðranáms hér á landi, mun landlæknir hafa haft heimild til að veita einstökum konum leyfi til ljósmóðurstarfa, en ekki er kunnugt hvaða skilyrðum þær þurftu að fullnægja til þess. Slíkt leyfi mun Kristbjörg Finnbogadóttir, kona Kristjáns Jónssonar, er brátt getur, hafa fengið. Þau hjón fluttust hingað í sveit 1875, og stundaði hún hér ljósmóðurstörf til dauðadags, 1888. Þá tók við Sigurveig Ólafsdóttir, kona Péturs Kristóferssonar í Neslöndum. Ekki er fullvíst, hvort hún hafði einungis leyfi landlæknis til starfans, eða fullkonnari réttindi, en starfið rækti hún þangað til þau hjón fóru til Vesturheims, 1893. Næst tók við starfinu Halldóra Metúsalemsdóttir á Arnarvatni, og mun hafa haft það á hendi í nálega 20 ár. Hún gekk á Ljósmæðraskólann, og aflaði sér þannig fullra réttinda í starfinu.

Annar sá maður, er hér stundaði smáskammtalækningar var Kristján Jónsson, síðast bóndi í Álftagerði (1845 – 1926). Kristján var allt í senn: glöggur á sjúkdóma, nærfærinn um alla hjúkrun, og sýnt um að nota meðul, eftir því sem við gat átt. Var hann traust og hald margra heimila hér í sveit, ef veikindi bar að, og það jafnt eftir að lærðir læknar komu til sögu, enda bar að minnsta kosti Ásgeir Blöndal traust til hans. Var Kristján og yfirlætislaus í stafi sínu, og latti þess ekki

að lærðari lækna væri leitað, ef alvarlegt var í efni að hans álit. Fóru menn einnig mjög að ráðum hans í því tilliti.

Enn má í þessu sambandi nefna séra Stefán Sigfússon, sem hér var prestur frá 1882 – 1887. Var hann hneigður fyrir læknisfræði, eftir skrifum hans í sveitarblað hér að dæma, og mun stundum hafa verið leitað til hans í veikindatilfellum. Hann skrifaði einnig pistil um dýralækningar hér í sveitarblað, og var það nýmæli á þeirri tíð.

Eftir þeim ástæðum, sem fyrir hendi voru um heilbrigðismál almennt, hér á landi á þessu tímabili, má ætla að þessi sveit hafi verið vonum betur sett, þó langt væri að leita til lærðra lækna, þar sem hér voru alltaf uppi glöggir, varfærnir og hleypidómalausir menn gagnvart sjúkdómum. Virðist og af frásögnum, að almenningur hér hafi eigi að marki verið bundinn í hindurvitnum og hjátrú fyrri alda um orsakir sjúkdóma og ráð við þeim. Að sjálfsögðu var þekkingu almennings á þessum hlutum meira ábótavant en nú er orðið, enda hafa mestu uppgötvanir í læknisvísindum og lífeðlisfræði komið fram síðan þessu tímabili lauk.

VI

Breytingar ytri náttúruvinkenna

Á 19. öld urðu hér allvíða breytingar á gróðrarfari lands og jarðvegi, ýmist vegna uppblásturs, vatnsframburðar eða af völdum annarra náttúruafla. Sumar þær breytingar eiga sér að sjálfsögðu eldri upptök, bæði þar sem uppblástur og framburður hefir verið að verki. Engar heimildir eru til dæmis fyrir því hvenær Kráká hefir brotist í gegnum „Röndina“, þar sem síðan heitir Randarskarð. Enginn vafi getur á því leikið, að sá bakki hefir verið heill á miðöldum og eftir því að dæma, hver ört miðaði breytingum á Grænavatnsengi *eftir miðja 19. öld* vegna framburðar úr Kráka um Randarskarð, verður helst að ætla, að sú flóðgátt hafi eigi opnast fyrr en seint á 18. öld, eða gæti jafnvel hafa orðið eftir 1800. Víst er um, að þar sem nú liggja Grænavatnseyrar, var um og eftir miðja 19. öld allvíðáttumikið votengi, þar á meðal svonefnd „Breið“, djúpt bleikjumosaengi, suður og austur af Ólafssundi, og allt austur undir Kamb. Er haldið, að þetta engi hafi þó verið allt meira áður og er ekkert því til fyrirstöðu af landslagsins hálfu, að framburður hafi þá verið búinn að spilla því að sunnan. „Kaldaspilda“ Grænavatns var um þær mundir illræmt votengi, með lítt færum kíladrögum, en grasgefin mjög að sögn. Svo var og um „Garðsengi“, að þar var ófært með hesta, jafnvel þó lausir væri, að talið var, og allt fram undir aldamótin 1900 var hey úr því að miklu leyti borið í land af mönnum. Var víða svo meyrnt, að leggja þurfti fjalir undir menn, svo þeir gæti gengið með bagga á baki. Aðrir gengu þar á skíðum með baggana, og þótti það vel gerlegt, þar sem nautatág [###Hvað]var mest í rótinni. En talað var um, að bleikjufjöðrin þar hefði náð meðalmanni í geirvörtu.

Af því, sem er sagt um Grænavatnsengi, má ráða, að breytingar á því á síðari hluta 19. aldar voru miklu örari en svo, að orsökina til þeirra gæti verið búin að verka afar lengi. Er og full vitneskja um, að á áratugunum 1860 – 1880, og reyndar lengur, voru miklu dýpri og breiðari rennslisskörð í Randarskarði en nú hafa verið um marga áratugi, og fór Kráká þar nær öll á stundum. Var oft lítt viðráðanlegt að stífla þau, og er þá skiljanlegt að framburðurinn hafi verið geysimikill, og staðið allt árið, nema um sláttinn og fram að haustfrostum. Þegar farið var að stífla Kráká reglulegar og víðar, varð mönnum ljóst, að bindast þurfti samtökum um stíflun Randarskarðs, eða Grænavatnsstíflu. Hefir varðveitt frumvarp að reglugerð um vatnsveitingar úr Kráká, þar sem Randarskarðsstífla er eitt aðalatriðið. Var reglugerðinni ætlað að ná til allra jarða, sem til Framengja ná, en engar heimildir er að finna fyrir því, hvort samþykkt þessi hefir náð samþykki og gildi, en í framkvæmd hefir verið eftir henni farið í aðalatriðum.

Enginn vafi getur á því leikið, að enda þótt meira eða minna slægjuland hafi verið í Framengjum á öllum öldum, þá hefir það mest aukist, eftir að farið var að

greiða fyrir áveitu um það með stíflum í Kráká og kílum þeim, sem úr henni renna, en engin vissa er fyrir hvenær það hófst að marki. Bending um að þær framkvæmdir hafi ekki byrjað snemma er það, að á 18. öld var jafnan smábú eitt í Baldursheimi, og fámennara en á býlunum þar í heiðinni sem nú eru löngu í eyði (þ.e. Hrutavíðrasel og Þorleifsstaðir). Hefir þá naumast verið mikill heyskapur í Baldursheimsengi, líkt því sem nú er, og mundi þá gegna líku máli um engjalönd fleiri jarða.

Engar getur verða leiddar að því hér, hvenær uppblástur hefir byrjað sunnan við Baldursheim og svo norður þaðan, út að Litluströnd og Sveinsströnd. Það eitt er víst, að nokkru fyrir miðja 19. öld var uppblástur sá að færast út að túni á Sveinsströnd, og fór þá mjög geist. Er talið, að Sveinsstrandartún hafi áður verið eitt hið bezta hér í sveit, en það eyddist af sandburði og uppblæstri á tiltölulega skömmum tíma, og mun hafa verið nær örfoka um 1880. Um aldamót var túnstæðið sandur einn, að fráskilinni lítilli torfu í skjóli við bæinn að norðan. Var þá og tekin af með sandburði tjörn ein lítil, vestur af bænum, en tjarnarbotninn kallast enn „Ker“. Tjörnin austur af bænum, sem áður, og allt fram yfir 1860, náði suður að melnum suðvestur af Litluströnd, fylltist mjög af sandi á þessu tímabili, og allt fram um aldamót, en mun ekki hafa minnkað eftir það fyrr en skurður var gerður úr henni 1947. Áður fyrr lá þar kíll norður úr tjörninni (Nauteyjarkíll), djúpur og holbekktur víða, en sums staðar lágu fen að honum og var hann víðast hvar ófær yfirferðar með hesta, allt fram undir 1870, og var þess vegna hægt að telja svæðið milli hans og Krákár eyju (Nautey). Þegar Sveinsstrandartún og nágrenni þess blés upp, fylltist kíll þessi bókstaflega af sandburðinum á löngum kafla, svo naumast varð séð hvar hann áður lá. Litlar slægjur voru þá í Nautey, og svipuðu máli gegndi um Álftagerðissund, að minnsta kosti norðan Hrauns, að þar voru einungis fúasund og hró í milli. Er það til marks um að slægjur í Nautey þóttu ekki að miklu metandi, að þegar parti af Sveinsströnd var skipt út úr eigninni, skömmu fyrir 1870, var Nautey aðallega metin sem bithagi í þeim skiptum, en aðalengi Sveinsstrandar lá þá, og hafði legið, austan Krákár, allt frá því á miðöldum að Sveinsströnd og Litlaströnd var ein jörð (þá nefnd Hrakströnd í sumum máldögum og bréfum). Breytingin, sem varð á Nautey og Álftagerðislandi á síðasta fjórðungi 19. aldar, má teljast af mannavöldum, því vatnsveitingar ollu þar mestu um, en sandfokið í nágrenninu mun þó eflaust hafa aukið gróður magn jarðvegsins.

Nokkrar breytingar er talið að orðið hafi á afréttarlöndum sveitarinnar á seinni hluta 19. aldar. Sú var að sjálfsögðu mest er Nýjahraun rann, 1875. Þar var áður niðurfall mikið, er nefndist Sveinagjá, vel gróið land, og góð afrétt. Eigi er þó talið, að þar hafi verið teljandi mellönd, en gróðurfar líkara því, sem er á Mounum, austan Nýjahrauns, og þó fjölbreyttara. Eins og af líkum má ráða, var Nýjahraun með öllu ófært yfirferðar. Fram yfir aldamót munu þess ekki hafa orðið nokkur dæmi, svo vitað væri, að skepnur kæmist nokkurs staðar yfir hraunið, nema á hjarni að vorlagi, og þó örsjaldan. Hvergi munu hafa verið brögð að bráðum uppblæstri á afréttinum á umræddu tímabili, en að sjálfsögðu hefir gróður færst þar til í smærri stíl, eins og ávallt er á landssvæðum, sem sandfok hefir herjað. Miklar líkur eru þó til þess, að gróður hafi verið meiri og samfelldari á Framdölum og víðar í Suður-afrétt, um og eftir miðja 19. öld, en síðar varð. Til þess bendir það, að um þær mundir var Suðurafrétt notuð til upprekstrar, ekki einungis af meirihluta sveitarmanna (jafnvel af bæjum ofan við Vatn) heldur einnig af bændum úr Reykjadal, Bárðardal og Fljótsheiði. Þó afréttarfé væri að vísu færra þá en nú, vegur það fyllilega á móti, að heimalönd öll voru þá varin svo sem mest mátti, vegna búsmalans. Kemur naumast til mála að svo margt fé hefði verið rekið á afréttinn um áratugi, ef hann hefði ekki verið með meiri og samfelldari gróðri en nú um sinn.

VII

Samgöngur og samgöngubætur

Eftir því sem bezt verður vitað, hafa engar samgöngubætur af nokkru tagi verið gerðar hér í sveit fyrr en eftir 1860. Um það leyti voru sett lög, er skylduðu alla verkfæra menn (20 – 60 ára) til að leggja eitt dagsverk árlega til vegabóta í sínum hreppi, þó þannig, að bændur áttu að leggja fram vinnuna fyrir þá menn, sem hjá þeim voru vistráðnir. Jafnframt komst þá á gjaldskylda til sýsluvegasjóða. Sú venja kom brátt á hér í sveit, að skylduvinna þessi var að jafnaði framkvæmd á mörgum stöðum á hverju ári, þeim til hægðarauka, sem vinna áttu, og svo til að jafna gagnsmunina af vegabótum. Skilaði því hægt áfram hverjum vegarspotta, er fyrir var tekinn, því ekki verður séð, að nokkurt fé hafi til þessa verið lagt aukreitis úr sveitarsjóði. Samfelldustu vegabæturnar á fyrri áratugum voru hinar svonefndu „Vegabrýr“ í Rauðhólasundum og Nautey, en þær entust illa og voru byggðar og færðar til æ og enn, svo sem enn sér merki til. Gekk skylduvinna manna í Framsveit langoftast þangað, en þó er og talið unnið í „Kirkjuvegi“ á Skútustaðabárum, í Haganesshöfðum og víðar. Þá var og snemma á árum unnið að vegagerð á Auðnum, og þar í kring, og síðan ýms vor í Hraununum sunnan við vatnið. Var þá gamli vegurinn milli Kálfastrandar og Geyteyjarstrandar færður fjær vatninu, en hann lá áður. Óvíða mun hér hafa verið um upphlaðinn veg að ræða, heldur einungis ruddar reiðgötur. Upphlöðnu kaflarnir, sem þá voru kallaðir „brýr“ (vegabrýr) í daglegu tali, voru helzt þar sem fara þurfti yfir mýrasund. Ekki var reynt að koma í þá ofaniburði, enda engin tæki til þess. Urðu þessir kaflar því ófærir jafnharðan, og þá ekki sízt ræsin, sem þar þurfti að hafa.

Vegurinn norðan Mývatns, frá Reykjahlíð ofan að Brotavaði á Laxá hjá Helluvaði, og þaðan vestur að Helluvaðsgrófum, sunnan við Víðasel, var í upphafi gerður að sýsluvegi. Var allsnemma á árum lagðar fram nokkrar fjárhæðir úr sýsluvegasjóði til að gera „vegabrýr“ í Grímsstaðasundum, og sá þess lítinn stað. Ekki er vitað, að unnið hafi verið fyrir annað fé hér úr sýsluvegasjóði, fyrr en á síðasta tug aldarinnar, að ruddur var og byggður upp á köflum, vegurinn frá Helluvaðsgrófum í Helluvað, í framhaldi af sýsluveginum yfir Fljótsheiði frá Arndísarstöðum. Var þessi leið býsna fjölfarin, bæði af langferðamönnum og svo hreppsbum öllum, sem leið áttu til Akureyrar eða þar í nágrenni. Skömmu fyrir aldamót var svo vegaflokkun hér breytt þannig, að sýsluvegur var talinn frá Helluvaði, sunnan vatns að Reykjahlíð, en norðan vatnsins varð hreppsvegur.

Laust fyrir 1880 var tekið að ryðja veg austur yfir Mývantsfjöll, og mun það hafa tekið 3 – 4 ár að ljúka því verki. Var vegagerð þessi, eða ruðningur, kostuð af fjallvegafé, enda var hér um póstleið að ræða, milli landsfjórðunga. Vorið 1883 var reist „Sæluhúsið“ við Jökulsá, og kostaði Jafnaðarsjóður Norður- og Austur-amsins þá byggingu og hafði Jakob Hálfðánarson umsjón og reikningshald fyrir bygginguna. Hefir sá reikningur varðveitt, og hljóðar upp á ca. 2.500 krónur. Mega það býsn heita, að svo íburðarlaus og einföld bygging skyldi kosta svo mikið fé. Ekki eru heimildir fyrir því, hvenær lögferja var sett á Jökulsá, en um þetta skeið var ferjuhaldið í höndum Reykjahlíðarbónda, en viðhald og endurnýjun bátanna mun hafa hvílt á amtssjóðunum. Voru bátarnir tveir hverju sinni, og skyldi ávallt þannig við skilið, að sinn væri hvoru megin árinna. Ef ferðamenn ferjuði sig á eigin hönd, sem oft vildi til, þurftu þeir því fyrst að ferja sig yfir, og síðan fara með báða bátana til sama lands, og þeir létu frá, til að skila bátunum þangað.

Svo er talið, að fyrstu brýr, sem hér voru byggðar, hafi verið yfir Kráká hjá Litluströnd og Baldursheimi, sennilega á áratugnum 1850 – 1860. Voru þær að öllu leyti kostaðar af ábúendum eða eigendum þeirra jarða, enda einkum komið að notum vegna heimilisþarfa, og þá meðal annars þannig, að Kráká var stífluð við þær.

Á árunum 1874 – 1875 var fyrst gerð brú á Grænalæk. Frumkvæði að brúargerðinni hafa eflaust haft ábúendur á Skútustöðum og Garði, enda kallaði þörf þeirra mest að. Reikningur yfir kostnað við brúargerðina, sem geymst hefir á lausu

blaði, leiðir í ljós, að allur kostnaður við hana hefir numið um 113 ríkisdöllum. Samskot voru hafin, brúargerðinni til stuðnings, og samkvæmt lista yfir þau, sem enn er varðveittur, hafa framlög annarra en ábúenda Garðs og Skútustaða numið rúmum 40 rd., og kynni það að hafa hrokkið langdrægt fyrir efniskaupum. Framlög ábúenda á Skútustöðum og Garði hafa því numið um 70 rd. Grænilækur var áður hinn mesti farartálmi. Var þá ýmist, að ferjað var yfir Ósinn, og þá fé og hestar sundrekið, ef milli þurfti að koma, eða að riðið var alllangt út í vatnið, fyrir lækjarósinn, og fóru ókunnugir það eigi fylgdarlaust.

Árið 1878 var lögð brú yfir kílinn Gegni, neðan við Álftagerði. Var vinna að henni gerð með skyldudagsverkum til hreppsvega, en trjáviður keyptur fyrir nokkur skyldudagsverk, sem greidd voru í verði. (Innlausn á dagsverki var metin kr. 1,00 – 1,50). Mun þetta einnig hafa tíðkast um timburkaup til ræsabrúa. Úr sveitarsjóði var aldrei greitt neitt vegna samgöngubóta, nema árleg gjöld til sýsluvegasjóðsins vegna sveitarbúa í heild. Bryr þær, sem hér hefir verð getið um, voru að sjálfsögðu timburbryr og með hlöðnum grjótkömpum. Entist hvort tveggja illa og þurfti mikið viðhald. Af sömu gerð var Krákárbrú á sýsluveginum, sem fyrst var byggð 1898. Var brúarpallurinn kostaður af sýsluvegasjóði, en sveitarmenn kostuðu kampaheðslu.

Vörðuhleðsla var einn þáttur samgöngubóta, áður fyrr. Elztu vörður, er hér sjást merki til, munu vera á póstleiðinni um Hólasand og Austurfjöll. Ekki er vitneskja fyrir hendi um, hvenær þær voru fyrst reistar, en efalaust hefir það verið fyrir 1870 - ef til vill alllöngu fyrr. Vorið 1873 voru 42 dagsverk af vegaskylduvinnu hreppsbúa lögð til vörðugerðar á heiðinni frá Gautlöndum að Lundarbrekku - og vafalaust hafa Bárðdælingar lagt meira eða minna til þess af sinni hálfu. Þessum vörðum hefir lítt eða ekki verið haldið við, því þeirra saúst hvergi merki um aldamót, nema á hálsinum milli Engidals og Lundarbrekku stóðu nokkrar grjótvörður. Vorið 1877 voru allmörg skyldudagsverk lögð til vörðuhleðslu á vetrarleið sveitarmanna yfir Hólasand, eða jafnvel norður Lækjaheiði. Þar voru engar vörður áður, enda var það litlu fyrr að tekið var að fara sleðaferðir með hesta í kaupstað eins og skýrt hefir verið frá í öðru sambandi.

Viðaukar og leiðréttingar

I. Við bls. 22[##A], varðandi íbúatölu í hreppnum.

Gleggstar og samstæðastar skýrslur um íbúatölu í hreppnum eru frá árabílinu 1850 – 1870, þegar sr. Þorlákur Jónsson þjónaði öllu brauðinu. Auk skylduskýrslanna hefir hann, þegar *aðalmanntöl* fóru fram, 1855 og 1860, gert fróðlegan útdrátt um stéttaskiftingu íbúanna, og fer það hér á eftir:

<i>Starfsstéttir</i>	1855	1860
1. Bændur og búandi ekkjur	37	41
2. Húsfreyjur bænda	37	39
3. Foreldrar hjóna á vist með þeim (allir yfir 60 ára)	16	17
4. Börn og fósturbörn hjóna á vist með þeim (yfir 16 ára)	22	40
5. do, (innan 16 ára)	118	100
6. Vinnumenn í ársvist *)	43	44
7. Vinnukonur í ársvist *)	45	39
8. Börn vinnuhjúa á dvöl með þeim	20	9
9. Húsfólk (bæði kyn)	4	19
10. Börn þess	1	11
11. Tökufólk (aðallega börn)	11	8
12. Niðursetningar á ýmsum aldri	1	6
Alls	355	373

*) Nokkur af þeim gift

Eitt hið athyglisverðasta við skýrslu þessa er *barnaþjöldinn*. Á árinu 1855 eru börn bænda og annarra, þar með talin tókubörn, samtals 150 af 355 íbúum eða 42%. Fimm árum síðar eru þau 128 af 373 íbúum eða tæp 35%, og er fækkunin vafalaust af þeim sökum, að á þessu árabíli gekk hér mjög skæð barnaveiki. Þá er og eftirtektarverð fjölgun *húsfólks* á þessu árabíli, og má það teljast fyrirboði þess, að á næstu árum á eftir er farið að byggja nýbýli yfir slíkar fjölskyldur, úti um afrétt og víðar, eins og frá er greint á öðrum stað.

Það má þykja bæði fróðlegt og umhugsunarvert, hvernig fólkstala í hreppnum um þessar mundir hefir *til jafnaðar* skiftst á býli sveitarinnar. Þess vegna hefi ég unnið upp úr manntalsskrám sr. Þorláks *meðaltöl* fólkstölu á hverjum bæ, á tímabilinu 1850 – 1870, sem hér birtist:

<i>Bæir</i>	<i>Fólkstala</i>
1. Hofstaðir	12,5
2. Geirastaðir	12,8
3. Vindbelgur	15,0
4. Syðri-Neslönd	9,0
5. Ytri-Neslönd	10,3
6. Hrauney (í byggð í 10 ár)	6,8
7. Grímsstaðir	15,0
8. Reykjahlíð	22,0
9. Hlíðarhagi (í byggð í 7 ár)	8,0
10. Austarasel (í byggð í 9 ár)	4,8
11. Vogar	19,7
12. Geiteyjarströnd	12,4
13. Kálfaströnd	18,2
14. Garður	13,4

15.	Grænavatn	26,7
16.	Skútustaðir	24,0
17.	Álftagerði	16,8
18.	Haganes	14,5
19.	Arnarvatn	22,8
20.	Sveinsströnd	17,7
21.	Litlaströnd	11,0
22.	Baldursheimur	13,3
23.	Krákárbakki	13,4
24.	Bjarnarstaðir	8,7
25.	Gautlönd	17,0
26.	Helluvað	10,9
27.	Stöng	8,1
28.	Hörgsdalur með Víðirholti, sem var í byggð í 2 ár	16,0

Mikill öldugangur er á fólkstölu sumra bæja, frá ári til árs á þessu tímabili. Mun þar miklu um valda, tilflutningur húsfólks, sem sjaldan var lengi í stað, og svo ábúendaskifti á ýmsum jarðapörtum, sem í leiguábúð voru. Eru slík ábúendaskifti ótrúlega tíð, eins og úttektabók hreppstjóra við slík skifti ber með sér, og hélst svo allt til aldamóta, þó fermur drægi af þeim, er nær leið aldarlokum. Ábúendunum fylgdi mjög mismunandi stórar fjölskyldur, og gat það valdið öldugangi á fólkstölu viðkomandi bæja. Þá var og sífelldur tilflutningur fólks, sem gekk í vistir hjá bændum, bæði út og inn úr hreppnum, en eigi mun það hafa valdið verulegum öldugangi á fólkstölu bæjanna.

Úttektargerðir þær, sem hér var vísað til, veita margvíslegar upplýsingar um kjör og lífsskilyrði þess fólks, sem þannig þurfti að sæta ábúðarskiftum með stuttu millibili, svo og glöggar upplýsingar um þann hóbýlakost, sem það átti við að búa, en ekki eru hér tók á að greina nánar frá þeim atriðum.

Af íbúatölu þeirri, sem hér var á umræddu tímabili, þ.e. 1850 – 1870, telst mér til að börn innan 16 ára hafi að (jafnaði) meðaltali verið 39%. Er það geysihátt hlutfall, þegar höfð er hliðsjón af því, hve barnadauði var alltaf mikill og almennur um þær mundir. Fæðingatalan hlýtur því að hafa verið mjög há. Aftur á móti kemur fram, að fólk yfir 70 ára aldur hefur ekki náð 3% af íbúatölunni að meðaltali á þessu tímabili. Er það lágt hlutfall, miðað við það, sem síðar hefir komið fram, og bendir til þess að tiltölulega fátt fólk hafi náð gamalsaldri.

II. Við bls. 43 [í frumhandriti]- um fundahöld í Haganesi:

Í sambandi við frásögn um að á árunum 1870 – 1880 hafi stöku sinnum verið skemmti- og fróðleiksfundir með ungu fólki í lítilli stofu í Haganesi, hefir láðst að geta þess að á sama stað hafði Jakob Hálfðánarson haft forgöngu að því að halda *sunnudagaskóla*, þar sem ungu fólki var gefinn kostur á að æfa sig í reikningi, rétttritun o.fl. Engar skráðar heimildir eru um þetta, en munnmælin eru vafalaust ekki tilhæfulaus. Er Jakob talinn hafa veitt þarna tilsögn, og einnig Jón Jónsson, Árnasonar á Skútustöðum (d. 1879) en trúlega hafa fleiri komið þar við sögu. Vafalaust hefir hér ekki verið um víðtækt nám að ræða, en gat þó orðið þeim að nokkru liði, sem höfðu dáð til að stunda það.

Engin vitneskja liggur fyrir um það, hvort nokkurt samband hefir verið milli þessa sunnudagaskólahalds, og skemmtifunda þeirra, sem um getur á sama stað. Er þó nokkur ástæða til að ætla, að „skólahaldið“ hafi verið fyrir á ferð - jafnvel fyrir eða um 1870 - því eftir að Menntafélagið gekkst fyrir skipulegum unglingskóla, upp úr 1875, var minni ástæða til að halda uppi annarri tilsögn fyrir unglinga.

Ýmsar samþykktir

Í fyrsta kafla þessara þátta er gerð nokkur grein fyrir því, að á áratugnum 1870 – 1880 hafa kröfur manna til lifnaðarháttá og lífsþæginda aukist allmjög frá því, sem áður var. Kom þetta einnig fram í því, að hjú og annað starfsfólk tók þá að gera hækkandi kröfur um kaup og fríðindi, samanber það sem frá er sagt í þættinum um félagslíf og menningarmál, um samtök vinnuhjúa. Þó batnandi verzlunarjafnvægi hefði í rauninni átt að geta staðið undir töluvert hækkandi útgjöldum bænda af þessum sökum, er ekki hægt fyrir það að synja, að búhagur þeirra hafi ekki að öllu getað undir þeim risið. Svo hefir þeim að minnsta kosti fundizt sjálfum, eftir því sem ráða má af viðbrögðum þeirra og mótleikjum gegn þessari hækkunaröldu. Viðbrögð þessi komu einkum fram veturinn 1880, í almennum fundahöldum bænda, þar sem hafin voru samtök, og samþykktir gerðar um all harkalegt viðnám gegn þeirri hættu, sem bændur álitu sér stafa af vaxandi eyðslu og kaupkröfum.

Uppþök þessara samtaka má rekja til almenns sveitarfundar, sem haldinn var á Skútustöðum 31. marz 1880. Mættu þar „flestallir búandi menn hreppsins, og nokkrir menn ógiftir“. Þar voru meðal annars teknar til umræðu uppástungur um ýmis samþykktaratriði, og kannað fylgi manna við þær, með tilliti til ákvarðana og skuldbindinga um þær síðar. Fjölluðu uppástungurnar um þessi atriði:

1. Afnám verzlunarskulda á næstu 3 árum.
2. Um kaupgjald og hjúahald.
3. Um takmörkun á kaffineyzlu, eða jafnvel algert afnám.

Mestar umræður virðast hafa orðið um síðast talda atriðið, og allmikill ágreiningur um, hversu langt skyldi gengið í takmörkuninni. Virðist brátt hafa komið fram, að ákvarðanir um þetta atriði, né önnur, sem nefnd voru, myndi ekkert *almennt* samþykktargildi hafa, nema þá ef allir fylgdust að um þau. Brá því fundurinn á það ráð að kjósa tvær þriggja manna nefndir til að gera tillögur til ákvörðunar á öðrum fundi, er einnig skyldi boða húsmæðrum, og væri ákvarðanir hans einungis skuldbindandi fyrir þá, sem undir þær rituðu. Sá fundur var haldinn að Haganesi 1. maí sama ár og fyrr getur. Voru þar lögð fram frumvörp að skuldbindingum, varðandi þau atriði, sem áður var lýst. Engin greinargerð er um umræður eða undirtektir, en undir frumvörpin hefir sennilega ritað allt það fólk, sem fundinn sat, þó reyndar sé ekki hægt að fullyrða, að enginn af þeim sem þar voru, hafi skorizt úr leik. Að sjálfsgöðu náðu þær samþykktir ekki nema til þeirra, sem undir þær rituðu.

Engar heimildir eru fyrir hendi um það, hvernig samþykktarákvæði þessi voru haldin, eða þeim framfylgt. Í rauninni voru þau í ýmsum atriðum of kröfuhörð til þess að við þau yrði haldið, ef hagur manna rýmkaðist, en það var reyndar skammt undan, með bættri verzlun við tilkomu kaupfélagsins, og sauðaútflutning. Hins vegar má ætla, að samtök þessi hafi veitt allmikið aðhald, um lengra tímaskeið, gagnvart eyðslu og óhófi.

Að öllu athuguðu þótti rétt að henda ekki samþykktum þeim, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, í glatkistuna, heldur eiga samfellt afrit af þeim á einum stað. Kemur þar til, að sumar þeirra varða skipulag félagslegra eða sameiginlegra verkefna þess tíma, en í öðrum speglast barátta milli tveggja stétta í sveitarfélaginu, þ.e. húsbænda og verkafólks.

Samþykktir um afnám verzlunarskulda

1. grein Það er vort mark og mið að afnema gjörsamlega allar verzlunarskuldir, og koma því lagi á, að verzla jafnan skuldlaust, þannig að sumarinleggið kvitti jafnan vor- og sumarúttektina, og haustinnleggið haustúttektina. En sé nokkur vetrarverzlun, þá sé hún kláruð og kvitt

- jafnóðum og hún er gerð. Þessu viljum vér koma á til fulls innan þriggja ára, svo vér séum alveg skuldlausir um nýár 1883.
2. grein Til þess að ná þessu takmarki skuldbindum vér oss til:
 - a) að bindast, svo sem unnt er, allra óþarfakaupa, svo sem um munaðarvöru (kaffi, sykur, tóbak og vínföng), kramvöru alls konar, sömuleiðis að kaupa sem minnst vér getum komizt af með af þeim vörutegundum, sem að nokkru leyti eru nauðsynjavörur, svo sem timbur, ljósmeti, litur, sápa o.fl.
 - b) að leitast við á allan hátt að versla sem haganlegast með vörurnar og sæta þeim beztu verzlunarkjörum, sem unnt er að fá hverju sinni.
 - c) að halda sem bezt til haga öllum innleggstegundum vorum, og drýgja þær svo sem unnt er með tövöru. Svo viljum vér og verja ákveðinni skepnotölu til skuldalúkningar ár hvert, eftir skuldarupphæð og verzlunarmagni hvers eins, þar til skuldunum er að fullu lokið.
 3. grein Eigi einhver félagsmaður afgangs í reikningi sínum, og þarf ekki á því að halda í bráð, er hann skyldur að lána það öðrum félagsmanni, er hann kýs, hálf ár í senn, gegn öruggu lausafjárveði.
 4. grein Kjósa skal 3 menn, er hafi þann starfa á hendi að yfirfara alla reikninga félagsmanna um hvert nýár. Skulu þeir gera útdrátt úr reikningunum yfir úttekt hvers eins og greina í sundur nauðsynjavörur og ónauðsynlegar, svo og um innleggsupphæðir hver eins. Þeir skulu og gæta þess, að skuldir hafi minnkað um að minnsta kosti þriðjung hvert ár. Verði það þá ljóst, að einhver hafi eigi fullnægt þessum ákvörðunum, skal hann áminntur á fundi, og ef hann eigi færir sennilegar orsakir sér til málsbóta, skal hann rækur úr félaginu.

Undir þessarri samþykkt standa eftirtalin nöfn: Marteinn Halldórsson (Hofsstöðum), Jakob Hálfðánarson (Grímsstöðum), Jón Pétursson (Reykjahlíð), Sigurgeir Pétursson (Reykjahlíð), Guðni Ásmundsson (Vogum), Sigurður Jóhannesson (Geiteyjarströnd), Helgi Jónsson (Geiteyjarströnd), Sigurgeir Jónsson (S.st.), Sigurður Tómasson (Kálfaströnd), Hallgrímur Pétursson (Grænavatni), Þorlákur Jónasson (Grænavatni), Helgi Guðlaugsson (Haganesi), Jón Jónsson (Arnarvatni ?), Sigurjón Guðmundsson (Litluströnd), Jón Sigurðsson (Gautlöndum), Kristján Jónsson (Stöng), Sigfús Jónsson (Helluvaði) og Jónatan Jónsson (Hörögsdal).

Afgreitt á fundi að Haganesi 1. maí 1880

Samþykkt um takmörkun á kaffibrúkun

1. grein Það er mark og mið vort, sem hér undirritum nöfn vor, að minnka kaffikaup vor allt að því um helming, með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem hér fara á eftir.
2. grein Kaffi má veita heimilismönnum aðeins á sunnudögum, stórhátíðum og öðrum löghelgum dögum, árið um kring. Kaffi má og veita við sérstök tækifæri, svo sem í brúðkaups- og skírnarveizlum, afmælisveizlum og öðrum sérstökum tyllidögum; sömuleiðis þegar menn ganga að sérstökum vosbúðar- eða stritverkum.
3. grein Kaffi má aðeins veita fágætum gestum, en alls eigi heimagöngum, eða þeim sem jafnaðarlega fara um, lausamönnum né landhlaupurum.
4. grein Sé heilsufari eða geðsmunum einstakra manna þannig varið, að þeir geti ekki án þess verið að neyta kaffis daglega, skulu húsbændur þeirra sjá svo fyrir, að þeir annaðhvort hafi kaffið út af fyrir sig, eða ef þeir veita þeim það sjálfir, þá sé svo með það farið, að það valdi engu hneyksli á heimilinu.

Undir framanritaða samþykkt skrifuðu:

Jón Sigurðsson, Sólveig Jónsdóttir (Gautlönd)
Jón Pétursson, Þuríður Jónasdóttir (Reykjahlíð)
Þorlákur Jónasson, Krístrún Pétursdóttir (Grænavatn)
Marteinn Halldórsson, Kristín Jónsdóttir (Hofsstaðir)
Sigurjón Kristófersson, Helga Jónsdóttir (Ytri-Neslönd)
Jakob Hálfðánarson, Petra Kr. Pétursdóttir (Grímsstaðir)
Jón Hinriksson, Sigríður Jónsdóttir (Helluvað)
Helgi Guðlaugsson, Arnfríður Jónsdóttir (Haganes)
Jón Þorsteinsson, Aðalbjörg Sveinsdóttir (Vindbelgur)
Helgi Jónsson, Guðbjörg Ásmundsdóttir (Geiteyjarströnd)
Sigurður Magnússon, Guðfinna Sigurðardóttir (Arnarvatni)
Sigurgeir Pétursson (Reykjahlíð), Árni Jónsson (Garður)
Sigurgeir Jónsson (Geiteyjarströnd), Guðni Ásmundsson (Vogar)
Sigurður Tómasson (Kálfaströnd), Kristján Jónsson (Stöng)
Hallgrímur Pétursson (Grænavatn), Pétur Guðmundsson (s.st.)
Jón Jónasson (s.st.), Kristján Gamalíelsson (Álftagerði)
Sigurður Ásmundsson (Bjarnarstaðir)
Afgreitt á fundi að Haganesi 1. maí 1880

Samþykkt um greiðasölu

gerð á einhvers konar bændafundi 18. maí 1880

Undirritaðir búendur í Skútustaðahreppi gera hér með að upptekinni reglu fylgjandi greinar:

1. Upp frá þessum degi, þ.e. 18. maí 1880, verður á heimilum vorum engum lausamanni eða umferðamanni, er eigi sannar nauðsyn ferðar sinnar, veittur beini af nokkurri tegund, nema móti borgun af lausamönnum, en þeir einir undan skildir, sem láns þurfa af sjóði sveitar vorrar, eða eru í skuld við hann.
2. Aldrei neitum vér neinum manni um húsaskjól, er leitar þess í sjáanlegri nauðsyn, en eigi skuldbindum vér oss til að láta úti við það, sem oss er meinlegt að missa, nema mikil nauðsyn þeirra kalli eftir.
3. Aðkomumaður skal sjálfur segja til um hvað hann vill af oss kaupa; að öðrum kosti verður honum enginn beini borinn, eða nokkur afskipti höfð af þörfum hans.
4. Verðlag þess er gestur vill kaupa er á þessa leið:

a) Morgunverður, eins og vér útlátum heimamönnum	30 aura
b) Miðdagsverður	30 aura
c) Kvöldverður (væta aðeins)	10 aura
d) Kaffibolli	10 aura
e) Rúm og gisting	5 aura
f) " " og ef þurrka þarf plögg	10 aura
5. Vilji aðkomumaður vinna nokkuð, og geri það þá stund, er hann dvelur á heimilum vorum, verður það metið eftir viðteknu verðlagi til afborgunar beina þeim, er hann meðtekur.

18. maí 1880

Jakob Hálfðánarson (Grímsstöðum); Jón Pétursson (Reykjahlíð); Jón Sigurðsson (Gautlöndum); Pétur Jónsson (Gautlöndum); Helgi Guðlaugsson (Haganesi); Marteinn Halldórsson (Hofsstöðum); Sigurgeir Pétursson (Reykjahlíð); Þorlákur Jónasson (Grænavatni); Jón Þorsteinsson (Vindbelg); Árni Jónsson (Garði); Jón Hinriksson (Helluvaði); Sigurjón Kristófersson (Neslöndum); Jón Jónsson

(Arnarvatni); Sigurður Magnússon (Arnarvatni); Sigurjón Guðmundsson (Litluströnd); Sigfús Jónsson (Helluvaði); Pétur Guðmundsson (Álftagerði); Metusalem Guðmundsson (Stöng); Hallgrímur Pétursson (Grænavatni).

Eftirmáli skrásetjara

Það er bersýnilegt, að samþykkt þessi hefir verið sett til höfuðs „lausamönnum“, enda víst af öðrum heimildum (þar á meðal þætti þeim, sem á eftir fer) að búendum þótti meira en nóg um ágang þeirra - og þó einkum það, að þeir vildu halda nær öllum fríðindum ársjúa á heimilum, enda þótt þeir tækju miklu hærra kaup á ýmsum árstímum, en árskaupi svaraði. Í þessu ljósi verður að skoða samþykkt þá, sem að ofan greinir, sem annars er ekki líkleg til að hafa skapað gott andrúmsloft í sveitarfélaginu.

Frumvörp til samþykktar um hjúahald og kaupgjald

Formálsorð: Á sveitarfundi þeim, sem fyrr er til vitnað, hinn 31. marz 1880, kom málefni þetta til umræðu, en sú ein samþykkt gerð þar af fundarmönnum, að þeir hefði samtök um að greiða engum kaupamanni hærra kaup um slátt en kr. 2,50 á dag um fyrri hluta sláttar, og kr. 2,00 á dag síðari hluta sláttar (þ.e. 12 – 15 kr. á viku). Hins vegar virðist, af fremur óskipulegri fundargerð þessa fundar, að tilætlun hans hafi verið, að víðtækari samþykktir í þessum efnum yrði undirbúnað fyrir annan sveitarfund. Virðast einhverjir þrír menn (þ.á m. Jón Sigurðsson á Gautlöndum, af rithönd að dæma) hafa ritað drög eða uppástungur að slíkum samþykktum, hver í sínu lagi. Engar heimildir finnast fyrir því, að frumvörp þessi hafi gengið undir atkvæðagreiðslu til samþykktar á fundi. Ei að síður má telja víst, að uppástungur þessar sýni nokkurn veginn raunsanna mynd af því sem við gekkst í þessum efnum um þær mundir, og um leið, hvað bændur treystust þá til að greiða eða láta úti í þessum viðskiftum. Af þeim ástæðum þykir ekki illa til fallið að gera hér útdrátt um aðalatriði þessara tillagna. Um ýms atriði ber þeim töluvert í milli, og er þess þá getið.

1. **Kaupgjald um slátt.** Þar ber tillögnum saman um, að ákvörðunin, sem um er getið í formálsorðunum, standi óbreytt.
2. **Árskaup vinnumanna.** Lægsta uppástungan er að það verði 80 – 100 krónur, en sú hæsta er um 110 – 120 krónur. Svo hátt kaup mun þó hvergi hafa verið greitt um þær mundir, og ber hér furðulega mikið í milli.
3. **Árskaup vinnukvenna.** Um það er ekkert tiltekið í einu frumvarpinu, en í hinum ber það í milli, að í öðru er stungið upp á að það verði helmingur af kaupi sambærilegs karlmanns, en í hinu að það verði 5/8 hlutar. Eftir því sem bezt verður vitað, var almennast venja, bæði fyrir og eftir þennan tíma, að konur hefði hálf kaup á við karlmenn, og var svo einnig um kaupafólk. Hér er því brotið upp á nýrri venju, en sem lítið fylgi mun hafa hlotið.
4. **Fríðindi ársjúa,** auk fæðis og þjónustu að sjálfsögðu, voru plögg „til handa og fóta“, eftir þörfum. Ekki mun hafa verið óalgengt, að kaup muni hafa verið bætt upp með einhverri flík, ef verðleikar þóttu standa til, en ekkert minnst frammannefndar uppástungur á slíkt.
5. **Kindafóður** hjúa skyldi þeim metin til útgjalda eftir gildandi verðlagsskrá. Ef vinnumaður hafði skepnur, er hann lagði til hey, skyldi hann greiða húsbónda 50 – 100 aura á kind fyrir hús, hirðingu og hagbeitt (og sennilega fjallskil), en 4 kr. fyrir hross.
6. **Vinnutími** um slátt skyldi vera 12 stundir á dag, en 10 stundir vor og haust. Um þetta ber öllum tillögnum saman. Uppástunga kemur fram um það, að ef nauðsyn krefst þess að vinnutími sé lengdur, t.d. við að bjarga heyi, eða annað þvílíkt, láti húsbóndi þá aukavinnu koma til frádráttar

annan dag.

7. **Helgidagavinna.** Í uppástungunum kemur fram yfirlýsing um, að húsbóndi eigi ekki rétt á annarri vinnu af hálfu hjúa á helgidögum en hirðingu búfjár, þegar það er í gæzlu. Sé önnur vinna ei að síður framkvæmd, þá að beiðni húsbónða, beri honum að greiða sérstaklega fyrir hana.

Reglugerð fyrir Skútustaðahrepp um hrossagöngur á Austurfjöllum Samþykkt á hreppaskilapingi 1880.

Formálsorð: Austurfjöll voru eitt af þremur haldreipum menningarframtaksins í Mývatnssveit, að sögn Jóns gamla Tómassonar. Þetta byggðist á að á Austurfjöll settu Mývetningar meginþorra alls þess hrossafjölda, sem búskaparhættir þeirra kröfðust, til göngu á vetrum og létu þá ganga þar meðan fært var. Lítið skipulag mun löngum hafa verið á göngum þangað, en þegar hér var komið, þótti mál til komið að koma föstu skipulagi á þessi mál, eins og eftirfarandi reglugerð ber glöggvitni um. Stóð hún óbreytt að kalla meðan hrossum hér var komið til göngu á Austurfjöllum, eða fram yfir 1920.

1. grein Allir Mývetningar, sem hross hafa á Austurfjöllum til vetrargöngu, skulu hérefrir vera í einu gangnafélagi, og skyldir að fylgja reglum og ákvörðunum sem settar eru, eða settar kunna að verða um vetrargöngur á fjöllin.
2. grein Eigendur eða umráðamenn fjallanna mega eigi leyfa nokkrum manni að hafa hross á þeim að vetrarlagi, nema hlutaðeigandi skuldbindi sig til að fullnægja að öllu leyti þeim reglum og samþykktum, sem viðteknar eru í félaginu. Enginn utansveitarmaður má fá leyfi til að hafa hross á fjöllum, nema hann sanni fyrir forráðamönnum þeirra, að hann hafi fengið áreiðanlegan mann, búsettan innansveitar til að hirða hrossin, og fullnægja að öðru leyti þeim skyldum, sem gilda um hrossagöngur á fjöllin. Fjallamenn og Keldhverfingar eru undanþegnir þessum ákvörðunum.
3. grein Nú sleppir einhver hrossum á fjöllin í óleyfi, og fullnægir eigi þeim ákvörðunum, sem settar eru, eða settar kunna að verða um hrossagöngur þangað, og má þá fara með hross hans sem annan óskilapening.
4. grein Jafnaðarlega skal gera þrennar göngur á fjöllin á hverjum vetri. Hinar fyrstu á Jólaföstu, til að halda hrossunum saman, og færa þau í gönguna. Aðrar milli jóla og miðs vetrar, til að taka það af hrossum, sem nauðsyn ber til, og hinar þriðju einhvern tíma á útmánuðum, eftir því sem til hagar um tíðarfar. Aukagöngur skal því aðeins gera, að brýna nauðsyn beri til, enda hafi ekki færri en 5 félagsmenn beiðst þess.
Ákvörðunum þessum um gangnatíma má þó víkja við þannig, að gengið sé fyrir eða síðar, eftir því sem tíðarfari og öðrum kringumstæðum hagar í hvert skifti.
5. grein Niðurröðun gangnamanna skal jafnaðarlegast haga svo sem hér segir:
Fyrir 3 – 4 hross skal leggja til einar göngur
Fyrir 5 – 6 hross skal leggja til tvennar göngur
Fyrir 7 – 9 hross skal leggja til þrennar göngur
Nú virðist gangnastjóra svo sem of fáir menn verði til þess að ganga fjöllin eftir þessum reglum, og skal hann þá kveðja þá til, sem færri hross eiga, að leggja saman hverja tvo í einar göngur, þannig, að sá sem á 2 hross leggi til mann, en sá sem 1 hross á, nesti og annan útbúnað.
6. grein Nú tapast hross á fjöllum milli gangna, og þykir hætta búin að það farist áður en næstu göngur eru gerðar. Skal þá félagið kosta leit eftir

hrossinu, allt að helmingi á móti eiganda þess. Jafnaðarlega skal ekki senda nema 2 menn í slíkar aukaleitir, og kveður gangnastjóri einhvern gangnaskyldan félagsmann, sem bezt þykir til fallinn að leggja til leitarinnar, móti eiganda hrossins. Sá sem leggur til mann í leitina, fríast við næstu göngur, en eigandi ekki, sé hann gangnaskyldur. Fáist enginn til að leggja til í téðar aukaleitir, eða hafi allir félagsmenn aflokið ákveðnum skyldugöngum, skal gera leitina á kostnað alls félagsins, en ávallt skal þó sá, er leitarinnar beiðist, kosta hana að helmingi.

7. grein Hver félagsmaður, sem aðeins á 1 hross eða tvö á fjöllunum, á heimtingu að það sé tekið og hirt fyrir hann, nema svo standi á, sem segir í 5. grein, að leggja þurfi saman til gagnanna, en greiða skal hann 2 krónur fyrir hvert hross um leið og hann fær það heim til sín. Enginn má taka hross af öðrum, eða fyrir annan mann til að fría þann sama við göngur, eða léttu göngur á sjálfum sér, svo að göngum fækki fyrir þá sök. Svíkist nokkur alveg um göngur eða leggi eigi til þeirra eins og mælt er fyrir af gangnastjóra, eða sé óskilahross tekin á fjöllunum og hirt, skal greiða tvöfalda borgun fyrir hvert hross. Gjald það, sem ákveðið er í þessarri grein, innheimtir gangnastjóri, og skal hann verja því fé til aukaleita þeirra, sem um er rætt í 6. grein og til annarra félagsstarfa.
8. grein Til gangnamanna skal ávallt leggja fullröska menn og vel útbúna að fötum og nesti. Álíti gangnastjóri einhvern, sem sendur er í göngur, ekki liðtækan, eða ekki forsvaranlega útbúinn, eða ef hlutaðeigandi gangnamenn mótmæla að taka einhvern gildan í göngur, skal þegar gera hann afturreka, og svo álíta, sem húsbóndi hans hafi engan lagt til gangna í það skifti.
9. grein Í hvert skifti, sem göngur eru gerðar, skal gangnastjóri nefna þann af gangnamönnum, er hann treystir bezt til að stjórna göngunni, og ber hinum öðrum gangnamönnum að sýna honum ótakmarkaða hlýðni í öllu því, er að göngunni lýtur.
10. grein Hreppsnefndin hefir stjórn félagsins á hinn sama hátt og með sömu skyldum og réttindum sem aðalfjallskilastjórn hreppsins. Hún kýs einn mann úr sínum flokki til að hafa alla aðalstjórn og framkvæmdir á hendi í félagsins þarfir, og nefnist hann gangnastjóri á Austurfjöllum.
11. grein Eigendur eða umráðamenn fjallanna skulu á hverju hausti semja greinilega skýrslu um þá, er hross eiga á fjöllunum, og hvað mörg hver á, og senda hana gangnastjóra eigi síðar en um Allraheilagramessu. Eftir þessari skýrslu raðar gangnastjóri niður göngunum, og ákveður hvað hverjum ber að leggja til þeirra. Skal auglýsa hlutaðeigendum það í hvert skifti á þann hátt, sem bezt þykir henta.
12. grein Gangnastjóri skal ávallt ráðfæra sig við hina kunnugustu félagsmenn um það, hverjir til gangna skulu leggja í hvert skifti og hvernig göngunum skuli haga. Getur hann kvatt menn til fundar í því skyni, ef honum þykir nauðsyn til bera. Það skal vera aðalregla, að þeir, sem eiga ókunnug hross á fjöllunum eða vanmetaskepnur, svo sem folaldshryssur eða ungtryppi, sem líklegt er að snemma þurfi að taka í hús, eða sem kunna að flækjast úr göngunni - skuli leggja til hinna fyrstu gangna, ásamt þeim, er svo mörg hross eiga, að þrennar göngur þurfi að gera. Nú virðist hreppsnefndinni svo, sem fjöllin verði eigi gengin svo rækilega, sem með þarf, sökum mannfæðar, eftir þeim reglum, sem settar eru hér að framan, og skal hún þá herða gangnatillögin, eða jafna niður aukatillögum til gagnanna eftir þörfum.
13. grein Brot gegn þessum reglum og hverjum öðrum reglum er settar kunna að verða um hrossagöngur á Austurfjöll, varða sömu sektum, sem almennt gangnarof (2 – 10 krónur). Ákveður hreppsnefndin sektirnar, og renna þær í hreppsjóð, eins og hverjar aðrar gangnarofssektir.

14. grein Uppástungur til breytinga á þessari reglugerð má aðeins bera upp á vor eða hausthreppaskilapöngum. Hafa allir hreppsþúar, sem kjörgengir eru í hreppsnefnd, atkvæðisrétt, en aðrir ekki. Breytingar þær, sem stungið er upp á, ná því aðeins gildi, að 2/3 þeirra, sem á fundi eru, og atkvæðisrétt hafa, aðhyllist þær.

Opinberum störfum í Mývatnssveit gengdu þessir menn á 19. öld

I. Prestsþjónusta

1. Jón Þorsteinsson, Reykjahlíð
f. 1781, d. 14/6 1862 1815 – 1849
2. Þorlákur Jónsson, Skútustöðum
f. 18/9 1812, d. 3/12 1871 1842 – 1871
þar af aðstoðarprestur föður síns 1842 – 1849
3. Jón Þorsteinsson (Pálssonar frá Hálsi)
f. 22/4 1849, d. 7/5 1930 1874 – 1877
4. Magnús J. Skaftason (fór til Ameríku)
dvaldi aldrei í sveitinni 1878 – 1879
5. Stefán Jónsson (Sveinssonar frá Mælifelli)
f. 14/10 1847, d. 9/2 1889 1879 – 1881
6. Stefán Sigfússon (fór til Ameríku)
f. 9/7 1848, d. 15/12 1906 1881 – 1887
7. Árni Jónsson, Skútustöðum
f. 9/7 1849, d. 27/2 1916 1888 – 1913

II. Hreppstjórástörf

1. Jón Jónsson, Grænavatni
f. 4/3 1816, d. 22/5 1866 1850(?) – 1857
2. Jón Sigurðsson, Gautlöndum
f. 11/5 1828, d. 26/6 1889 1858 – 1889
3. Jón Stefánsson, Litluströnd
f. 1/6 1851, d. 23/6 1915 1889 – 1915

III. Sýslunefndarstörf

1. Jón Sigurðsson, Gautlöndum
f. 11/5 1828, d. 26/6 1889 1875 – 1878
sami, kosinn síðar 1883 – 1889
2. Jakob Hálfðánarson, Grímsstöðum
f. 5/2 1836, d. 30/1 1919 1879 – 1882

IV. Hreppsnefndarstörf

1. Metusalem Magnússon, Arnarvatni 1874 – 1878
2. Helgi Jónasson, Vindbelg 1874 – 1876
3. Jón Jónsson, Hofsstöðum 1874 – 1879
4. sr. Jón Þorsteinsson, Skútustöðum 1874 – 1878
5. Jakob Hálfðánarson, Grímsstöðum 1874 – 1878
6. Jón Sigurðsson, Gautlöndum 1877 – 1888
7. Jón Pétursson, Grænavatni (Reykjahlíð) 1879 – 1882
8. Helgi Guðlaugsson, Haganesi 1879 – 1881
9. Hallgrímur Pétursson, Grænavatni (Vogum)
- sami 1880 – 1885
1893 – 1897
10. Jón Hinriksson, Helluvaði 1880 – 1885
11. Sigurður Magnússon, Arnarvatni 1882 – 1891
12. Hjálmar Helgason, Syðri-Neslöndum 1883 – 1888
13. Sigurður Jónsson, Baldursheimi 1886 – 1891
14. Sigurjón Kristófersson, Grímsstöðum 1886 – 1893
15. Pétur Jónsson, Gautlöndum 1889 – 1903
16. Árni Jónsson, próf., Skútustöðum 1889 – 1903
17. Guðni Ásmundsson, Grænavatni 1892 – 1897

- | | |
|--|-------------|
| 18. Sigurgeir Pétursson, Reykjahlíð | 1892 – 1893 |
| 19. Helgi Jónsson, Grænav. (Tók við af Sigurg. Pét.) | 1894 |
| - sami | 1900 – 1918 |
| 20. Stefán Stefánsson, Ytri-Neslöndum | 1895 – 1900 |
| 21. Steinþór Björnsson, Litluströnd | 1898 – 1915 |
| 22. Árne Flóventsson, Hörgsdal | 1898 – 1903 |

V. Oddvitar hreppsnefndar

- | | |
|------------------------------------|-------------|
| 1. Metusalem Magnússon, Arnarvatni | 1874 – 1878 |
| 2. Jón Sigurðsson, Gautlöndum | 1879 – 1888 |
| 3. Árne próf. Jónsson, Skútustöðum | 1889 – 1913 |